**allt**



Elsa Karen:

*Fékk hnakk með slaufum í jólagjöf*

• nám • börn

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

Eurovision:

*Tregablandið stuðlag*

• heimsfrægur textahöfundur leggur þorvaldi lið

SÍÐA 30 ▶








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. mars 2005 – 59. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

**MIÐVIKUDAGUR**



**BENSÍNIÐ HÆKKAR** Stóru olíufélögin þrjú hækkuðu öll eldsneytisverð um mánaðamótin. Magnús Ásgeirsson hjá Esso segir ástæðuna fyrir hækkuninni vera hærra heimsmarkaðsverð. **Sjá síðu 2**

**STAÐFESTU UMBOÐ BORGARSTJÓRA** Fulltrúi Vinstri-grænna þakkaði borgarstjóra fyrir að vinna vinnuna sína með því að skrifa undir viljayfirlýsingu um sölu Landsvirkjunar. Sjálfstæðismenn vildu að gengið yrði til atkvæða um yfirlýsinguna en tillögunni var vísað frá. **Sjá síðu 2**

**FÁTÆK BÖRN Í RÍKUM RÍKJUM** Börn á Norðurlöndum búa við mesta hagsæld jafnaldra sinna í OECD-ríkjunum en bandarísk einna minnsta. Misskipting fer vaxandi í iðnríkjum heims. **Sjá síðu 4**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÞYKKNAR SMÁM SAMAN UPP** Dálítil súld vestan til og á Suðausturlandi, einkum síðdegis. Hiti yfir frostmarki syðra annars vægt frost. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**KEPPT Í HANDBOLTA** Tveir leikir fara fram í DHL-deild karla í handbolta í kvöld. ÍR-ingar taka á móti Haukum í Austurbergi og lið HK fer til Eyja og leikur við heimamenn í ÍBV. Leikirnir hefjast klukkan 19.15.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 26 | Myndlist | 24 |
| Tónlist | 24 | Íþróttir | 20 |
| Leikhús | 24 | Sjónvarp | 28 |







# Með tugi kílóa í farangrinum

**Íslenskir ferðamenn nota undanþágu fyrir vísindaleiðangra til að komast inn í landið með mun meira magn matvæla en leyfilegt er. Tollstjóraembættið á Keflavíkurflugvelli hefur ekki séð ástæðu til að stöðva þetta.**

**MATVÆLI** Nokkuð er um að Íslendingar hafi með sér tugi kílóa af erlendri matvöru þegar þeir snúa heim úr ferðalögum í Bandaríkjunum og Evrópu. Lög kveða skýrt á um að ekki megi flytja meira en þrjú kíló matvæla til landsins en reglugerð sem hugsuð var fyrir vísindaleiðangra hefur verið túlkuð vítt svo að fólk geti haft matvælin með sér inn í landið.

Kári Gunnlaugsson hjá Tollstjóraembættinu í Keflavík segir að ekki hafi verið amast við því að fólk flytji meira inn en nemur almennu heimildinni í lögum. Undanþága frá takmörkununum er fyrir hendi og þarf þá að greiða 125 krónur fyrir hvert kíló umfram leyfilegt hámark innfluttra matvæla. Kári segir að strangt til tekið eigi reglugerðin aðeins við um sérstök tilfelli, svo sem þegar vísindaleiðangrar koma til landsins, en henni hefur verið beitt í innflutningi fleiri einstaklinga þó að þeir falli ekki undir hana.

Kári segir að það séu aðallega flugáhafnir og fólk sem ferðast mikið sem nýti sér umrædda undanþágu, tollstjóraembættið hafi ekki séð ástæðu til að stöðva þennan innflutning þótt hann tengist vísindaleiðöngrum á engan hátt.

Fermingar eru í nánd og veit Fréttablaðið til þess að fólk hafi keypt inn í fermingarveislur á ferðalögum sínum vestur um haf. Viðmælandi Fréttablaðsins, sem er nýkominn frá Bandaríkjunum, segist hafa keypt tuttugu kíló af kjöti á rúmlega níu þúsund krónur og þar af hafi sex kílóa skinkubiti kostað um 845 krónur. Til samanburðar má geta þess að kílóið af skinku kostar um 700 krónur í lággjaldavöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu.

**- hj**

Íbúðalánasjóður:

## Áminntur af Kauphöll

**VIÐSKIPTI** Íbúðalánasjóður fékk formlega áminningu frá Kauphöll Íslands í gær fyrir að gefa ekki réttar upplýsingar um lánshæfismat. Kauphöllin telur sjóðinn hafa brotið gegn þremur ákvæðum reglna um skráningu í Kauphöll.



**GUÐMUNDUR BJARNASON**
Forstjóri Íbúðalánasjóðs.

„Við deilum ekki við dómarann,“ segir Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs. Hann segir að sjóðurinn viðurkenni mistök sín og muni standa betur að slíkum tilkynningum í framtíðinni.

Opinber áminning er eitt af úrræðum Kauphallarinnar ef reglur eru brotnar en einnig er hægt að beita fésektum.

**- þk**

**Sjá síðu 19**



FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR V. ANDRÉSSON

**KJARTAN MEÐ SELINN** Kjartan Kjartansson sjómaður fékk sjaldgæfan sel í net sem hann lagði fyrir grásleppu. Kjartan hefur stundað sjóinn frá barnæsku og vonast til að gera það til níræðisaldurs.

Trillukarl:

## Fangaði sel

**VEIÐAR** „Þetta er vöðuselskópur úr Norðuríshafi að nálgast fullorðinsár. Hann kemur svo sjaldan að ströndum landsins að ég þarf að láta Fiskistofu vita,“ segir Kjartan Kjartansson, fyrrverandi fangavörður, um sjaldgæfan sel sem hann fékk í grásleppunetin í gær.

Kjartan, sem verður 73 ára á árinu og hefur stundað sjóinn frá barnæsku, segist fá tvo seli í netin ár hvert að jafnaði.

„Sjórinn hefur alltaf togað í mig,“ segir Kjartan. „Ég fór fyrst á sjóinn níu ára og tókst að halda því áfram þó ég hafi starfað sem fangavörður í fangelsinu á Skólavörðustíg í 30 ár,“ segir Kjartan og bætir við að hann rói á hverjum degi og óski þess að geta dregið björg í bú til níræðisaldurs á trillunni Bjargfugli RE 55, sem hann gerir út frá Reykjavík.

**- jab**

Alþjóðleg ráðstefna um friðarferlið fyrir botni Miðjarðarhafs:

## Skref í átt að Palestínuríki

**PALESTÍNA** Fulltrúar Palestínumanna og alþjóðasamfélagsins sögðust í gær hafa komið sér saman um hagnýt skref í átt að stofnun sjálfstæðs Palestínuríkis. Samkomulagið, sem samþykkt var á alþjóðlegri ráðstefnu í Lundúnum í gær, nær til stjórnsýslu-, öryggis-, efnahags- og félagsmála.

Mahmoud Abbas, leiðtogi Palestínumanna, hét því að hrinda í framkvæmd róttækum umbótum á öryggissveitum heimastjórnarinnar, í því skyni að uppræta spillingu og bæta efnahagslegar batahorfur á heimastjórnarsvæðunum.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BLAIR OG ABBAS**
Alþjóðleg ráðstefna um framtíð Palestínu fór fram í Lundúnum í gær.

Á ráðstefnunni hétu fulltrúar alþjóðasamfélagsins að veita viðleitni Abbas stuðning. Kom fram að stuðningsríki hefðu heitið heimastjórninni 1,2 milljörðum dala, andvirði 73 milljarða króna, á þessu ári. Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagði að ekki aðeins Palestínumönnum, heldur allri heimsbyggðinni, væri hagur að samkomulaginu.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, lét svo ummælt að horfur á friði í deilu Ísraela og Palestínumanna hefðu á síðustu árum aldrei verið betri en nú. ■






## SPURNING DAGSINS

*Elsa, er þetta ekki of þjóðerniskennt nafn á félagi?*

**Auðvitað lítum við svo á að hjúkrunarfræðingar eins og aðrir sem koma frá öðrum löndum og kjósa að lifa hér og starfa verði hluti af okkur Íslendingum. Þeir geta því starfað með sóma undir heitinu Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.**

Elsa B. Friðfinnsdóttir er formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Æ algengara verður að erlent fólk starfi á sjúkrahúsum landsins. Hagsmunafélag hjúkrunarfræðinga ber því ekki einungis hag íslenskra hjúkrunarfræðinga fyrir brjósti.

Mið-Austurlönd:

# Þrýstingur vex á Sýrlendinga

**BEIRÚT, AP** Hundruð manna héldu áfram mótmælum í Beirút í gær, degi eftir að Omar Karami forsætisráðherra baðst lausnar fyrir ríkisstjórn sína. Mannfjöldinn krafðist þess að þeir 15.000 sýrlensku hermenn sem enn eru í landinu hefðu sig þaðan á brott og að Sýrlendingar hættu afskiptum af innanríkismálum Líbanons.

Á meðan situr stjórnarandstaðan á rökstólum og ræðir stöðuna. Leiðtogar hennar hafa krafist þess að hlutlaus bráðabirgðastjórn verði mynduð sem skipuleggja eigi þingkosningar í vor og rannsaki morðið á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra.

Sýrlendingar eru undir auknum alþjóðlegum þrýstingi um að draga herlið sitt í Líbanon til baka. Condoleezza Rice og Michel Barnier, utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Frakklands, hvöttu þá til þess arna á blaðamannafundi í Lundúnum í gær.

Forseti landsins, Emile Lahoud, hefur fengið sinn skerf af gagnrýninni en hann mun á næstu dögum ráðfæra sig við leiðtoga þjóðarbrotanna í landinu og skipa í framhaldi af því nýjan forsætisráðherra. ■



**MÓTMÆLT Í BEIRÚT**
Gárungarnir eru þegar farnir að kalla mótmælin sedrusviðarbyltinguna, rétt eins og atburðirnir í Úkraínu í haust nefndust appelsínubyltingin og valdaskiptin í Georgíu fyrir rúmu ári rósabyltingin.

Ólöglegar ráðningar:

# Rannsókn miðar skammt

**VINNUMARKAÐURINN** Rannsókn Ríkislögreglustjóraembættisins á ólöglegri ráðningu útlendinga á byggingarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu miðar skammt.

Þórir Oddsson, starfsmaður Ríkislögreglustjóra, segir að lögreglan sé að skipuleggja þessa rannsókn fram í tímann, til dæmis með tilliti til vakta. Í framhaldinu fari svo rannsóknin af stað og lögreglumenn fari á byggingarsvæðin til að skoða leyfi útlendinga og fyrirtækjanna sem þeir starfa hjá. Það fari eftir þjóðerninu hvaða réttindi menn hafa. - ghs



**FRAMSÓKN FYRIR FÓLKIÐ**
Flokksþing Framsóknar var haldið um síðustu helgi.

Skoðanakönnun:

# Framsókn aldrei lægri

**KÖNNUN** Framsóknarflokkurinn mælist með tíu prósenta fylgi í könnun Gallup. Fylgið er minna en flokkurinn hefur áður mælst með í könnunum Gallup.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 37 prósenta fylgi, þremur prósentustigum meira en í síðustu kosningum.

Fylgi Samfylkingarinnar dalar um tvö prósentustig frá síðustu könnun og mælist 32 prósent. Vinstri-grænir standa í stað með sextán prósent og Frjálslyndi flokkurinn með fjögur prósent.

Ríkisútvarpið greindi frá. - gag

Lóðaumsóknir:

# Tuttugu um hverja lóð

**HAFNARFJÖRÐUR** Rúmlega 1.300 einstaklingar og fyrirtæki sóttu um sextíu lóðir sem Hafnarfjarðarbær auglýsti lausar til umsóknar. Lóðirnar eru í fjórða áfanga Valla og ná yfir átta hektara svæði.

46 lóðum verður úthlutað til einstaklinga og barst 1.151 umsókn í þær, eða 25 fyrir hverja lóð. Aðsókn verktaka var einnig mikil þótt ekki væri hún jafn mikil og hjá einstaklingum, 158 verktakar sóttu um fjórtán lóðir. - bþg

# Borgarstjóri í rétti segja Vinstri-grænir

**Fulltrúi Vinstri-grænna þakkaði borgarstjóra fyrir að vinna vinnuna sína með því að skrifa undir viljayfirlýsingu um sölu Landsvirkjunar. Sjálfstæðismenn vildu að gengið yrði til atkvæða um yfirlýsinguna. Tillögunni var vísað frá.**

**BORGARSTJÓRN** Deilt var um það á fundi borgarstjórnar í gær, hvort Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri hefði haft umboð til að skrifa undir viljayfirlýsingu um að ganga til viðræðna við ríkið um sölu á hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun.

Sjálfstæðismenn vildu að gengið yrði til atkvæða um viljayfirlýsinguna, vegna efasemda Vinstri-grænna um söluna, en þeirri tillögu var vísað frá. Guðlaugur Þór Þórðarson, borgarfulltrúi sjálfstæðismanna, sagði augljóst að borgarfulltrúar R-listans þyrðu ekki að greiða atkvæði um þetta mál, sem þýddi að borgarstjórinn hefði ekki haft umboð til undirskriftarinnar. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, sagði ótrúlegt að borgarstjóri þyrði ekki að setja eigin viljayfirlýsingu undir dóm borgarstjórnar. Slíkt staðfesti vandræðagang og klofning innan R-listans um málið.

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi R-listans fyrir hönd Vinstri-græna, sagði borgarstjóra hafa fengið umboð borgarráðs í apríl í fyrra og þakkaði borgarstjóra fyrir að vinna vinnuna sína. Vakti það undran borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks. Helgi Hjörvar minnti á að umboð borgarstjóra hefði einnig verið samþykkt af fulltrúum Sjálfstæðisflokks í borgarráði og undraðist því að minnihlutinn væri að efast um umboð borgarstjóra nú.

Björk segir að einungis sé um að ræða viljayfirlýsingu um að fara í viðræður um söluferlið og gerir ráð fyrir að ýmislegt verði skoðað í því ferli, viðræður hljóti að taka mið af því sem hefur verið í umræðunni að undanförnu. Meðal þess sem rætt var á fundi borgarstjórnar í gær, var sá möguleiki að selja ekki hlut borgarinnar í Landsneti, sem á grunnnet Landsvirkjunar, þar sem slíkt gæti þýtt að Orkuveita Reykjavíkur þyrfti að kaupa sig inn á net keppinauts í framtíðinni.

Hvað varðar tillögu sjálfstæðismanna um að ganga til atkvæða um viljayfirlýsinguna sagði Björk í samtali við Fréttablaðið að hún hefði einungis verið sett fram til að ala á tortryggni og sundrung sem væri ekki til staðar.

svanborg@frettabladid.is



**Á FUNDI BORGARSTJÓRNAR**
Helgi Hjörvar, borgarfulltrúi R-listans, vill ræða hvort halda eigi eftir hlut borgarinnar í Landsneti, við sölu á hlut hennar í Landsvirkjun, til að gæta hagsmuna borgarbúa.



**JOSEPH RATZINGER KARDÍNÁLI**
Hann átti fund með páfanum í gær.

Páfinn braggast:

# Talaði tvö tungumál

**VATÍKANIÐ, AP** Jóhannes Páll II páfi er allur að hressast eftir hálsaðgerðina sem hann gekkst undir í síðustu viku. Hann fundaði með háttsettum þýskum kardínála í gær og ræddi við hann bæði á þýsku og ítölsku.

Kardínálinn upplýsti ekki nánar hvað þeim páfanum fór í milli eða hversu lengi þeir ræddu saman en yfirlýsingin þykir til marks um áhersluna sem Vatíkanið leggur á að páfinn sé að hressast og geti gegnt embætti sínu. ■

Fangelsisdómur:

# Réðst á lögguna

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi mann í hálfs árs fangelsi fyrir að ráðast á tvo lögregluþjóna fyrir ári þannig að annar þeirra hlaut meiðsl af.

Ákærði sagðist ekki hafa vitað að um lögregluþjóna væri að ræða þegar bíll sem hann var farþegi í var stöðvaður við reglubundið eftirlit óeinkennisklæddra lögreglumanna en dómnum þótti það ótrúverðugt. Maðurinn hefur ítrekað komist í kast við lögin vegna líkamsárása. ■






Hærra heimsmarkaðsverð skilar sér í hærra bensínverði:

# Stóru félögin hækkuðu verðið

**VERÐHÆKKUN** Stóru olíufélögin þrjú, Esso, Skeljungur og Olís, gripu öll til hækkana á eldsneytisverði um mánaðamótin. Verðið er óbreytt hjá Atlantsolíu.

„Ástæðan fyrir þessu er sú sama og yfirleitt að heimsmarkaðsverð hefur hækkað mikið undanfarið,“ segir Magnús Ásgeirsson, sem sér um eldsneytisinnkaup fyrir Olíufélagið sem rekur Essostöðvarnar. Það félag reið á vaðið í fyrrakvöld og hækkaði verð á 95 oktana bensíni um 1,50 kr. og á dísilolíu um 2,50. Í gær ákvað félagið svo að hækka bensínverðið um eina krónu til viðbótar. Var það sjötta verðbreyting Esso á tveimur mánuðum, en 18. janúar hafði Esso lækkað bensínverð um tvær krónur. Á Esso-stöðvunum kostar lítrinn af 95 oktana bensíni með fullri þjónustu nú 107,10 kr og á dísilolíu 54,10 kr.




**BENSÍNSTÖÐ Í REYKJAVÍK**
Stóru olíufélögin þrjú hækkuðu öll verð sitt í gær. Hækkun á heimsmarkaði er kennt um.

Hin stóru félögin tvö, Skeljungur og Olís, hækkuðu verðið einnig á sínum stöðvum í gær og er það nú mjög svipað og á Esso-stöðvunum. Sjálfsafgreiðsluverð á 95 oktana bensíni á stöðvum félaganna þriggja er í kringum 101 krónu.

Verðið er óbreytt á stöðvum Atlantsolíu, 97,20 krónur á 95 oktana bensíni. - aa




## *Banki í fararbroddi*

Kraftmikill og nútímalegur banki fylgist vel með aðstæðum á markaðnum og nýjum hugmyndum á heimsvísu. Íslandsbanki leggur sig fram um að vera fremstur í flokki við að þróa nýjungar í þjónustu og lausnum fyrir viðskiptavini sína. 100% framsækni er okkar viðmið.

ÍSLANDSBANKI | 100%

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 01.03.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,68 | 60,96 |
| Sterlingspund | GBP | 116,50 | 117,06 |
| Evra | EUR | 80,08 | 80,52 |
| Dönsk króna | DKK | 10,76 | 10,82 |
| Norsk króna | NOK | 9,74 | 9,79 |
| Sænsk króna | SEK | 8,84 | 8,89 |
| Japanskt jen | JPY | 0,58 | 0,58 |
| SDR | XDR | 92,76 | 93,32 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**109,89 +0,21%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Nýr kjarasamningur sjúkraþjálfara:

# Ekkert afsláttarþak

**SAMNINGAR** Nýr kjarasamningur sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara felur að þeirra mati í sér 13 prósenta hækkun á samningstímanum. Gildistími samningsins er þrjú ár. Samningurinn er svipaður þeim sem heilbrigðisráðuneytið gerði við sérfræðilækna.

Kristján H. Ragnarsson, formaður Félags sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara, sagði að svokallað afsláttarþak væri ekki inni í samningnum. Samkvæmt því hefðu sjúkraþjálfarar átt að gefa mikla afslætti þegar heildarmagn þjónustunnar væri komið að ákveðnu marki. Með vaxandi þörf á sjúkraþjálfun sem væri fyrirsjáanleg hefði þakið þýtt að þeir myndu taka þörfina inn í vinnu sína án þess að þóknunin yrði meiri.

„Við sögðum alltaf að við gætum ekki tekið við þeim pakka í því rekstrarumhverfi sem við búum í," sagði Kristján. Hann sagði að í samningnum væru ákveðnar kerfisbreytingar í sjúkraþjálfun sem sóst hefði verið eftir að fá inn. Viðurkennt væri að sjúkraþjálfun fyrir suma sjúkdómahópa væri erfiðari heldur en fyrir aðra. Jafnframt væri viðurkennd ákveðin vinna við sjúkraskráningu og upplýsingaskráningu um sjúklinga. **- jss**



**KRISTJÁN H. RAGNARSSON**
Sjúkraþjálfarar sluppu við afsláttarþakið sem var bitbein í viðræðunum.

Færð á vegum:

# Góð miðað við árstíma

**VEGAMÁL** Færð á vegum úti er með besta móti miðað við árstíma. Þó má finna hálku á heiðum á Vestfjarða og á Öxnadalsheiði, en hvergi er mikil hálka eins og er.

Þungatakmarkanir eru nánast um allt land nema á suðvesturhorninu og miðast þær við ásþunga en hann er takmarkaður við 10 tonn. Mikil hlýindi hafa verið undanfarin ár svo þörfin fyrir snjómokstur hefur minnkað en á móti kemur að meira hefur verið lagt upp úr hálkuvörnum að sögn Ingibjargar Daníelsdóttur hjá umferðarþjónustu Vegagerðarinnar. **- mh**

Abkhasía:

# Slapp lifandi úr tilræði

**GEORGÍA, AP** Reynt var að ráða Alexander Ankvab, forsætisráðherra Abkhasíu, af dögum í fyrrakvöld, einungis tíu dögum eftir að hann tók við embætti.

Róstusamt hefur verið í Abkhasíu eftir að héraðið klauf sig frá fyrrum Sovétlýðveldinu Georgíu árið 1993 og lýsti yfir sjálfstæði. Engin ríkisstjórn viðurkennir sjálfstæði landsins.

Ekki er vitað hverjir skutu á bifreið forsætisráðherrans í gær en væringar hafa verið í millum þeirra sem vilja nánara samband við Rússland og þeirra sem efla vilja tengsl við Georgíu. ■

Ný samtök:

# Vilja áfengi í verslanir

**ALÞINGI** Þverpólitísk samtök ungs fólks um bætta vínmenningu verða stofnuð í Iðnó á hádegi í dag. Forsvarsmenn samtakanna segja framfaraskref í bættri vínmenningu hafa verið stigið með sölu bjórs á landinu. Nú sé kominn tími á að stíga næsta skref og lækka áfengisgjald og afnema einkasölu á bjór og léttvíni.

Helga Kristín Auðunsdóttir segir félagsmenn ætla að standa að umræðu um frumvarp fimmtán þingmanna um afnám einkasölu í von um samþykkt þess og standa fyrir fundum og greinarskrifum til að hrinda breytingunum í framkvæmd. **- gag**

## AFRÍKA

**SÆTTIR Í BÚRÚNDÍ** Mikill meirihluti Búrúnda samþykkti að binda í stjórnskipun landsins að 60 prósent þingsæta og ráðherraembætta séu ávallt skipuð Hútúum en fjörutíu prósent Tútsum.

# Fátækt barna í ríkum löndum fer vaxandi

**Börn á Norðurlöndum búa við mesta hagsæld jafnaldra sinna í OECD-ríkjunum en bandarísk einna minnsta. Misskipting fer vaxandi í iðnríkjum heims.**

**FÁTÆKT** Fátækt meðal barna fer vaxandi í ríkari löndum heimsins. Velmegun barna er mest á Norðurlöndunum en í Bandaríkjunum lifir ríflega fimmtungur þeirra undir skilgreindum fátæktarmörkum.

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, birti í gær skýrslu um hagi barna í 24 aðildarlöndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD. Þar kemur fram að í sautján þessara landa hefur hlutfall barna sem búa undir fátæktarmörkum vaxið síðasta áratuginn. UNICEF telur barn vera fátækt ef þær tekjur sem notaðar eru til að framfleyta því eru meira en helmingi lægri en þær meðaltekjur sem börn í því þjóðfélagi búa við. Því gefa upplýsingarnar ágæta mynd af jöfnuði í þessum ríkjum.

Norðurlöndin raða sér í efstu sæti listans yfir þau lönd þar sem börn búa við bestan hag en Bandaríkin og Mexíkó verma botnsætin. Þótt Norðmenn séu ekki í efstu sæti en staða þeirra talin sérstaklega eftirtektarverð því Noregur er eina landið þar sem fátækt meðal barna þykir mjög lítil og fer auk þess minnkandi.

UNICEF bendir á að stærð þjóðanna hafi hér nokkuð að segja, því fjölmennari sem þær eru þeim mun hærra hlutfall barna býr undir fátæktarmörkum. Stofnunin bendir enn fremur á að minna en tíundi hluti barna lifir undir fátæktarmörkum í þeim aðildarríkjum OECD sem verja meira en tíu prósentum þjóðarframleiðslu sinnar til velferðarmála. Miklu máli skiptir hins vegar hvernig þessum fjármunum er varið því fátækt er mismikil í löndum sem verja svipuðum upphæðum til þessara mála. Af því dregur UNICEF þá ályktun að hægt sé að draga úr fátækt barna í mörgum löndum án þess að auka þurfi ríkisútgjöld svo nokkru nemi.

Vegna smæðarinnar er Ísland er ekki á meðal þeirra ríkja sem UNICEF skoðar í skýrslu sinni en talsmenn stofnunarinnar segja að fátækt barna sé ekki vandamál hérlendis heldur séum við á svipuðum slóðum og frændþjóðir okkar á Norðurlöndunum.

**sveinng@frettabladid.is**



**BLESSUÐ BÖRNIN**
Eftir því sem ríki verja meira fé til velferðarmála þeim mun minni er fátækt á meðal barna.

**BÖRN SEM LIFA UNDIR FÁTÆKTARMÖRKUM**
**(mælt í prósentum)**

| | |
|---|---|
| Danmörk | 2,4 |
| Noregur | 3,4 |
| Svíþjóð | 4,2 |
| Þýskaland | 10,2 |
| Bretland | 15,4 |
| Ítalía | 16,6 |
| Bandaríkin | 21,9 |



**JÓHANNES GUNNARSSON**

Verðstríð:

# Tryggir hag neytenda

**NEYTENDUR** „Verðlækkanir hjá Krónunni og Bónus munu væntanlega hafa áhrif á aðrar lágvöruverðsverslanir," segir Jóhannes Gunnarsson formaður Neytendasamtakanna.

Ástandið á matvörumarkaði einkenndist til skamms tíma af því að flokka mátti verslanir eftir verðlagi en nú hefur Krónan raðað þessari röð, segir Jóhannes. Hann segir að nú sé að bíða og sjá hvort matvöruverslanir með hærra vöruverð og meiri þjónustu og lengri opnunartíma fari að lækka verð líka.

Jóhannes segir þó ekki hægt að taka neinu sem gefnu og að Neytendasamtökin hafi áður séð verðstríð lognast út af á stuttum tíma. ■

## AFRÍKA

**VALDARÁNI AFSTÝRT Í TÓGÓ** Leiðtogar ýmissa Afríkuríkja skeggræða nú um hvernig haga eigi kosningum í Tógó. Ólga hefur verið í landinu eftir að Gnassingbe Eyadema forseti andaðist í febrúarbyrjun og sonur hans reyndi að sölsa undir sig völdin með aðstoð hersins. Með alþjóðlegum þrýstingi tókst að afstýra því.


MICRA iPod

NISSAN

SKIPT_um væntingar



MARSTILBOÐ 1.390.000 kr. 15.102 kr. á mán.*

iPod mini fylgir öllum Nissan Micra iPod í mars 2005.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Aukahlutir á mynd: álfelgur og topplúga

Fíton/SÍA FI12196


## Veðrið

**ERUM SMÁM SAMAN AÐ SIGLA Á NÝ INN Í HLÝINDAKAFLA**
Skaplegasta veður er í kortunum þótt sumstaðar blási aðeins. Það þykknar þó smám saman upp á landinu og hætt er við súld vestan til og jafnvel einnig suðaustan til einkum síðdegis. Veður fer nú hægt hlýnandi framundan.

**VEÐURHORFUR NÆSTU HELGI**
Vestlæg átt og milt í veðri um allt land bæði á laugardag og sunnudag með súld eða rigningu vestan til en björtu með köflum norðan og austan til.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi í dag




### Á morgun




Strekkingur sunnan og vestan til annars hægari. Hætt við lítilsháttar súld vestan til

### Föstudagur




Strekkingur allra austast annars hægari.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 2°C skýjað | París | 2°C skýjað | Torrevieja | 12°C skýjað |
| Osló | -9°C léttskýjað | Prag | -4°C skýjað | Róm | 7°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | -7°C léttskýjað | Amsterdam | 0°C él | New York | 0°C alskýjað |
| London | 7°C skúrir | Varsjá | -2°C skýjað | Miami | 22°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.








# Nýjar Símabúðir slá í gegn

## ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

**Á Íslenska markaðsdeginum í síðustu viku varð Síminn þeirrar ánægju aðnjótandi að hljóta Lúður í flokknum Umhverfisgrafík fyrir nýjar verslanir sínar. Jafnframt var Síminn valinn markaðsfyrirtæki ársins af yfir 300 markaðsstjórum íslenskra fyrirtækja.**

Verslanir Símans hafa hver á fætur annarri fengið nýtt útlit að undanförnu sem er í takt við þá stefnu að viðskiptavinir okkar geti nálgast allar vörur og þjónustu Símans á einum stað.

Lúðurinn er staðfesting á því að breytingarnar hafi tekist vel og um leið er hann okkur hvatning til að halda áfram á sömu braut – viðskiptavinum okkar til hagsbóta.

Við þökkum samstarfsaðilum okkar, arkitektastofunni **Glámu-Kím** og auglýsingastofunni **ENNEMM** kærlega fyrir gott samstarf.



LÚÐURINN 2005

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM15423



## KJÖRKASSINN

*Á ástandið í Írak eftir að versna?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 73% |
| Nei | 27% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú orðið var/vör við verðstríð á matvælamarkaði?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Formaður Eflingar:

# Málamyndarannsókn á meintum brotum Perlunnar

**KJARAMÁL** Yfirvöld hafa ekki brugðist við kæru stéttarfélagsins Eflingar frá í haust á hendur byggingafyrirtækinu Perlunni, sem er í eigu Eysteins Gunnars Guðmundssonar. Þetta segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar.

Sex Litháar sögðu frá því í haust að 25 útlendingar hefðu unnið hjá Perlunni án atvinnu- og dvalarleyfa. Málið var kært til lögreglunnar í Reykjavík, Vinnumálastofnunar, félagsmálaráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins 24. nóvember. Svar barst frá félagsmálaráðuneytinu 28. janúar og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1. febrúar. Bæði ráðuneytin vísa málinu frá sér þar sem það sé til rannsóknar hjá lögreglunni.

„Þrír til fjórir starfsmenn voru handteknir. Þeir hafa verið í vinnu og ekkert gerst í þeirra málum. Þegar við höfðum aftur samband í febrúar þá var málið enn á borði lögreglu. Við erum að reyna að verja lífskjör en á sama tíma bregðast ráðamenn ekki við kæru. Rannsókn sem á sér stað mörgum mánuðum seinna er málamyndarannsókn,“ segir Sigurður.

- ghs



**SIGURÐUR BESSASON**
Formaður Eflingar telur yfirvöld ekki hafa brugðist við kæru stéttarfélagsins Eflingar á hendur Perlunni. Hún er talin hafa haft 25 útlendinga í vinnu án atvinnu- og dvalarleyfa.

Danmörk:

# Møllehøj er hæst

**FJÖLL** Nú hefur loksins verið skorið úr um hvaða fell er hæst í Danmörku. Til þessa hafa menn talið að Ejer Bavnehøj eða Yding Skovhøj séu þeirra hæst en Jyllansposten hermir að sérleg rannsóknarnefnd hafi komist að því að nálæg hæð, Møllehøj, sé þeim örlítið hærri. Ekki munar þó miklu, Yding Skovhøj rís 170,77 metra yfir sjávarmál en Møllehøj 170,86 metra. Himmelbjerget er hins vegar talsvert lægra, rétt tæpir 150 metrar. Til samanburðar má nefna að Hvannadalshnjúkur er 2119 metra yfir sjávarmáli. ■

Samherji hf. í Grindavík:

# Hrognataka án bræðslu

**SJÁVARÚTVEGUR** Hrognataka er hafin aftur í frystihúsi Samherja hf. í Grindavík, tæpum þremur vikum eftir að fiskimjölsverksmiðjan þar brann og eru um 30 manns starfandi við hrognatöku og frystingu.

Engin bræðsla fer fram í Grindavík, þar sem engin er fiskimjölsverksmiðjan, einungis hrognataka. Það sem af gengur við hrognatöku er því dælt um borð í flutningaskipið Seley ÞH sem kemur til með að flytja það til bræðslu annars staðar. Í gær var ekki alveg ljóst hvert hratið yrði flutt.

Enn er mikil vinna eftir við að hreinsa til eftir brunann. Ekki fyrr en því starfi lýkur verður ljóst hvert endanlegt mat er á tjóninu. ■

## BANDARÍKIN

**UMFANGSMIKIL SKATTSVIK**
Bandaríska alríkislögreglan handtók á laugardaginn auðkýfinginn Walter Anderson fyrir skattsvik. Hann er sagður skulda yfir tólf milljarða króna í skatta og ef satt reynist eru þetta mestu skattsvik einstaklings í sögu landsins. Anderson auðgaðist á fjarskiptamarkaðinum og keypti meðal annars hlut í geimstöðinni Mír fyrir peninginn.

# Getum verið lukkuleg

**Kjarasamningur ríkisins við aðildarfélög BHM gefur félagsmönnum einstakra félaga að minnsta kosti 13 prósenta launahækkun á rúmlega þriggja ára samningstíma. Formaður BHM er sáttur.**

**KJARAMÁL** Ríkið hefur gert kjarasamning við 24 af 25 aðildarfélögum BHM og stendur aðeins Félag íslenskra náttúrufræðinga fyrir utan samninginn. Við undirritun og samþykki samningsins fá félagsmenn aðildarfélaganna sömu hlutfallslegu hækkun og ASÍ, eða 3,25 prósent.

„Ég held að við getum verið nokkuð lukkuleg með þetta,“ segir Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM, um samninginn.

Ofan á þá hækkun leggst mismikil hækkun eftir félögum og er hækkunin langmest hjá þeim félögum sem hafa lægsta taxtann. Þroskaþjálfar eru til dæmis tekjulægsta félagið innan BHM og fá þeir um 11-12 prósenta hækkun í fyrsta áfanga. Önnur félög fá minna. Um næstu áramót kemur síðan viðbótarhækkun á öll félögin upp á 2,5 prósent.

1. maí 2006 tekur ný launatafla gildi og eiga þá nýir stofnanasamfningar að vera tilbúnir. Gert er ráð fyrir að lágmarkslaunin verði þá tæp 200 þúsund og nær 210 þúsundum þegar samningstímanum lýkur.

„Það fylgir ákveðið fé þessari aðgerð sem er líka hugsað til þess að jafna milli stétta og hópa. Við ætlum að reyna að tryggja það að ekkert félag fái minna út úr þessum samningi en 15 prósent en það þýðir ekki endilega að allir félagsmenn félaganna fái það. Við getum frekar lofað öllum einstaklingum 13 prósentum því þessi samningur kemur misjafnlega út fyrir félagsmenn,“ segir Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM.

Hún segir að sátt ríki innan BHM með samninginn. „Auðvitað vill maður alltaf fá meira. Ríkið metur það sem svo að kostnaðaraukinn sé upp á 19,83 prósent og ég held að við getum vel við unað þó að þetta komi misjafnlega niður eftir félögum,“ segir Halldóra nokkuð sátt.

Samningurinn var kynntur á Grand hótel í gær.

ghs@frettabladid.is



**FRÁ KYNNINGARFUNDI BHM**
Nýi kjarasamningurinn við ríkið var kynntur á fundi hjá BHM í gær.

**FÉLÖGIN 24**

Dýralæknafélag Íslands
Félag fréttamanna
Félag geislafræðinga
Félag háskólakennara
Félag háskólakennara á Akureyri
Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins
Félag íslenskra félagsvísindamanna
Félag íslenskra fræða – kjaradeild
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag tækniskólakennara
Iðjuþjálfafélag Íslands
Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands
Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfr.
Leikarafélag Íslands
Ljósmæðrafélag Íslands
Meinatæknafélag Íslands
Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafr.
Stéttarfélag háskólamenntaðra á matvæla- og næringarsviði
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa
Stéttarfélag lögfræðinga
Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi
Stéttarfélag sjúkraþjálfara
Útgarður – félag háskólamanna
Þroskaþjálfafélag Íslands

Elsa B. Friðfinnsdóttir:

# Allir yfir 200 þúsund

**KJARAMÁL** Laun hjúkrunarfræðinga hækka að minnsta kosti um sautján prósent á einu ári með nýjum kjarasamningi Bandalags háskólamanna.

Elsa Björk Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segist sátt við samninginn: „Þegar nýja launataflan tekur gildi verður ekkert BHM-félaganna undir 200 þúsund krónum í launum. Ég geri mér vonir um að hjúkrunarfræðingar verði ekki lægst í launatölunni því þeir eru með fjögurra ára háskólanám að baki.“

Elsa segir byrjunarlaun hjúkrunarfræðinga rúm 168 þúsund krónur um þessar mundir.

- gag

Greiðsluseðlar VISA:

# Mistök við sendingu

**KREDITKORT** Við útskrift og pökkun greiðsluseðla VISA reikninga í síðustu viku urðu þau mistök að ef fleiri en einn viðtakandi bjó á sama heimilisfangi, fóru allir reikningar á einn aðila þess heimilisfangs.

Í tilkynningu frá VISA segir að færsluyfirlit séu í aðskilinni sendingu og muni skila sér til réttra aðila. Hér sé því einungis um greiðsluseðlana að ræða sem gefur upp þá upphæð sem viðtakandi þarf að greiða, ásamt greiðslukortanúmeri. Jafnframt segir að VISA Ísland taki á sig alla ábyrgð á því að svona fór og harmar mistökin.

Viðtakendur munu fljótlega fá afsökunarbréf, ásamt leiðbeiningum um hvernig þeir, sem ekki fengu greiðsluseðilinn, geti gengið frá greiðslu.

- ss




Fíkniefnasmygl í Bremerhaven:

# Rannsókn stendur enn

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn þýskra yfirvalda á tveimur Íslendingum sem handteknir voru um borð í Hauki ÍS í Bremerhaven í byrjun janúar með mikið magn fíkniefna undir höndum stendur enn yfir. Farið hefur verið fram á aðstoð íslensku lögreglunnar þar sem grunur leikur á að fleiri einstaklingar tengist málinu.

Lögregluyfirvöld í Þýskalandi meta það svo að vegna magnsins sem mennirnir tveir voru teknir með, rúm þrjú kíló af kókaíni og annað eins af hassi, sé líklegt að þeir eigi sér samstarfsmenn hér og var þess vegna send beiðni um aðstoð til íslensku lögreglunnar fyrir rúmlega mánuði síðan.

Engin slík ósk hefur borist á borð Ásgeirs Karlssonar, yfirmanns fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, enn sem komið er. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HAUKUR ÍS**
Íslendingarnir sem teknir voru um borð í Þýskalandi með mikið magn fíkniefna sitja enn inni og rannsókn er hvergi nærri lokið.


UMFERÐIN
SNÝST UM
LÍF!
UMFERÐARSTOFA
Himinn og haf / SÍA



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir forsætisráðherra Líbanons sem baðst lausnar í kjölfar mikilla mótmæla gegn stjórn sinni?*

2 *Til hversu margra Óskarsverðlauna vann kvikmyndin Million Dollar Baby?*

3 *Hversum mörgum krökkum leitar lögreglan að í mánuði hverjum eftir að þau hafa strokið?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Samtök iðnaðarins:

# Þurfum skýrar reglur

**VINNUMARKAÐURINN** Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir augljóst að Íslendingar þurfi á erlendu vinnuafli að halda en reglurnar um komu útlendinga til starfa hér á landi þurfi að vera skýrar og framkvæmanlegar.

„Við megum ekki falla í þann pytt að láta allt aðrar reglur og önnur viðmið gilda um þetta fólk en okkur sjálf. Okkur hefur fundist örla á því að menn eltist við þessa útlendinga í staðinn fyrir að beina sjónum sínum í ríkari mæli að fyrirtækjunum sjálfum og passa upp á að þar sé allt í lagi, hvort sem það eru útlendingar eða Íslendingar sem vinna vinnuna,“ segir hann.

Jón segir mikilvægt að gætt sé að því að samkeppnisskilyrðin séu jöfn á milli fyrirtækja þannig að íslensk og erlend fyrirtæki sem hér eru séu að keppa á jafnréttisgrundvelli. „Fyrirtæki sem fara að settum reglum eru viðkvæm fyrir því að keppa við þá sem ekki fara að reglunum. Það gengur ekki,“ segir hann.

- ghs



**JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON**
Aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins telur örla á því að menn eltist við útlendu starfsmennina sjálfa í stað þess að beina sjónum sínum að þeim fyrirtækjum sem fara framhjá lögum og reglum.

Bruninn á Sauðárkróki:

# Ekki talið manndráp

**LÖGREGLUMÁL** „Það er auðvitað ríkissaksóknara að taka ákvörðun um hvort framhald verður á rannsókninni en að okkar mati leikur enginn grunur á neinu misjöfnu,“ segir Björn Mikaelsson, yfirlögregluþjónn á Sauðárkróki, vegna dauðaslyss sem þar varð í eldsvoða í desember.

Rannsókn lögreglu á eldsvoðanum lauk fyrir helgi og var málið sent saksóknara. Björn metur hvort þörf er á frekari rannsókn eða hvort ákært verður. Hann segir ekkert gefa til kynna að um manndráp hafi verið að ræða. ■


## ÖRYGGISRÁÐSTEFNA EJS 2005

14. & 15. MARS

Mark Minasi / Steve Riley / Tom Watson / Peter Gibbs / John Madelin

Öryggisráðstefna EJS verður haldin í þriðja sinn dagana 14. og 15. mars og nú er dagskráin glæsilegri en nokkru sinni. Ráðstefnan er ætluð öllum sem vilja auka þekkingu sína á öryggi í upplýsingatækni og höfðar jafnt til tæknimanna og stjórnenda sem annarra starfsmanna fyrirtækja og stofnana.

| | MÁNUDAGURINN 14. MARS | 8:15 - 20:00 Nordica Hótel |
|---|---|---|
| | Skráning/morgunhressing | 8:15 - 8:40 |
| 8:45 | Steve Riley - Microsoft | Social Engineering |
| | Peter Gibbs - Cisco | Cisco Security Vision |
| | John Madelin - RSA | RSA Security |
| 12:20 | Hádegisverður | |
| | Tom Watson - Trend Micro | Tomorrow's Security – the 3rd Vendor Strategy |
| | Mark Minasi | Why the software industry has bugs and what you can do about it |
| 16:10 | Léttar veitingar / kvöldverður | 16:10 / 20:00 |

| | ÞRIÐJUDAGURINN 15. MARS | 8:30 - 20:00 Hótel Borg |
|---|---|---|
| | Skráning/morgunhressing | 8:30 - 9:00 |
| 9:00 | Steve Riley - Microsoft | Windows passwords – Everything you need to know |
| | Steve Riley - Microsoft | Security Policies? Ugh, just give me passwords! |
| | Steve Riley - Microsoft | Wireless LAN security with 802.1x etc. |
| 12:30 | Hádegisverður | |
| | Steve Riley - Microsoft | IPsec internals & implementation |
| | Happdrætti | Fartölva og fleiri veglegir vinningar! |
| | Herbert Tenhagen - Trend Micro | DEMO á Trend Micro Network VirusWall |
| 16:10 | Léttar veitingar / kvöldverður | |

**Skráning og allar nánari upplýsingar á www.ejs.is**

Ráðstefnugjald er 39.800,- Hádegis- og kvöldverður er innifalinn ásamt öllum ráðstefnugögnum. 15-25% afsláttur fyrir öll fyrirtæki sem senda fleiri en tvo fulltrúa, meðlimi MCSE, opinbera starfsmenn og menntastofnanir.

Erlendir samstarfsaðilar eru

Microsoft TREND MICRO CISCO SYSTEMS RSA

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS

Fíton/SÍA F012165





FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**VIÐGERÐIR BRÝNAR**
Aðstoðarmaður menntamálaráðherra segir augljóst að ráðast þurfi í endurbætur á Þjóðleikhúsinu. Ekki hefur verið ákveðið hvenær fjármagn til þess verður tiltækt.

Ástand Þjóðleikhússins:

# Viðgerð hússins ofarlega á dagskrá

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ** Það blasir við að ráðast þarf í margvíslegar endur-bætur á Þjóðleikhúsinu, segir Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra. Ekki hefur þó verið ákveðið hvenær lagt verður til fjármagn í þær endurbætur, en slík fjárúthlutun er ofarlega á lista hjá menntamálaráðuneytinu.

„Stóra málið er að gera við húsið að utan og lekann. En það er ljóst að það er fleira sem bjátar á. Slíkt verður skoðað á næstu árum, en viðgerðir eru að verða aðkallandi.“ Steingrímur segir að á þessu ári hafi 67 milljónum verið veitt til leikhússins til endurbóta; tíu milljónir í hefðbundið viðhald auk 57 milljóna til úrbóta í bruna og rafmagnsöryggi. Í vetur hafi síðan komið í ljós hversu mikilvægar þær úrbætur eru þegar eldur kviknaði í Þjóðleikhúskjallaranum.

Á síðasta ári var afgangur af rekstri Þjóðleikhússins, sérstaklega vegna aukinna sjálfsaflatekna. Steingrímur segir að ekki standi til að draga úr framlögum til leikhússins, þó svo að það afli meiri tekna sjálft.

- ss

Playstation2.is:

# Ólögmæt lénsskráning

**SAMKEPPNISRÁÐ** Samkeppnisráð hefur úrskurðað að Haukur Vagnsson, sem búsettur er í Þýskalandi, hafi með skráningu lénsins playstation2.is, brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga. Því hefur Hauki verið bönnuð notkun lénsins og verður hann að afskrá það innan tveggja vikna frá birtingu ákvörðunarinnar.

Það var Sony Computer Entertainment Europe Limited, einkarétthafi á Playstation-vörumerkinu í Evrópu, sem kvartaði til samkeppnisráðs. Fram kemur að Haukur hafi ekki notað lénið sjálfur, en hafi verið tilbúinn til að selja það til Sony. Ekki hafi verið leitt í ljós að Haukur hafi lögmæta hagsmuni af notkun lénsins.

Í gær var að finna á síðunni tengingar við breska síðu sem selja efni tengt Playstation. ■

## NORÐURLÖND

**SAMANTHA FOX Í BÍLSLYSI** Breska söngkonan Samantha Fox slasaðist illa í slysi í Svíþjóð um helgina þegar bíl sem hún var farþegi í var ekið út af veginum. Hún sagðist í viðtali við Aftonbladet vera þakklát fyrir að vera á lífi. Fox vakti nokkra athygli á níunda áratugnum fyrir söng sinn en þó mun meiri fyrir barm sinn.

**SÆLGÆTISBANN Í DÖNSKUM SKÓLUM** Lars Barfoed, fjölskyldumálaráðherra Danmerkur, hyggst beita sér fyrir banni við sælgætis- og gosdrykkjasölu í dönskum skólum. Jyllandsposten hefur eftir honum að það sé nauðsynlegt til að sporna gegn offitu barna.

**RÚTUSLYS Í SVÍÞJÓÐ** Tuttugu manns slösuðust þegar rúta lenti í árekstri við vöruflutningabíl nálægt Sundsvall í Svíþjóð í gær. Vöruflutningabíllinn staðnæmdist skyndilega og ók rútan aftan á bílinn með þessum afleiðingum. Skömmu síðar ók enn einn bíllinn á rútuna en engan sakaði.

# ACCORD

HONDA
The Power of Dreams

# Kraftmikill fjölskyldubíll



Sport sjálfskiptur, 16” álfelgur, 155 hö, 4ra dyra: **2.470.000** kr.

**Verðlaun**

- Eftirsóttasti stallbakurinn í sínum flokki samkvæmt Edmunds.com
- Einn af bestu fjölskyldubílum í boði í dag samkvæmt AAA og Parents magazine
- Hagkvæmustu kaupin í sínum flokki samkvæmt IntelliChoice
- 18 sinnum á "10 bestu" lista Car and Driver
- Besti fjölskyldubíll í heimi samkvæmt Edmunds.com

→ Vel búinn Accord Comfort 2.0i, 155 hö - á Honda-góðu verði frá

**2.190.000** kr.
**22.195** á mánuði*

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

HÉR & NÚ / SÍA

honda.is

Honda Accord er einstakur bíll sem hefur sópað að sér verðlaunum, “heimsins besti fjölskyldubíll”, “bestu kaupin” og “einn af tíu bestu bílum” eru titlar sem hann ber með stíl. Hannaður með virðingu fyrir persónulegum kröfum hvers og eins til þess að þú upplifir aksturseiginleika sem þú gleymir ekki. Undir straumlínulöguðu yfirborðinu leynist feiknakraftur og hátækninýjungar sem hafa þróast á kappakstursbrautum heimsins. Þú getur bókað að Honda Accord uppfyllir hvert smáatriði sem þú felur honum við stýrið og lætur fara vel um þig og alla fjölskylduna.
**Honda Accord er frábært dæmi um Honda áreiðanleika á Honda-góðu verði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Bílavík, Reykjanesbær, sími 421 7800 - Bílver, Akranes, sími 431 1985 - Höldur, Akureyri, sími 461 6020 - Bragginn, Vestmannaeyjar, sími 481 1535



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SNJÓKAST Í SERBÍU**
Kalt hefur verið í Belgrad, höfuðborg Serbíu, að undanförnu og hefur frostið mælst í tveggja stafa tölum. Hundarnir í borginni leika sér þó og grípa snjóbolta sem til þeirra er fleygt.

Kennarar sem sögðu upp í kjarabaráttunni:

# Flestir drógu uppsagnirnar til baka

**KJARAMÁL** Allir grunnskólakennarar utan tveggja sem sögðu upp í hópum í Mosfellsbæ, Fáskrúðsfirði og Hólmavík í verkfallinu drógu uppsagnir sínar til baka að því loknu. Tveir kennarar í Reykjavík sem sögðu upp í verkfallinu eru hættir störfum.

Viktor A. Guðlaugsson, skólastjóri Varmárskóla, segir einn kennara skólans af þeim tólf sem sögðu upp hafa hætt og horfið til annarra starfa.

„Ég hugsa að mörgum hafi verið full alvara en svo standa menn frammi fyrir því að velja og hafna. Það var full alvara hvað það varðar að menn vildu fá leiðréttingu á sínum kjörum,“ segir Viktor.

Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri Lágafellsskóla, segir einn hafa hætt störfum af þeim sextán sem sögðu upp í verkfalli kennara. Hann hafi hætt í gær af persónulegum ástæðum.

Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri hjá Fræðslumiðstöðinni í Reykjavík, segir tvo kennara hafa hætt frá því að verkfallinu lauk. Kennarar sem hætti á miðju skólaári geri það oftast þegar persónulegar aðstæður breytist. Svo virðist einnig hafa verið nú.

**- gag**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**KENNSLUSTUND Í RÉTTÓ**
Skólastjórar segja gott hljóð í kennurum. Þeir séu þokkalega sáttir og hafi að minnsta kosti „slíðrað sverðin“, að sögn skólastjóra Lágafellsskóla.

Tekjustofnanefnd:

# Beðið eftir lokafundi

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Sveitarstjórnarmenn í tekjustofnanefnd eiga von á fundarboði til að ræða endanlega tillögu um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga í dag eða næstu daga.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, á von á mikilli umræðu um niðurstöðuna enda menn missáttir: „En ég hef lýst því yfir að ég er ekki par ánægður með samkomulagið.“

Stjórnarandstæðingar á þingi hafa lýst yfir að sveitarfélögunum sé stillt upp við vegg með tilboði ríkisins.

**- gag**





**Við styðjum þig í gjaldkerann!**
*Húsfélagaþjónusta Sparisjóðsins*

- Innheimtuþjónusta
- Sérstakur þjónustufulltrúi
- Félagabanki á Netinu
- Greiðsluþjónusta
- Framkvæmdalán
- Framkvæmdareikningur

**Húsfélagaþjónusta Sparisjóðsins** er frábær lausn fyrir húsfélög sem vilja einfaldara og öruggara bókhald, bætta innheimtu og góðan aðgang að hagkvæmri fjármögnun til sameiginlegra framkvæmda. Með góðri yfirsýn yfir fjármálin sparast ómæld vinna og fyrirhöfn og lífið verður því einfaldara fyrir gjaldkera húsfélagsins.

SPARISJÓÐURINN
*– fyrir þig og þína*

Kynntu þér málið á www.spar.is eða í næsta sparisjóði

Fíton/SÍA




**GATNAMÓT SUÐURLANDSVEGAR OG ÞRENGSLA**
Framkvæmdir hefjast senn við breikkun vegarins frá Litlu kaffistofunni að gatnamótunum en áætlanir gera ekki ráð fyrir fleiri framkvæmdum við Suðurlandsveg fram til ársins 2008.

# Vilja breikka Suðurlandsveg

## Sunnlendingar vilja þrjár akgreinar á veginum milli Reykjavíkur og Selfoss. Umferðin um veginn hefur nær tvöfaldast á áratug.

**SAMGÖNGUR** Frekari breikkun þjóðvegarins milli Reykjavíkur og Selfoss er ekki á forgangslista samgönguráðuneytisins næstu árin þrátt fyrir að umferð um veginn hafi nær tvöfaldast síðasta áratug. Sunnlendingar segja þetta miður en útreikningar þeirra sýna að með sömu aukningu og verið hefur verður umferð um Suðurlandsveg hin sama árið 2008 og er um Reykjanesbrautina nú.

Sunnlendingar telja frekari breikkun Suðurlandsvegar afar mikilvæga fyrir þau ört vaxandi sveitarfélög sem þar eru og benda á að áætlaður kostnaður við slíkt sé mun minni en annarra samgönguverkefna sem til stendur að ráðast í næstu árin. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa ályktað um málið og átt fundi með Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra en undirtektir hans verið dræmar að sögn Þorvarðar Hjaltasonar framkvæmdastjóra. „Vissulega er verið að hefja framkvæmdir við breikkun á kafla vegarins yfir Svínahraun en betur má ef duga skal. Það er mat okkar að tími sé kominn að breikka hann alla leið í þrjár akreinar hið minnsta. Bæði vegna þess að umferð hefur aukist jafnt og þétt hin síðari ár og líkur á frekari aukningu þau næstu. Eins hefur verið sýnt fram á með rannsóknum að þrjár akreinar fækka slysum um allt að 30 prósent.“

Þorvarður segir að allir útreikningar sýni að hægt sé að hrinda hugmyndum Sunnlendinga í framkvæmd fyrir um milljarð króna en þeir útreikningar miðast við þreföldun vegarins, góð veglýsingu alla leið og miðjuvegrið til að auka öryggi allra þeirra er um veginn fara.

Umferð um Suðurlandsveg hefur aukist umtalsvert hin síðari ár. Milli Hveragerðis og Selfoss fóru að jafnaði rúmlega sex þúsund bílar dag hvern á síðasta ári og tæplega sex þúsund fóru um Hellisheiðina en til samanburðar er umferðin um Reykjanesbrautina um átta þúsund bílar á dag.

**albert@frettabladid.is**

Frönsk blaðakona:

# Enn í haldi mannræningja



**FLORENCE AUBENAS**
Hefur verið í haldi íraskra mannræningja í tvo mánuði.

**BAGDAD, AP** Íraskir mannræningjar sem rændu frönsku blaðakonunni Florence Aubenas fyrir tæpum tveimur mánuðum í Bagdad sendu fjölmiðlum myndbandsupptöku af henni í gær. Á myndbandinu biður hún frönsk stjórnvöld um að hjálpa sér og er auðséð að vistin hjá mannræningjunum hefur tekið á hana bæði andlega og líkamlega.

Yfir 190 útlendingum hefur verið rænt í Írak síðastliðið ár. 13 þeirra eru enn í höndum mannræningja, yfir 30 hafa verið drepnir en hinir eru lausir úr prísundinni. ■

EINN LÍTRI

45 KR.

HREINN EPLASAFI
EINN LÍTRI
45 KR.

Fylgist með okkur
VIÐ FYLGJUMST MEÐ VERÐINU!

# Allt að 40% lægra vöruverð

EKKERT BRUÐL

6 KÍLÓ AF YPLON
399 KR.

6 KÍLÓ AF ÞVOTTAEFNI!

ISIO 4 OLÍA
1 LÍTRI
199 KR.
BRÚSINN

99 KR.
1 lítri

12 RÚLLUR
Í PAKKNINGU
12 wc RÚLLUR
198 KR.

SKYNDINÚÐLUR 85g
9 KR.
PAKKINN

## Verðöryggi
*frá upphafi!*

EKKERT BRUÐL
BÓNUSBEIKON
BÓNUSBEIKON
599 kg KR.

Bónusbrauðið er 1000g
Brauð samkeppnisaðila
eru aðeins 770g

1000g
EITT KÍLÓ!
59 KR.

FROSNIR ÝSUBITAR
ROÐLAUSIR OG BEINLAUSIR
FROSNIR ÝSUBITAR
299 kg KR.

HRÁSALAT/KARTÖFLUSALAT
KARTÖFLUSALAT/HRÁSALAT
98 KR.
350g

## Bónus býður betur!

Gerið verðsamanburð

Tilboðin gilda til sunnudags 6. mars eða á meðan birgðir endast

ERAN/Landlist

24 stundir

**EFTIRMÁL:** SKRIFSTOFA HALLDÓRS LAXNESS SETT Á LAGGIRNAR

# *Heldur nafni Halldórs á lofti*

Skrifstofa Halldórs Laxness var stofnuð fyrir ári síðan með samningi milli fjölskyldu Halldórs og Vöku-Helgafells, dótturfélags Eddu útgáfu. Vaka-Helgafell mun sjá um samningsgerð um notkun á verkum skáldsins í hvaða formi sem kann að vera, þar á meðal samninga sem tengjast gerð leikverka og kvikmynda eftir verkum Halldórs. „Það hefur ýmislegt á daga Skrifstofu Halldórs Laxness drifið frá því að hún var stofnuð,“ segir Páll Bragi Kristjónsson, forstjóri Eddu. „Skrifstofan gætir höfundarréttinda og við höldum reglulega samráðsfundi með fjölskyldu Halldórs, við höfum meðal annars verið að tengjast safninu á Gljúfrasteini. Góðir hlutir gerast hægt í þessum efnum.“
Í ár er verða 50 ár liðin frá því Halldór



hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum. Páll Bragi segir að mikið verði um dýrðir í tilefni þess. „Í apríl verður Halldór skáld mánaðarins hjá Nóbelsstofnuninni í Stokkhólmi og við komum að því ásamt sendiherra Íslands í Svíþjóð og safninu á Gljúfrasteini.“

Auk þess segir Páll að spennandi tímar séu í vændum; margt sé í pípunum en vill ekki gefa upp að svo stöddu hvað það er. „Það er ýmislegt í gangi, lifandi verkefni, sem er ekki tímabært að skýra frá að svo komnu. Það var haldinn samráðsfundur með fjölskyldunni nú síðast á mánudaginn. Höfundarverk Halldórs standa til langs tíma, munu lifa lengur en flest okkar og við munum gera okkar til að halda nafni hans á lofti.“

## HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?



**MIÐI Í ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ KOSTAR 2.600 KRÓNUR**
Dýrara er á söngleiki. Ódýrara fyrir börn, aldraða og öryrkja.



**SETT Í SAMBAND**
Kannski hefur Jóhannes Pál páfa vantað rafmagn í fartölvuna sína eða sjónvarpið. Að minnsta kosti þurfti að bregða á það ráð að draga rafmagnssnúru inn um gluggann á sjúkrastofunni þar sem páfinn hvílist og jafnar sig eftir skurðaðgerð.

# MÍR húsið rifið í haust

**MÍR hefur selt hús sitt við Vatnsstíg 10 í Reykjavík og flytur á Hverfisgötuna í haust. Við Vatnsstíginn hafa margar merkar samkomur verið haldnar í þau tæpu tuttugu ár sem félagið hefur verið þar til húsa. Ívar H. Jónsson, formaður MÍR, segist munu sjá eftir húsinu og þá sérstaklega bíósalnum í því.**

„Við flytjum í haust,“ segir Ívar H. Jónsson, formaður Félagsins MÍR, sem um árabil hefur haldið uppi menningartengslum Íslands og Rússlands.

Í tæp tuttugu ár hefur félagið haft aðsetur í húsinu númer 10 við Vatnsstíg í Reykjavík og staðið fyrir fjölda viðburða á menningarsviðinu. Hin síðari ár hefur starfsemin þó einkum falist í sýningum á gömlum rússneskum kvikmyndum á sunnudögum.

Félagið seldi húsið fyrir skemmstu og hefur kaupandinn í hyggju að rífa það og byggja nýtt. MÍR mun þó ekki leggja upp laupana, síður en svo, það flyst að Hverfisgötu 105 og heldur starfseminni áfram.

„Það verður eftirsjá að Vatnsstígnum, sérstaklega að bíósalnum,“ segir Ívar sem á sínum tíma tók þátt í kaupunum á Vatnsstígnum og lagði sitt að mörkum eins og fjöldi félagsmanna við að gera húsið upp. „Þetta var í niðurníðslu,“ segir hann þegar hann rifjar upp ástand hússins á sínum tíma.

Saga Mír stendur á gömlum merg þó að starfsemin hafi tekið breytingum gegnum árin og nokkrum sinnum legið við andláti félagsins. Sovétvinafélag Íslands var stofnað 1932 og starfaði í sex ár. 1950 var svo blásið til stofnfundar Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, MÍR, og urðu félagsmenn fljótlega vel á annað þúsund. Halldór Kiljan Laxness var fyrsti forseti félagsins og Þórbergur Þórðarson varaforseti. Eftir innrás Sovétríkjanna í Tékkóslóvakíu 1968 voru uppi raddir um að leggja bæri félagið niður en af því varð ekki.

Aftur heyrðust þessar raddir með falli Sovétríkjanna 1991 en aftur var andlátinu afstýrt.

Ívar segir starfsemina hafa breyst mikið með árunum og hún sé til dæmis ósköp lítil miðað við það sem hún var 1985 þegar flutt var á Vatnsstíginn. „Það eru aðallega kvikmyndasýningarnar sem halda samhengi í félagsstarfinu.“

Myndirnar eru flestar á filmum og hafa verið sýndar með sovéskum sýningarvélum. Ekki er aðstaða í nýja húsinu til að setja vélarnar upp og verða kvikmyndir því sýndar af myndböndum og DVD-diskum í nýjum húsakynnum MÍR við Hverfisgötuna. Ívar segir óráðið hvað gert verði við vélarnar góðu, þeim hafi ekki verið ráðstafað.

bjorn@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÍVAR H. JÓNSSON FORMAÐUR MÍR**
Félagið keypti húsið númer tíu við Vatnsstíg árið 1985 og félagsmenn gerðu það upp enda í mikilli niðurníðslu. Nú, tuttugu árum síðar, stendur til að rífa húsið góða.

DV

Barnaverndarnefnd náði í dansandi táningsstúlku á strippbúllu

*Eigandinn segist hafa talið óþarft að sannreyna aldur hennar*

DV – hefur þú séð DV í dag?



Mathiesen um Morthens:

# Stál og hnífur í uppáhaldi

„Stál og hnífur er eitt af mínum uppáhaldslögum,“ segir Þorgils Óttar Mathiesen, forstjóri Sjóvár, sem í fyrradag keypti höfundarverk Bubba Morthens til að ávaxta iðgjöld viðskiptavina. Fjárfestingin er óvenjuleg en ku vel þekkt í útlöndum.

Þorgils Óttar segist hafa fylgst með Bubba í gegnum árin og finnst þróun hans á tónlistarsviðinu ánægjuleg. Hann er jafn hrifinn af fyrstu verkum listamannsins og þeim nýjustu og nefnir diskinn Sól að morgni sem góða plötu en hún kom út fyrir þremur árum. „Ég man þegar hann kom fyrst fram og ég sá hann spila á útihátíðum í kringum 1980,“ segir Þorgils Óttar sem finnst ekki síður til mannsins Bubba koma en listamannsins. „Mér finnst mikið í hann spunnið. Hann hefur lent í ýmsu um ævina og talað opinskátt um reynslu sína.“

- bþs




**MATHIESEN OG MORTHENS**
Þorgils finnst mikið í Bubba spunnið og finnst Stál og hníur með betri lögum.

DYNAPAC
Traustur tækjabúnaður





Valtara
Jarðvegsþjöppur
Malbikunarvélar
Fræsarar

KRAFTVÉLAR
Dalvegi 6-8 · 201 Kópavogur
Sími 535 3500 · Fax 535 3509
www.kraftvelar.is



**SLÆMAR FRÉTTIR**
Wolfgang Clement, atvinnumálaráðherra Þýskalands, var allt annað en kátur yfir nýjustu fréttum af atvinnuleysi í Þýskalandi. Talið er að 5,2 milljónir séu án atvinnu sem er það mesta síðan seinni heimsstyrjöldinni lauk.




# Taktu þátt í lífinu!

Ert þú orðin leið / leiður á að vera ein(n) á daginn og hafa lítið fyrir stafni? Vilt þú hitta fólk, spjalla yfir kaffibolla, snæða hádegisverð eða stunda tómstundir í góðum hópi? Miðla af þinni eigin reynslu, læra eitthvað nýtt, taka þátt í lífinu? Við þurfum öll samneyti við aðra. Það er félagsmiðstöð í þínu hverfi. Komdu við. Þú getur einnig haft áhrif. Í þinni félagsmiðstöð er starfandi notendaráð þar sem þeir sem vilja geta tekið virkan þátt í uppbyggingu og starfsemi sinnar félagsmiðstöðvar.

Komdu í **Félags- og þjónustumiðstöðina Bólstaðarhlíð 43.** Þangað gengur leið 3. Notendafundur verður **fimmtudaginn 3. mars nk. kl. 14.00,** kosið nýtt notendaráð. Komdu til okkar eða hafðu samband í síma 535-2760.

Félagsþjónustan í Reykjavík




Bessi Bjarnason:

## Sóknarfæri

„Clint er töffari,“ segir Bessi Bjarnason leikari um kollega sinn og jafnaldra Clint Eastwood, en mynd hans, Million Dollar Baby, vann til fernra Óskarsverðlauna á dögunum og Eastwood var valinn besti leikstjórinn.

Bessi hefur miklar mætur á Clint en hefur þó ekki komist yfir að horfa á allar myndirnar hans. „Ég er ekki búinn að sjá nýju myndina en það er aldrei að vita nema maður kíki einhvern daginn í bíó.“

Bessa finnst Clint þó langflottastur í gömlu spagettí-vestrunum.

Báðir eiga þeir það sameiginlegt að hafa marga fjöruna sopið í leiklistinni, en Bessi hefur aldrei söðlað um og leikstýrt eins og félagi hans vestra. „Kannski er sóknarfæri núna. Það eru svo margir að hætta í Þjóðleikhúsinu að það er aldrei að vita nema maður drífi smá mannskap með sér og leikstýri einum vestra eða svo,“ segir Bessi og gefur ekki upp vonina um eigin Óskarsverðlaun.

Bessi og Clint verða báðir 75 ára á árinu.

- bs




GÓÐIR LANDSMENN

# LOKA-ÚTKALL

**Bókaútsölunni lýkur um helgina!**

**10% VIÐBÓTAR-AFSLÁTTUR**
af öllum íslenskum útsölubókum fram á sunnudag!

**Einnig 10% afsláttur** af öllum öðrum íslenskum bókum sem ekki eru á útsölu fram á sunnudag*, – kjörið tækifæri til að kaupa fermingargjafir, afmælisgjafir og aðrar tækifærisgjafir!

FJÖLDI GEISLADISKA Á GÓÐUM AFSLÆTTI

ERLENDAR ÚTSÖLUBÆKUR Á 50–75% AFSLÆTTI

BÓKABÚÐIR MM — Penninn — Eymundsson

*Að undanskildum íslenskum námsbókum. Útsölunni lýkur sunnudaginn 6. mars

360 gráður

**FBL-GREINING:** VERÐSTRÍÐ Á MATVÖRUMARKAÐI

# *Stefnir harðar inn á lágvöruverðsmarkaðinn*

Verðstríð er hafið á matvörumarkaði. Lágvöruverslunin Krónan sagði Bónus stríð á hendur fyrir helgina með því að lækka verð um 25 prósent á völdum vörutegundum og vildi með því nálgast Bónus í vöruverði. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Viðskiptavinirnir flykktust í Krónuverslanir en Bónus-menn létu sér fátt um finnast og lækkuðu verðið á móti. Þeir segjast ekkert finna fyrir aukinni samkeppni.

**Af hverju fer Krónan í verðstríð nú?**
Krónan átti brösótta byrjun, beindi kröftunum að ódýrri og lélegri sérvöru og nauðsynjavörur eins og mjólk og kjöt voru gjarnan uppurnar seinnipartinn. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Krónunni var breytt fyrir nokkrum árum, sérvaran minnkuð og úrvalið í matvörunni aukið. Enn hafa orðið breytingar. Nú virðist Krónan ætla að marka sér sess sem ein af helstu lágvöruverðsverslunum landsins. Þá breytingu má væntanlega rekja til eigendaskiptanna sem urðu fyrir tæpum tveimur árum þegar Jón Helgi Guðmundsson, eigandi Byko-




veldisins, keypti Kaupás. Hann stýrði Krónunni til að byrja með og síðan tók Sigurður Arnar Sigurðsson við forstjórastarfinu. Þeir hafa greinilega komist að þeirri niðurstöðu að Krónan skyldi stefna harðar inn á lágvöruverðsmarkaðinn.

**Hvernig hefur verðstríðinu hjá Krónunni verið tekið?**
Vel. Neytendur hljóta jú alltaf að taka verðlækkunum vel.

**Hvaða áhrif hefur þetta?**
Ekki er á þessari stundu fyllilega ljóst hvaða áhrif verðstríðið hefur haft eða mun hafa á matvörumarkaðinn. Krónan er jú fremur lítill spilari á heildarmarkaðnum meðan Bónus er risinn með um 50 prósenta markaðshlutdeild. Á hinn bóginn er Krónan hluti af stóru veldi með ýmsum öflugum verslunum á borð við Elko innan vébanda Byko. Það má því búast við að Krónan geti haft nægilegt úthald og þannig mun það væntanlega verða. Til þess hlýtur vilji Jóns Helga Guðmundssonar að vera, annars hefði varla verið farið af stað í stríðið.


FISKBÚÐIN ARBJÖRG
við JL-Húsið
Opið 08:00-18:30
S: 552 5070

Ýsuflök
390 kr. kg
Ýsa í sósu
590 kr. kg
Stórar rækjur
990 kr. kg
Þar sem fiskurinn stoppar stutt






Kynnum vorlínuna frá OROBLU
í Lyfjavali Mjódd í dag frá kl. 13-17.

Kauptu OROBLU
og þú færð sokkabuxur fríar með!

Lyfjaval APÓTEK


# Draumar um virðingu heimsins sjálfsagðir

**Viðhorf þriggja þingmanna úr ólíkum flokkum um þá stefnu stjórnvalda að sækjast eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eru um margt lík. Einar Oddur telur þó engan möguleika á að Ísland nái kjöri.**

„Draumar smáþjóða um að hafa virðingu heimsins eru eðlilegir og sjálfsagðir. Á sama tíma verðum við að átta okkur á því að ekki er sama hvernig við látum þá rætast,“ sagði Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, á fundi Samtaka um vestræna samvinnu og Varðbergs, um þá stefnu stjórnvalda að Ísland taki sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna árið 2007.



**Á VETTVANGI**
UMRÆÐUR UM FRAMBOÐ ÍSLANDS TIL ÖRYGGISRÁÐSINS

**SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR**
BLAÐAMAÐUR

Auk Einars Odds fluttu erindi Jónína Bjartmarz, þingmaður Framsóknarflokksins, og Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri-grænna.

Jónína og Steingrímur voru sammála Einari Oddi um að Íslendingar gætu látið gott af sér leiða í samfélagi þjóðanna á vettvangi öryggisráðsins. Einar Oddur hélt því fram að kostnaður Íslendinga við kosningabaráttuna um sæti í öryggisráðinu væri allt að milljarði króna. „Ég vona að íslenska ríkisstjórnin endurmeti þessa ákvörðun í haust eins og stefnt er að. Það er ekkert launungarmál að ég tel enga möguleika á því að við náum kjöri,“ sagði hann.

Steingrímur sagðist ekki andvígur áformum Íslendinga. „Ég er ekki andvígur því að Ísland axli ábyrgð sem fullvalda þjóð með eðlilegan metnað og sjálfstraust til að taka sæti í öryggisráðinu og tel að við eigum möguleika á að ná sæti,“ sagði Steingrímur.

### Kostnaður legið fyrir frá upphafi

Jónína sagði það hafa legið fyrir frá upphafi að kostnaðurinn við framboðið og við sæti í öryggisráðinu yrði mun meiri en það sem áður hefur verið ráðist í á vettvangi utanríkismála. „Ríkisstjórnin horfðist í augu við þetta og tók eftir sem áður þá formlegu ákvörðun 1998 að sækjast eftir sætinu og lýsti síðan ákvörðuninni formlega yfir við aðildarríkin haustið 2003,“ sagði Jónína.

Einar Oddur hélt því fram að þegar íslenska ríkisstjórnin tók ákvörðun um að sækjast eftir sæti trúði hún því að við yrðum sjálfkjörin, því einungis Austurríkismenn ætluðu sér að gera slíkt hið sama. „Viðhorfið gjörbreyttist þegar Tyrkir gáfu kost á sér og sækja þeir það mjög hart. Tyrkir gegna lykilhlutverki í heiminum gagnvart þeim hættum sem að okkur steðja. Tyrkland er hluti hins vestræna heims. Þeir hafa hins vegar tengsl við íslamskar þjóðir sem fá önnur vestræn ríki geta státað sig af. Tengslin milli kristinna manna og íslamstrúarmanna í heiminum verða að taka sinnaskiptum. Við getum haft fullan sóma af því að styðja Tyrki til að gegna þessu starfi í öryggisráðinu,“ sagði Einar Oddur.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FUNDAÐ UM FRAMBOÐ TIL ÖRYGGISRÁÐSINS**
Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Jónína Bjartmarz, þingmaður Framsóknarflokksins, og Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri-grænna, fluttu erindi.

Jónína vísaði þessu alfarið á bug. Hún benti á að ekki hefði legið fyrir við hverja yrði keppt þegar ákvörðunin var tekin. „Ákvörðunin er liður í þeirri viðleitni íslenskra stjórnvalda að sækjast eftir meiri ábyrgð í alþjóðlegu samstarfi,“ sagði Jónína. „Hún er einnig liður í því að vega upp á móti missi á hernaðarlegu mikilvægi landsins, sem var á sínum tíma ákveðin trygging fyrir því að hagsmuna okkar væri gætt. Hún kemur einnig til vegna þess að við erum sannarlega orðin ein ríkasta þjóð heims og eðlilegt að til okkar séu gerðar kröfur til samræmis við það,“ sagði Jónína

### Boðberar friðar og mannréttinda

Steingrímur minnti á það að öryggisráðið væri sú stofnun sem sigurvegarar síðari heimsstyrjaldarinnar hefðu stofnað og ráðið endurspegli valdahlutföll í heiminum fyrir síðari heimsstyrjöld. „Það útskýrir að þjóðir á borð við Frakka fara með neitunarvald í ráðinu en ekki til að mynda Japanar, með stærsta efnahagskerfi heimsins, eða Indverjar, ein fjölmennasta þjóð heims. Þetta hefur leitt til þess að mikil umræða hefur spunnist um að endurskipuleggja þurfi öryggisráðið. Ef við viljum fá sæti í ráðinu verðum við að vera meðvituð um hvernig málin þróast, hvernig öryggisráðið breytist og móta stefnu okkar í þeim efnum,“ sagði hann.

Steingrímur spurði þeirrar spurningar hvort æskilegt væri að fara inn í öryggisráðið nú við þessar aðstæður eða hvort betra væri að sjá til hverjar breytingarnar á því verði.

Hann sagði að fyrirvarar sínir varðandi setu Íslendinga í öryggisráðinu væru nokkrir. „Að sjálfsögðu skiptir kostnaðurinn máli. Hann er ekki verjandi í ljósi þess hve mikil þörf er fyrir peninga í alþjóðlegu þróunarstarfi eða jafnvel hér heima við,“ sagði hann.

Þá sagði Steingrímur að mikilvægt væri að tryggja það að Ísland ætti sæti í öryggisráðinu á eigin forsendum, með sjálfstæða, óháða stefnu. „Við eigum að vera boðberar friðar og mannréttinda með áherslu á lýðræðislega og lögmæta stjórnarhætti í alþjóðasamstarfinu. Aðeins þannig getur smáþjóð eins og Ísland haft eitthvað að segja,“ sagði Steingrímur. ■




**EKKI TAKA STÆRSTU ÁKVÖRÐUN ÆVI ÞINNAR ÁN ÞESS AÐ KYNNA ÞÉR MÁLIN VEL.**

**KOMDU Í BORGARLEIKHÚSIÐ, LAUGARDAGINN 5. MARS, KL. 11-17**

Kynning á námsframboði háskólanna sjö.

Ráðgjöf um nám erlendis, stúdentaíbúðir, námslán o.fl.

Starfatorg – áhugaverð umfjöllun um ýmsar spennandi starfsgreinar.

Háskólinn á Akureyri • Háskólinn í Reykjavík/Tækniháskóli Íslands
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum • Kennaraháskóli Íslands • Landbúnaðarháskóli Íslands
Listaháskóli Íslands • Viðskiptaháskólinn Bifröst.

Stuðningsaðilar:

ÍSLANDSBANKI Landsbankinn KB BANKI Byggingafélag námsmanna og vodafone

**STÓRI HÁSKÓLADAGURINN**

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Neytendur geta kæst yfir boðaðri samkeppni í lágvöruverslun.

## Samkeppni á matvörumarkaði

Nýtt eignarhald á Kaupási er farið að segja til sín á matvörumarkaði. Krónan, lágvöruverslun Kaupáss, hefur lækkað verð á matvöru og boðar nú harðari samkeppni á ódýrasta hluta matvörumarkaðarins. Þetta eru ánægjuleg tíðindi, enda er hörð samkeppni það sem færir almenningi mestar kjarabætur.

Í umræðu þjóðfélagsins hafa ýmsir séð öll tormerki á því að hægt væri að keppa við veldi Baugs á matvörumarkaði. Með reglulegu millibili hafa menn hrópað á sérstakar aðgerðir til þess að koma skikki á matvörumarkaðinn. Aðrir hafa verið þeirrar skoðunar að markaðurinn leysi slík mál. Útspil Krónunnar er sönnun þeirra sjónarmiða að markaðurinn sé besti dómarinn í viðskiptum og enginn getur til lengdar slakað á í rekstri. Þannig varð Bónus til á sínum tíma og forsvarsmenn fyrirtækisins hafa marglýst því yfir að þeir séu meðvitaðir um þann dauða í rekstri sem felst í því að halda sig eiga markað fyrirhafnarlaust.

**„Aldrei hafa fleiri verið í stakk búnir til þess að láta til sín taka í íslensku viðskiptalífi. Sú staðreynd er góð tilhugsun fyrir íslenskan almenning. Hún þýðir að aflið til fjárfestingar er mikið og ef þau fyrirtæki sem nú eru í rekstri slá slöku við og sofna á verðinum, þá munu menn sjá tækifæri til innkomu á markaðinn.**

Fróðlegt verður að fylgjast með samkeppninni á næstunni. Verðstríð hafa tilhneigingu til að verða ansi skemmtileg fyrir neytendur. Vöriverð á það til við slíkar aðstæður að fara tímabundið niður undir kostnaðarverð og neytendur kætast og hamstra útsöluvörurnar.

Í umræðum um markað og markaðsráðandi stöðu fyrirtækja gætir oft misskilnings. Menn láta eins og markaðsráðandi fyrirtæki séu vandamálið. Það er ekki raunin, nema þau misnoti stöðu sína. Það að fyrirtæki verði markaðsráðandi er oftar en ekki vegna þess að það hefur staðið sig best í samkeppninni, náð að hasla sér völl á markaði með því að bjóða besta verðið og þjónustuna. Sá árangur næst ekki nema með því að vaka yfir hagkvæmni á öllum sviðum rekstrarins. Sú hagkvæmni skilar sér til alls almennings í lægra vöruverði. Hlutfall matvöru í heildarútgjöldum heimilanna hefur farið hríðlækkandi síðasta áratuginn. Venjulegt fólk hefur nú meiri fjármuni til ráðstöfunar í aðra hluti en vistir til heimilisins. Þrátt fyrir að Bónusverslanirnar hafi ríkt á lágvörumarkaðnum verður ekki annað sagt en að fyrirtækið hafi reynt að hegða sér eins og það sé í harðri samkeppni. Vöruverð hefur allan tímann verið umtalsvert lægra en hjá næsta keppinauti sem bendir til þess að fyrirtækið hafi staðist þá freistingu að nota sér yfirburðastöðu á lægsta hluta markaðarins. Krónan stígur nú sín fyrstu skref í beinni samkeppni við Bónus og vonandi munu þessi fyrirtæki takast á um hylli sparsamra neytenda á komandi árum.

Í íslensku samfélagi hefur orðið gríðarleg eignamyndun á undanförnum árum. Aldrei hafa fleiri verið í stakk búnir til þess að láta til sín taka í íslensku viðskiptalífi. Sú staðreynd er góð tilhugsun fyrir íslenskan almenning. Hún þýðir að aflið til fjárfestingar er mikið og ef þau fyrirtæki sem nú eru í rekstri slá slöku við og sofna á verðinum, þá munu menn sjá tækifæri til innkomu á markaðinn. Samkeppni og samkeppnishugsun er sem betur fer allt meira ríkjandi á markaði og ekkert svæði á markaðnum er öruggt nema að menn standi sig betur en næsti maður. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vinir á Bifröst

Össur Skarphéðinsson skrifar skemmtileg pólítísk eftirmæli um Bryndísi Hlöðversdóttur á vefsíðu sína í gær en minnist ekki einu orði á arftaka hennar á þingi. Össur vekur athygli á því að Bifrastarháskóli er orðið mikið hreiður Samfylkingarfólks. Nefnir að Bryndís setjist í sæti Ingibjargar Þorsteinsdóttur „sem er okkur í Samfylkingunni líka að góðu kunn því hún stýrir lýðræðishópi framtíðarnefndarinnar". Og Bryndís mætir fleiri „góðum vinum á Bifröst", skrifar hann. „Þar er til dæmis gamall þingmaður okkar jafnaðarmanna, Magnús Árni Magnússon, í sæti aðstoðarrektors. Ég á skemmtilegar minningar af samveru okkar í þinginu. ... Magnús stóð sig ákaflega vel þó kornungur væri þá. Svo er líka starfandi á Bifröst Hólmfríður Sveinsdóttir, sem hefur setið á þingi sem varaþingmaður fyrir okkur jafnaðarmenn. Ógleymdur er þá Runólfur rektor sem var upprennandi stjarna í Alþýðubandalaginu þegar við stofnuðum Birtingu sællar minningar."



### Dolfallin

Guðrún Ágústdóttir, sendiherrafrú í Stokkhólmi, var um skeið einn helsti forystumaður R-listans í borgarstjórn Reykjavíkur. Þess vegna vekur það athygli þegar hún sér ástæðu til að kveðja sér hljóðs um borgarmál eftir nokkurra ára fjarveru og gagnrýna stjórnendur borgarinnar. Það er Laugavegsmálið sem er tilefni skrifa Guðrúnar sem birtust í Morgunblaðinu í gær. Hún segist vera dolfallin andspænis hugmyndum um niðurrif 25 gamalla húsa við götuna. Hún rifjar upp að hún hafi á sínum tíma haft húsverndarmál á sinni könnu í borgarstjórn og þá hafi verið gerð formleg samþykkt um að friða eða vernda 12 af þeim 25 húsum sem nú eigi að hverfa. „En nú blása kaldir vindar um Laugaveginn okkar", segir hún. „Og þau rök sem nú virðast vega hvað þyngst um niðurrif á Laugaveginum eru nákvæmlega þau sömu og notuð voru um að Bernhöftstorfuna mætti rífa niður á sínum tíma."

gm@frettabladid.is

# Öðruvísi heimsveldi

Í DAG
EVGRÓPUSAMBANDIÐ



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

Það er skiljanlegt að Bandaríkjamönnum gangi stundum illa að taka Evrópusambandið alvarlega sem heimsveldi. Þeir kvarta undan því að vita ekki við hvern þeir eiga að tala í Evrópu og að ESB sé svo innbyrðis klofið að það ekki sé hægt að líta á það sem samstætt fyrirbæri þegar kemur að alþjóðamálum. Að auki benda þeir á að ESB ráði hvorki yfir herstyrk sem sé með nokkru móti sambærilegur við herveldi Bandaríkjanna, né sé líklegt að Evrópumenn komi sér saman um að beita því vopnavaldi sem ríki sambandsins ráða þó í sameiningu yfir. Þegar Bush heimsótti Evrópusambandið í síðustu viku voru tveir menn helst í fyrirsvari fyrir ESB. Annar þeirra er forsætisráðherra Lúxembúrgar þar sem herinn er fámennari en fylgdarlið Bush í Brussel og það þótt annars alveg ágæt lúðrasveit lúxembúrgska hersins sé talin með. Hinn er fyrrverandi forsætisráðherra Portúgals, lands sem ekki hefur verið stór aðili að heimsmálunum síðustu aldir, og að auki maður sem í aðdraganda Íraksstríðsins var gestgjafi leiðtogafundar hinna herskáu bandamanna án þess þó að styðja innrásina. Í hópi leiðtoga ESB sá Bush bæði nánustu bandamenn sína og menn sem hafa veitt Bandaríkjunum öflugra aðhald í heimsmálunum en nokkrir aðrir.

**„Það er ekki aðeins hvað varðar lýðræði, þróunaraðstoð, mannréttindi, umhverfismál, alþjóðalög og menningu sem Evrópusambandið hefur virkað sem leiðandi heimsveldi, heldur er það mikilvægasti markaður flestra þjóða heims.**

Það eru auðvitað ekki aðeins Bandaríkjamenn sem eiga erfitt með að taka ESB alvarlega sem heimsveldi. Flestir Evrópubúar líta til eigin höfuðborga frekar en til Brussel þegar kemur að mörkun utanríkisstefnu. Sameiginlegir hagsmunir Evrópulanda verða hins vegar sífellt augljósari og um leið veigameiri í mörkun utanríkisstefnu hvers lands fyrir sig. Hugmyndir þorra Evrópumanna um veröldina reynast líka oftar en ekki tiltölulega svipaðar. Þetta kom vel í ljós þegar sundrung ríkti á meðal leiðtoga Evrópulanda um afstöðuna til innrásar Bandaríkjamanna og Breta í Írak. Skoðanir almennings í Evrópu á þessu máli voru tiltölulega líkar í löndum álfunnar þótt ríkisstjórnir kæmust að ólíkum niðurstöðum. Meirihluti fólks í Evrópu vill að hvert ríki fyrir sig haldi sínu fullveldi í mikilvægustu greinum utanríkismála en þó hníga flest rök til þess að á næstu árum muni samstarf og samræming á sviði utanríkismála innan ESB vaxa stórlega frá því sem verið hefur.

Þótt ESB hafi ekki sameiginlega stefnu í mörgum mikilvægum greinum heimsmála kemst Evrópusambandið hreinlega ekki hjá því að hafa mjög umfangsmikil áhrif í heiminum. Þrátt fyrir sundrungina og viljaleysi til beinnar þátttöku í átakamálum heimsins er Evrópusambandið það fyrirbæri á jörðinni sem kemst næst því að vera heimsveldi við hlið Bandaríkjanna enda eru áhrif á gang heimsmála ekki eingöngu fólgin í beitingu vopnavalds. Ríki Evrópusambandsins og sambandið sjálft veita flestum af fátækustu ríkjum heims þorra þeirrar aðstoðar sem þau fá og standa undir talsverðum meirihluta af öllum útgjöldum til þróunar og hjálparstarfs í veröldinni. Eftir flóðin í Asíu um jólin veitti Þýskaland eitt þrisvar sinnum meiri aðstoð en Bandaríkin svo dæmi sé tekið. Tilvist Evrópusambandsins og vilji ríkja þess hefur líklega stuðlað meira en nokkuð eitt annað að þeirri djúpstæðu þróun til lýðræðis og mannréttinda sem átt hefur sér stað í austanverðri og sunnanverðri Evrópu, og allt til Tyrklands, á síðustu árum. Vonin um aðild að ESB hefur í grundvallaratriðum mótað á annan tug ríkja á síðustu árum og gerir enn. Um leið eru það ESB og ríki innan þess sem leiða alþjóðlega baráttu gegn umhverfisspjöllum og hlýnun andrúmsloftsins á meðan Bandaríkin halda að sér höndum. Það eru einnig þessi sömu Evrópuríki sem berjast fyrir þéttara neti alþjóðalaga og aukinni virðingu fyrir þeim. Í þeim efnum hafa Bandaríkin stundum verið helsti andstæðingur ESB ríkja, til dæmis hvað varðar alþjóðlegan stríðsglæpadómstól, sem Bandaríkin berjast gegn, og hvað varðar þann skilning að innrás eins ríkis í annað skuli ólögmæt nema samþykki öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna fáist fyrir henni.

Það er ekki aðeins hvað varðar lýðræði, þróunarhjálp, mannréttindi, umhverfismál, alþjóðalög og menningu sem Evrópusambandið hefur virkað sem leiðandi heimsveldi, heldur er það mikilvægasti markaður flestra þjóða heims. Þótt menn horfi nú mjög til gífurlegra viðskipta Kína og Bandaríkjanna þá er ESB stærri markaður fyrir Kína en Bandaríkin og það sama má segja um stóran hluta ríkja heimsins. ■




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 8.31 | 13.40 | 18.50 |
| AKUREYRI | 8.20 | 13.24 | 18.31 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

**börn o.fl.**

Vinsælustu leikföngin

BLS. 4



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

## Góðan dag!

Í dag er miðvikudagur 2. mars, 61. dagur ársins 2005.

### KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar** *byrja í dag á bls. 5*

**Flokkar**

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Elsa Karen nýtur þeirra forréttinda að umgangast hesta í uppvextinum þótt hún sé borgarbarn.

# Fékk hnakk með slaufum í jólagjöf

***Elsa Karen Þorvaldsdóttir Sæmundsen er fjögurra ára fjörug stelpa sem alltaf er að læra eitthvað nýtt. Hún kann til dæmis að reima skóna sína sjálf og binda slaufu. En við hittum hana í hesthúsinu með pabba.***

Elsa Karen er greinilega vön að umgangast hesta og henni þykir lyktin af þeim góð. Hún er meira að segja svo rík að eiga sinn eigin hest sem heitir Vængur. „Hann er fjögurra ára eins og ég," segir hún brosandi og lætur svo blaðamann geta upp á hvað hún fékk í jólagjöf frá pabba og mömmu en hann gatar á prófinu. „Ég fékk hnakk og hann var með slaufum," upplýsir hún ánægjuleg.

Þegar hún er beðin að sýna Væng vandast málið því hann er ekki heima. „Vængur er í skóla uppi í sveit. Það er verið að temja hann svo ég geti verið á honum," útskýrir Elsa Karen og hlakkar til að fá þennan vin sinn til baka. Sjálf er hún líka í skóla á daginn. Það er leikskóli sem heitir Rauðaborg. Á laugardögum er hún í fríi en þá fer hún að æfa ballett hjá Sigríði Ármanns. „Svo borða ég líka nammi á laugardögum," segir hún grallaraleg. En hvað skyldi henni þykja skemmtilegast að gera. „Leika mér með barbí og fara á hestbak," segir hún og kallar í pabba sinn og biður hann að lyfta sér á bak. Situr fyrst hin keikasta og hallar sér svo makindalega fram á makkann til að finna góðu lyktina af faxinu. ■

# Málið að vera á réttri hillu

***Stóri háskóladagurinn verður haldinn næstkomandi laugardag. Gestir og gangandi geta kynnt sér námsframboð sjö háskóla.***

„Vertu viss um að þú verðir á réttri hillu," er yfirskrift Stóra háskóladagsins sem haldinn verður hátíðlegur á laugardaginn, 5. mars, frá kl. 11 til 17 í Borgarleikhúsinu. Fram fer sameiginleg kynning sjö háskóla, Háskólans á Akureyri, Háskólans í Reykjavík/Tækniháskóla Íslands, Hólaskóla, Kennaraháskólans, Landbúnaðarháskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Á kynningunni verður líflegt um að litast; hægt verður að kynna sér námsframboð háskólanna, fá ráðgjöf um ýmislegt, svo sem nám erlendis, stúdentaíbúðir, námslán og fleira. Starfatorg verður jafnframt í gangi og þar verður fjallað um ýmsar spennandi starfsgreinar. Þá verður dagskrá á Litla sviðinu þar sem hver skóli kynnir starfsemi sína. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðum háskólanna sjö. ■



Nemendur útskrifast með MBA-próf frá Háskólanum í Reykjavík.

# LIGGUR Í LOFTINU

## *í námi*

**Hláturæfing** Hláturkætiklúbbsins verður haldin í dag, miðvikudag, klukkan 17.30. Æfingin fer fram húsakynnum heilsumiðstöðvarinnar Maður lifandi, Borgartúni 24. Æfingin stendur í um hálfa klukkustund og síðan taka þátttakendur lagið saman. Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason stjórna æfingunni að þessu sinni. Allir eru hjartanlega velkomnir.



**Menntamálaráðuneytið** auglýsir eftir umsókn um skólavist við tvo alþjóðlega menntaskóla. Námið tekur tvö ár og lýkur með alþjóðlegu stúdentsprófi. Skólarnir eru annars vegar alþjóðlegur menntaskóli í Fjaler í Noregi og hins vegar Li Po Chun United World College í Hong Kong. Nánari upplýsingar eru að finna á vef menntamálaráðuneytisins.



**Lífið** í fjölbreytileika sínum er þema nemendasýninga Jazzballettskóla Báru sem verða haldnar 12., 13. og 19. mars í Borgarleikhúsinu. 750 nemendur, á aldrinum 7 til 25 ára, bregða sér í ýmis hlutverk og teknar verða fyrir ýmsar hliðar á lífinu – allt frá frumskógarlífi til hins tæknivædda andrúmslofts viðskiptalífsins. Miðasalan er hafin og er aðgangseyrir 1.500 krónur.

**Notagildi sálgreiningar** er yfirskrift fyrirlestrar sem Sæunn Kjartansdóttir heldur á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri í dag, kl. 12. Sæunn fjallar meðal annars um sálgreiningu sem meðferðarform og hvað greinir hana frá annarri viðtalsmeðferð og í hverju notagildi sálgreiningar felst.

*nam@frettabladid.is*

FJARNÁM MEÐ NÝJU SNIÐI BYRJAÐU NÚNA!

ÞÚ LÆRIR Á ÞÍNUM HRAÐA OG KEMUR Í PRÓF ÞEGAR ÞÉR HENTAR



WWW.MENNTAVEFURINN.IS

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

OFANLEITI 1 103 REYKJAVÍK SÍMI 5 900 600 FAX 5 900 602 WWW.VERSLO.IS FJARNAM@VERSLO.IS

**Upprifjun**
Eftir hverja kennslustund er gott að rifja hana upp í huganum eða skrifa helstu atriðin niður á blað. Þetta getur verið góð leið til að muna námsefnið betur auk þess sem það eykur skilning á því.

**Námskeið fyrir fólk með félagskvíða**


Rúnar Helgi Andrason
sálfræðingur


Sóley Dröfn Davíðsdóttir
sálfræðingur

- Átt þú erfitt með að vera innan um fólk?
- Er feimni að há þér í lífinu?
- Áttu erfitt með að tala fyrir framan aðra?

10 vikna námskeið undir stjórn löggildra sálfræðinga.

**Markmið námskeiðsins eru:**
- Að yfirstíga feimni og félagskvíða
- Aukið sjálfstraust
- Bætt tjáning og hæfni í mannlegum samskiptum
- Aukin sjálfsþekking
- Bætt almenn líðan

Brynja Benediktsdóttir leikstjóri mun kenna framkomu og líkamstjáningu á námskeiðinu.

Námskeiðið hefst þann 9/3 nk. Upplýsingar og skráning í síma 8942995 og 6983720 eftir kl. 17.00 á daginn.


JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR

**Notaðu Jurtir til að bæta heilsuna**
**Kolbrún grasalæknir kennir eftirtalin námskeið.**

*7. mars* **Tíu helstu lækninga jurtir.**
*10. mars* **Jurtir og mataræði fyrir gigt.**
*14. mars* **Jurtir og mataræði fyrir taugakerfið.**

**Opið: Virka daga 10-18**
**Laugardaga 11-14**

Hvert námskeið kostar 4900 kr.
Skráning í síma 552 1103

**Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is**




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Guðbjörg Kristín, Davíð Fjölnir og Hildur voru eins og stíliseruð fyrir myndatökuna, þær í rauðu, hann í bláu!

# Skilar ánægðara og hæfara afgreiðslufólki

***Starfsmenn úr hinum ýmsu deildum nokkurra verslunarkeðja hafa sest á skólabekk til að auka hæfni sína, þjónustulund og vöruþekkingu. Námið tekur eitt og hálft ár og er sniðið að þörfum verslunarinnar enda fer það fram í Verzlunarskóla Íslands.***

Einn af nemendunum er að halda stutta tölu þegar Fréttablaðið ryðst inn í kennslustund með góðfúslegu leyfi verkefnisstjórans Hildar Friðriksdóttur. Ræðumaðurinn lætur ekki slá sig út af laginu og heldur áfram að fjalla um þjónustu við ferðamenn og hinir nemendurnir hlýða á. Hann er starfsmaður á bensínstöð enda er Olíufélagið meðal þeirra fyrirtækja sem standa að náminu með Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Samtökum verslunar og þjónustu, VR og Verzlunarskólanum. Hin fyrirtækin eru Samkaup, Hagar og Kaupás.

Áður en frímínúturnar hefjast tyllum við Hildur okkur framan við kennslustofuna og hún lýsir fyrirætlunum með náminu. „Verslunarfagnámið er nýtt af nálinni og er sérhannað fyrir almennt starfsfólk í verslunum. Það eru 12 þúsund manns sem vinna í smásölu hér á landi en í fyrsta nemendahópnum eru tuttugu. Upphafslotan miðar að því að styrkja sjálfstraust hvers og eins nemanda, til dæmis með því að fá hann til að standa upp og miðla til hinna og oft skapast miklar umræður í tímum. Kennararnir eru bæði úr þessum skóla og úr atvinnulífinu og nemendur læra hver af öðrum líka. Því þótt þetta fólk eigi margt sameiginlegt í starfinu þá kemur það úr ólíkum áttum og hefur margháttaða reynslu. Þetta er fyrsti hópurinn af mörgum en námið á líka að hafa margfeldisáhrif því nemendurnir eiga að miðla þekkingu sinni til samstarfsfólksins hver á sínum vinnustað.“

Nú fjölgar í setustofunni og við fáum tvo af nemendunum til að setjast hjá okkur, þau Guðbjörgu Kristínu Pálsdóttur, starfsmann í Hagkaup í Smáralind og Davíð Fjölni Ármannsson, starfsmann í Byko við Hringbraut. Þau eru bæði ánægð með að hafa fengið þetta tækifæri til að mennta sig. „Námið breytir að vissu leyti viðhorfum manns til starfsins og víkkar sjóndeildarhringinn,“ segir Guðbjörg og Davíð tekur undir það. „Þetta er mjög hagnýtt nám sem á örugglega eftir að skila sér í ánægðara og áhugasamara afgreiðslufólki.“ *gun@frettabladid.is*

## Óþarfi að vera golfsnillingur

ANNA DÍA ERLINGSDÓTTIR, EIGANDI GOLFLEIKJASKÓLANS, STENDUR FYRIR KVENNAGOLFVIKU Á JÓTLANDI Í DANMÖRKU DAGANA 12. TIL 18. JÚNÍ Í SUMAR.

„Konur sem hafa farið með mér síðustu tvö hár hafa fundið sér spilafélaga í ferðinni og hafa gert mikið saman eftir ferðina, hist og spilað á mótum og þess háttar,“ segir Anna Día. Þrjátíu konur komast í ferðina sem er golfskóli til þess að auka færnina í golfi, spila golf ásamt því að skemmta sér í góðum hópi. „Allur hópurinn er samferða í öllu og þetta er geysilega góður félagsskapur. Konurnar þurfa alls ekki að vera neinir golfsnillingar en kennararnir fara fram á að þær viti aðeins um hvað golf snýst. Síðan er spilað golf í þrjá tíma á dag í þrjá daga og spilað hinn helming dagsins og haldin mót og þess háttar,“ segir Anna Día en sex kvengolfarar sinna golfkennslunni í golfskólanum sem fer fram á Himmerland Golf & Countryclub. Á svæðinu eru þrír átján holu golfvellir, par 3 völlur, PGA völlur og almennur golfvöllur. Boðið er upp á gistingu í golfhúsum við golfvellina eða á nýju hóteli en öll þjónusta er í göngufæri, til dæmis sundlaug, sána og snyrtistofa.

Fararstjórar í ferðinni eru Anna Día og Tinna Ósk Óskarsdóttir, dóttir hennar, sem bjó úti hjá fólkinu sem rekur Himmerland golfskólann. „Hún kynntist staðnum einstaklega vel sem og við í fjölskyldunni því við heimsóttum hana oft. Við erum næstum því eins og innfæddar,“ segir Anna Día og hlær.

Nánari upplýsingar um ferðina er að finna á vefsíðunum himmerlandgolf.dk og golfleikjaskolinn.is. ■


Hér snæða nemendur golfskólans kvöldverð með golfkennurunum á Himmerland en myndin er úr ferðinni sem farin var í fyrra.


Stelpurnar í golfsveiflu í golfskólanum í fyrra.


Katrín Jakobsdóttir mun leiða fólk í gegnum heim sakamálasögunnar á námskeiði hjá Mími-símenntun.

## Spennandi sakamálasögur

NÝTT NÁMSKEIÐ HJÁ MÍMI-SÍMENNTUN HEFST Í KVÖLD.

Spennandi námskeið um sakamálasögur hjá Mími-símenntun undir leiðsögn Katrínar Jakobsdóttur hefst í kvöld. Fjallað verður um sakamálasögur frá 19. öld til okkar daga og rætt verður um uppruna sakamálasagna sem tegundar. Jafnframt verða skoðaðar nokkrar gamlar sögur, bæði innlendar og erlendar og litið verður á helstu strauma og stefnur í sakamálasögum samtímans. Íslenskar sögur skoðaðar í ljósi þess sem er á döfinni erlendis. Námskeiðið stendur yfir næstu þrjú miðvikudagskvöld. ■

# Allir geta ræktað matjurtir í eigin garði

***Námskeið um ræktun matjurta verður haldið í Námsflokkum Hafnarfjarðar í mars. Þar getur fólk meðal annars lært að rækta eigin hvítlauk, salöt og krydd.***

„Ég ætla að stikla á því helsta sem viðkemur ræktun mat- og kryddjurta í heimilisgörðum,“ segir Auður Jónsdóttir, garðyrkjufræðingur og leiðbeinandi á námskeiðinu. „Við munum til dæmis ræða um grundvallaratriði ræktunarinnar eins og jarðveginn og skoða staðsetningu, sáningu og forræktun matjurta.“

Auður segir að gríðarleg aukning hafi orðið á undanförnum árum á alls kyns tegundum til ræktunar. „Þetta helst í hendur við breytta matarmenningu. Áður var matjurtagarðurinn oft lítið horn í garðinum á bak við runna og í mesta lagi verið að rækta kartöflur og rófur. Nú er í boði mikið úrval af nýjum og spennandi tegundum og alltaf bætist við. Fólk getur auðveldlega ræktað alls konar salöt eins og til dæmis klettasalat, og matjurtir eins og steinselju, tímían, sítrónumelissu, salvíu og graslauk svo eitthvað sé nefnt. Svo er matlaukurinn mjög spennandi, ég hef verið að rækta bæði skalotlauk og hvítlauk og það hefur gengið mjög vel.“

Auður bendir á að ekki þurfi mikið pláss fyrir matjurtagarð og í viðbót við notagildið séu matjurtirnar oft mjög fallegar og litskrúðugar. „Þá eru berjarunnar hvers konar að verða vinsælir aftur eins og rifs- og sólber og einnig er hægt að rækta stilkilsber. Aðalatriðið er að byrja smátt og á auðveldum tegundum. Það er auðvitað miklu skemmtilegra að borða jurtir sem maður ræktar sjálfur, að ég tali nú ekki um ef þær eru lífrænt ræktaðar.“

Þeir sem vilja fræðast meira geta skellt sér á námskeiðið í Námsflokkum Hafnarfjarðar sem hefst miðvikudagsvöldið 9. mars. Námskeiðið stendur þrjú miðvikudagskvöld.

*edda@frettabladid.is*



Auður Jónsdóttir garðyrkjufræðingur leiðbeinir um ræktun matjurta hjá Námsflokkum Hafnarfjarðar.

# Enska fyrir fólk í ferðaþjónustu

***Mímir-símenntun býður upp á fjarnám í ensku í fyrsta sinn.***

Fjarnám í ensku fyrir fólk í ferðaþjónustu, þar sem tekið er mið af orðaforða í greininni, er nú í fyrsta sinn í boði hérlendis. Námið er ætlað þeim sem starfa í ferðaþjónustu en hafa litla enskukunnáttu og tekur námið 10 vikur. Reiknað er með um það bil tveggja tíma vinnu á nemanda á viku eða samtals um 20 klukkustundir á námskeiðinu í heild. Þessi tími getur verið breytilegur allt eftir því hvað nemendur hafa lært mikla ensku áður. Þátttakendur verða að hafa lágmarksþekkingu á tölvu, geta unnið verkefni í Word og kunna að fara á netið.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



Fólk í ferðaþjónustu getur nú sótt enskunám í gegnum netið hjá Mími-símenntun.

Frekari upplýsingar er að fá hjá Mími auk þess sem hægt er að skrá sig gegnum vefsíðu skólans á Mimir.is. Starfsmenntaráð styrkti verkefnið árið 2002 og er þetta í fyrsta sinn sem námskeiðið er keyrt. ■




Frá Toppi til Táar

www.jsb.is

TT námskeið

Viltu ná glæsilegum árangri?

**Námskeiðin sem slegið hafa í gegn**
**Ný TT-Námskeið hefjast 13. mars 2005**

**Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega.**

Við höfum þróað TT námskeiðin í 15 ár og búum því yfir reynslu og þekkingu til að veita konum leiðsögn um lífshætti sem skila árangri.
Við veitum persónulega þjónustu í notalegu umhverfi þar sem alger trúnaður ríkir.

***Námskeiðin fela í sér leiðbeiningar um mataræði og líkamsbeitingu, líkamsrækt, fundi, vigtun og mælingar.***
**Einnig veita sérfræðingar í förðun, tísku og hári ráðleggingar.**

***Tvenns konar TT-námskeið eru í boði:***
***TT-1*** *ef þú ætlar að standa í stórræðum*
***TT-2*** *ef þú ert vel á veg komin og vilt aðhald*

**Vertu velkomin!**

***Innritun er hafin***
***Vinsamlega staðfestu fyrir 7. mars***

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun JSB 803-05



## Tölvunámskeið fyrir konur

**- fyrir byrjendur og lengra komnar -**
**- áhersla á persónulega leiðsögn -**

**Word ritvinnsla - Power Point glærur**
**Excel - Myndvinnsla - Vefsíðugerð**
**Notkun á Internetinu - Tölvupóstur**

**Gerð kynningarefnis, kynningarbæklinga, nafnspjalda, auglýsinga og boðskorta, t.d. fyrir heimakynningar.**

**Tölvukennari: Jóna Björg Sætran M.Ed., Námstækni ehf., s. 899 4023, www.namstaekni.is**



Keramik fyrir alla

**Vá, hvernig er þetta gert?**



**Komdu og lærðu nýjar aðferðir.**

Þriðjudagskvöld
8. mars, kl 20-23.

**Keramik fyrir alla**

sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is



birta

SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »



## Ný námskeið að hefjast á næstunni

*Eitthvað við allra hæfi*

- **Enska fyrir fólk í ferðaþjónustu - fjarnám, 10 vikur frá 4. mars. Umsjón: Caroline Nicholson og Þorvaldur Pálmason**
  Námið er ætlað þeim sem hafa litla enskukunnáttu. Lögð er áhersla á orðaforða sem tengist ferðaþjónustu og það sem henni fylgir.
- **Sakamálasögur, mi. kl. 20:30-22, 3 vikur frá 2. mars. Umsjón: Katrín Jakobsdóttir**
  Fjallað verður um sakamálasögur frá 19. öld til okkar daga. Rætt verður um uppruna sakamálasagna sem tegundar. Skoðaðar verða nokkrar gamlar sögur, innlendar sem erlendar. Þá verður litið á helstu strauma og stefnur í sakamálasögum samtímans og íslenskar sögur skoðaðar í samhengi við það sem er á döfinni í útlöndum.
- **Hönnun og skipulag, fi. kl. 18:30-20:45, 3 vikur frá 3. mars. Umsjón: Hrönn Sævarsdóttir**
  Á námskeiðinu verður fjallað um helstu stefnur og strauma sem ríkja í innanhússhönnun í dag. Námskeiðið fer fram í fyrirlestrum, leyst verkefni og einnig verður farið í vettvangsferð.
- **Háborgin Spánar… - Madrid í máli og myndum, þri. 26. og fi. 28. apríl. Umsjón: Kristinn R. Ólafsson**
Líflegir og fjörugir vinnustaðir. Alltaf nóg að gera og góðir möguleikar fyrir duglegt fólk að vinna sig upp. Mjög samkeppnishæf laun í boði.

Umsóknareyðblöð liggja frammi á veitingastöðunum eða á heimasíðu www.mcdonalds.is

i'm lovin' it

argus - 05-0071

# Kranamenn og byggingaverkamenn

Vegna mikilla verkefna óskum við eftir að ráða öfluga starfsmenn í hópinn. Umsóknareyðublöð eru á **www.husbyggehf.is** og á skrifstofu, **Hlíðarsmára 9**, Kópavogi. Frekari upplýsingar veitir Einar í síma **897 0770**.

HÚSBYGG

# Fyrirtæki til sölu.

Fyrirtækið framleiðir glugga, hurðir, svalalokanir ofl. úr álprófílum. Áhugasamir vinsamlegast leggið inn nafn og símanúmer hjá Fréttablaðinu, merkt: Vor-2005.



**KURT WEILL (1900-1950)** fæddist þennan dag.

*„Ég hef aldrei gert greinarmun á „alvarlegri“ og „léttri“ tónlist.“*

***Tónskáldið Kurt Weill var gyðingur fæddur í Þýskalandi en flúði nasistana og flutti til Bandaríkjanna árið 1935. Eftir hann liggur fjöldi tónsmíða, en þekktastur er hann fyrir tónverk ætluð fyrir leikhús og samstarfið við leikritaskáldið Berthold Brecht.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Jómfrúarflug Concorde-þotunnar*

Þennan dag árið 1969 var Concorde-farþegaþotunni flogið í fyrsta sinn. Farþegaþotan er sú hraðfleygasta sem gerð hefur verið, nær nálægt tvöföldum hljóðhraða, en smíði hennar var samstarfsverkefni Breta og Frakka.

Jómfrúarflugið var eins og smurt, en vélin tók á loft frá Toulouse í Frakklandi og var í loftinu í 27 mínútur áður en flugmaðurinn, Andre Turcat, ákvað að lenda henni. „Fuglinn stóri er loksins kominn í loftið og ber sig nokkuð vel,“ sagði hann eftir lendinguna. Í fyrsta fluginu fór vélin í um þriggja kílómetra hæð (10.000 fet), en flaug ekki hraðar en 480 kílómetra hraða á klukkustund. Hún átti hins vegar eftir að fljúga á yfir tvö púsund kílómetra hraða. Concorde-þotan rauf hljóðmúrinn í fyrsta sinn 1. október sama ár.

Farþegaflug með Concorde hófst svo 21. janúar árið 1976. Þegar komið var fram með Concorde-þotuna var olíuverð í hámarki og sú staðreynd að vélin gat ekki keppt í flugi yfir Kyrrahafið vegna mikillar eldsneytisnotkunar og smárra tanka gerði hana óhagkvæma. Þá féll heldur á ímynd Concorde-þotunnar þegar ein slík brotlenti nærri París þann 25. júlí 2000 með þeim afleiðingum að 113 biðu bana. Um tveimur milljónum króna var eytt í að bæta öryggi vélanna og þær aftur teknar í notkun í nóvember 2001, en í apríl í fyrra tilkynntu svo British Airways og Air France að notkun vélanna yrði hætt. Félögin sögðu færri vilja fljúga með Concorde en áður, auk þess sem viðhaldskostnaður væri mikill. Síðasta farþegaflug Concorde var 23. október síðastliðinn.



**2. MARS 1969** Concord-þotunni var flogið í fyrsta sinn þennan dag fyrir 36 árum síðan.

## MERKISATBURÐIR

**1801** Spánn segir Portúgölum stríð á hendur. Það er síðar nefnt Appelsínustríðið eftir að Spánardrottningu bárust boð um gang stríðsins með appelsínusendingu.
**1836** Texas lýsir yfir sjálfstæði frá Mexíkó.
**1933** Kvikmyndin „King Kong“ frumsýnd í New York í Bandaríkjunum.
**1940** Fyrsta árásin á íslenskt skip í seinni heimsstyrjöldinni þegar togarinn Skutull frá Ísafirði verður fyrir árás þýskrar herflugvélar við Bretland. Enginn slasaðist.
**1957** Heilsuverndarstöð Reykjavíkur vígð.
**1982** Bíóhöllin hóf starfsemi í Reykjavík með sex sali sem rúmuðu 1.040 manns, þá stærsta kvikmyndahús landsins.




*Þökkum innilega samúð, vinarhug og góðar kveðjur vegna andláts og útfarar móður okkar,*

**Steinunnar Guðmundsdóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sólvangs í Hafnarfirði fyrir frábæra umönnun og vináttu.

Fyrir hönd fjölskyldunnar

**Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Guðrún Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Magnús Guðmundsson**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigursteinn G. Melsteð**

Ásvegi 21, Breiðdalsvík,

lést á líknardeild LSH föstudaginn 18. febrúar. Kveðjuathöfn fer fram í Grafarvogskirkju fimmtudaginn 3. mars kl. 11.00. Útförin fer fram frá Heydalakirkju laugardaginn 5. mars kl. 14.00.

**Hanna Ingólfsdóttir, Hrafn S. Melsteð, Oddný Þ. Sigurðardóttir, Helga Hrönn S. Melsteð, Ingólfur Finnsson, Ómar Ingi S. Melsteð, Sigríður Árnadóttir, Hrefna, Silvía Rut, Eyþór, Sigurður Már og Sigursteinn Orri.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ingólfur S. Ingólfsson**

vélstjóri, Hraunvangi 3, áður Miklubraut 42,

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju föstudaginn 4. mars kl. 15.00.

**Vilhelmína S. Böðvarsdóttir**

**Inga S. Ingólfsdóttir, Ragnhildur Ingólfsdóttir, Peter W. Petersen, Ingólfur Ingólfsson, Ragnheiður Björg Björnsdóttir, Ásdís Ingólfsdóttir, Haraldur Jónsson, Bergþóra Ingólfsdóttir, Stefán Ingólfsson, barnabörn og langafabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðný Málfríður Pálsdóttir**

húsmóðir, Kópavogi,

andaðist á heimili sínu þann 17. febrúar. Hún verður jarðsungin frá Digraneskirkju þann 2. mars, kl. 13.00.

**Páll Hjaltason** — **Sigríður Björg Sigurjónsdóttir**
**Pjetur G. Hjaltason** — **Ella Þórhallsdóttir**
**Sigurður Elías Hjaltason** — **Ingrid Nesbitt**
**Eiríkur Hjaltason** — **Elín Sigríður Jónsdóttir**
**og barnabörn**

Blóm og kransar afþakkaðir. Þeir sem vilja minnast hinnar látnu vinsamlegast láti líknarstofnanir njóta þess.


TÍMAMÓT: NÝTT NÁM Í ALÞJÓÐASAMSKIPTUM

# Með bestu skóla heims að fyrirmynd

Næsta haust hefst í fyrsta sinn hér á landi við Háskóla Íslands meistaranám í alþjóðasamskiptum, sem á ensku nefnist *international relations*. Námið er til 60 eininga innan stjórnmálafræðiskorar og hægt að ljúka því á tveimur árum. Það er hins vegar þannig upp sett að hægt er að stunda það með vinnu á lengri tíma. Einnig er í boði 15 eininga diplómanám í alþjóðasamskiptum fyrir þá sem vilja taka nokkur fög en ekki endilega ljúka meistaranámi.

Baldur Þórhallsson, dósent í alþjóðastjórnmálum og formaður stjórnar Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki við Háskóla Íslands, hefur unnið að skipulagningu námsins, sem hann segir taka mið af því besta sem þekkist í öðrum löndum. „Þó nokkur fjöldi hefur sótt svona nám erlendis og gengið vel að fá vinnu hjá fyrirtækjum, samtökum, hinu opinbera og hjá alþjóðastofnunum, en í heimi alþjóðavæðingar er vaxandi þörf á fólki með þekkingu á þessu sviði,“ segir Baldur.

„Við leggjum mikla áherslu á að námið sé þverfaglegt og standi öllum til boða sem eru með grunngráðu í háskólanámi. Þá höfum við lagt mikið kapp á að fá okkar helstu sérfræðinga til að kenna í náminu,“ segir Baldur, en í þeim hópi eru Magnús Þorkell Bernharðsson, lektor í nútímasögu Miðausturlanda við Williams College í Bandaríkjunum, og Valur Ingimundarson, dósent í sagnfræði. „Síðan fáum við gestafyrirlesara í samráði við utanríkisráðuneytið og kennara erlendis frá til að kenna afmarkaða námsþætti,“ segir hann og kveðst ekki óttast samanburð við erlenda háskóla.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BALDUR ÞÓRHALLSSON** Baldur, dósent í alþjóðastjórnmálum, vinnur þessa dagana að skipulagningu nýs meistaranáms í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands.

„Við höfum að fyrirmynd bestu skólana á þessu sviði í Bretlandi og Bandaríkjunum.“ Þá segist Baldur þeirrar skoðunar að tæpast væri hægt að fara af stað með nám af þessu tagi án þess að það væri fyllilega samkeppnishæft við það sem annars staðar gerist.

Í nýja náminu fræðast nemendur um alþjóðasamvinnu og -samskipti og stöðu Íslands í alþjóðakerfinu, auk þess sem fjallað er um mikilvægi og hlutverk alþjóðastofnana. Í náminu er svo líka boðið upp á sérhæfingu á fimm sviðum, en Baldur segir markmiðið að útskrifa fólk með fjölbreytta menntun. Magnús Þorkell Bernharðsson heldur utan um þátt námsins sem fjallar um fjölmenningu, en þar er fjallað um áhrif menningar og trúarbragða í alþjóðasamskiptum. Evrópufræði er annar sérhæfingarkostur þar sem áhersla verður lögð á áhrif og stöðu ríkja í Evrópusamrunanum. „Meðal annars verður kafað ofan í þær breytingar sem þar eru að eiga sér stað, til dæmis með drögum að nýrri stjórnarskrá og stækkun sambandsins til austurs,“ segir Baldur. Þá verður boðið upp á sérhæfingu í smáríkjafræðum, en í boði hafa verið námskeið á BA-stigi sem Baldur segir hafa verið mjög vel sótt bæði af íslenskum og erlendum stúdentum. Fjórði sérhæfingarkosturinn í nýja náminu snýst svo um opinbera stjórnsýslu. „Þar skoðum við sérstöðu opinbers rekstrar og stjórnun og rekstur opinbera geirans,“ segir Baldur og bætir við að þessi hluti verði tengdur meistaranámi í opinberri stjórnsýslu, MPA, sem starfrækt sé við stjórnmálafræðiskor Háskólans. „Í fimmta lagi er svo sérhæfing í alþjóðaviðskiptum í samvinnu við Viðskipta- og hagfræðideild.“

Baldur segir að um leið og svarað sé með náminu vaxandi þörf í samfélaginu fyrir menntun í alþjóðasamskiptum sé verið að efla rannsóknir á sviðinu. „Hingað til hefur við skólann bara verið ein staða í alþjóðastjórnmálum, en stefnan er að auglýsa nýja, sérstaklega til að efla rannsóknir á utanríkismálum Íslands og alþjóðasamskiptum landsins í víðu samhengi.“ Umsjónarmaður alþjóðasamskiptanámsins er Margrét S. Björnsdóttir, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála, og hægt er að nálgast frekari upplýsingar um námið hjá henni á msb@hi.is ■

## ANDLÁT

**Finnfríður Jóhannsdóttir**, Efstaleiti 14, Reykjavík, er látin. Útförin fór fram í kyrrþey.
**Guðmundur Eiríksson**, frá Dröngum, lést laugardaginn 12. febrúar. Útförin fór fram í kyrrþey.
**Guðný Málfríður Pálsdóttir**, húsmóðir, Kópavogi, lést fimmtudaginn 17. febrúar.
**Björn Þórðarson**, læknir, Sörlaskjóli 78, Reykjavík, lést föstudaginn 25. febrúar.
**Hulda Guðlaugsdóttir**, dvalarheimilinu Grund við Hringbraut, Reykjavík, lést föstudaginn 25. febrúar.
**Ágústa Þórey Brynjólfsdóttir**, Flórída, lést laugardaginn 26. febrúar.
**Guðrún Ólafía Helgadóttir**, Melteigi 7, Garði, lést laugardaginn 26. febrúar.
**Jón Guðmann Bjarnason**, Hrafnistu í Reykjavík, áður Efstasundi 47, lést laugardaginn 26. febrúar.
**Þórarinn Brynjólfsson**, vélstjóri, Þverbrekku 4, Kópavogi, lést laugardaginn 26. febrúar.
**Kristín Kristjánsdóttir**, Háabarði 10, Hafnarfirði, lést mánudaginn 28. febrúar.




*Útför bróður okkar,*

**Ingólfs Halldórssonar**

frá Syðri-Steinsmýri í Meðallandi,

er lést á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum fimmtudaginn 24. febrúar, verður gerð frá Prestsbakkakirkju á Síðu föstudaginn 4. mars kl. 14. Sætaferðir verða frá B.S.Í. sama dag kl. 10 árdegis.

**Fyrir hönd ættingja og vina, systkini hins látna.**


## JARÐARFARIR

13.00 **Anna Birna Grímólfsdóttir**, Nesbala 64, Seltjarnarnesi, verður jarðsungin frá Seltjarnarneskirkju.
13.00 **Guðný Málfríður Pálsdóttir**, húsmóðir, Kópavogi, verður jarðsungin frá Digraneskirkju.
14.00 **Katrín Kristjánsdóttir**, hjúkrunarheimilinu Hlíð, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

## AFMÆLI

**Viðar Víkingsson** kvikmyndagerðarmaður er 54 ára í dag.
**Carlos Ari Ferrer** sóknarprestur er 44 ára í dag.
**Þorsteinn J. Vilhjálmsson** dagskrárgerðarmaður er 41 árs í dag.
**Ilmur María Stefánsdóttir** myndlistarkona er 36 ára í dag.
**Stefanía Thors** leikkona er 34 ára í dag.
**Kolbrún Anna Björnsdóttir** leikkona er 31 árs í dag.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.780 **+0.27%**

**Fjöldi viðskipta:** 273
**Velta:** 2.501 milljónir

**MESTA HÆKKUN**

| | |
|---|---|
| **Líftæknisj.** | 25,00% |
| **Tryggingamiðst.** | 4,27% |
| **Bakkavör** | 3,65% |

**MESTA LÆKKUN**

| | |
|---|---|
| **Atorka** | -2,12% |
| **Flugleiðir** | -2,04% |
| **Marel** | -1,40% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 39,50 -1,00% ... Atorka 6,00 -2,12% ... Bakkavör 28,40 +3,65% ... Burðarás 13,65 +0,37% ... Flugleiðir 14,40 -2,04% ... slandsbanki 11,75 +0,86% ... KB banki 515,00 – ... Kögun 52,30 +0,58% ... Landsbankinn 14,85 +0,68% ... Marel 56,20 -1,40% ... Medcare 5,97 – ... Og fjarskipti 3,88 +1,04% ... Samherji 11,25 -0,44% ... Straumur 10,05 +0,50% ... Össur 83,50 +0,60%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**VÍSITALAN SIGRAR** Burton G. Malkiel, hagfræðiprófessor í Princeton, segir vísitölusjóði besta kostinn fyrir almenna fjárfesta. Þar sé minnstur kostnaður og leitin að fjárfestum sem sigra vísitöluna sé eins og leit að saumnál í heystakki.

# Kaupið heystakkinn

**Burton G. Malkiel telur að framtíðarávöxtun á markaði verði heldur lægri en hún var fyrir hundrað árum. Menn ættu ekki að búast við tveggja stafa ávöxtun í framtíðinni. Verð hlutabréfa er þó ekki óhóflegt.**

„Ef ég hefði vitað um framtíðarárangur Warren Buffet 1973 þegar ég skrifaði A Random Walk Down Wall Street, þá hefði ég að sjálfsögðu ráðlagt fólki að fjárfesta í sjóð hans, Bershire Hathaway, frekar en í vísitölusjóði,“ segir Burton G. Malkiel, hagfræðiprófessor við Princeton, sem staddur er hér á landi í boði Íslandsbanka. „Framtíðin mun einnig geta af sér fjárfesta eins og hann. Vandinn er að við vitum ekki hverjir þeir eru og að finna þá er eins og að leita að saumnál í heystakki. Því segi ég: kaupið heystakkinn.“

Malkiel setti fram hugmyndir sínar um að besta leið venjulegs fjárfestis væri að kaupa í vísitölusjóðum í bók sinni árið 1973 og kenningar hans hafa staðist tímans tönn. Bók hans er ein af biblíum fjárfestingarfræðinnar. Malkiel segir að miðað við mælikvarða sem hann leggur til grundvallar og hafi gefist vel megi ekki búast við tveggja stafa tölu í ávöxtun í náinustu framtíð. „Ég held að fjárfestar verði að venjast þeirri tilhugsun að tveggja stafa ávöxtun sé ekki í boði til lengri tíma litið nú.“ Hann segir hlutabréf þó ekki hátt í sögulegu samhengi eins og megi ætla við fyrstu sýn. Mat hans sé að markaðurinn sé eðlilega verðlagður miðað við vexti annarra fjárfestingarkosta. Áhætta og ávöxtun eru hugtakapar í fjárfestingum. Aukin áhætta gefur von um betri ávöxtun. Malkiel segir að þegar litið sé á hlutabréf í minna þróuðum mörkuðum og skuldabréf í hæsta áhættuhópi, þá séu menn ekki verðlaunaðir nægjanlega fyrir aukna áhættu. Boðskapur hans sé nú eins og fyrir þrjátíu árum að kaupa í vísitölusjóðum þar sem rekstrarkostnaður er minni en í virkum sjóðum. Sagan sýni að viðskiptakostnaður og rekstrarkostnaður dragi úr ávöxtun þannig að vísitölusjóðir hafi vinninginn. Nema menn séu svo heppnir að finna nálina í heystakknum.

Malkiel fræddi íslenska fagfjárfesta um sjónarmið sín á hádegisfundi í gær og síðan almenna fjárfesta á fjölmennum fundi á hótel Nordica í gærkvöld.

haflidi@frettabladid.is

# Áminntur fyrir villandi upplýsingagjöf

**Kauphöllin áminnti í gær Íbúðalánasjóð fyrir lélega upplýsingagjöf.**

Kauphöll Íslands áminnti í gær Íbúðalánasjóð vegna villandi upplýsingagjafar í tengslum við lánshæfismat sjóðsins. Í yfirlýsingu Kauphallarinnar segir að Íbúðalánasjóður hafi gerst brotlegur við þrjú ákvæði í reglum Kauphallarinnar.

Málið snýst um tilkynningar sem Íbúðalánasjóður sendi 11. og 16. febrúar þar sem fjallað var um mat fyrirtækisins Standard and Poor's á lánshæfi Íbúðalánasjóðs. Í tilkynningunni sem birt var á Kauphöllinni sagði að lánshæfismat sjóðsins hefði hækkað en í raun taldi Standard and Poor's að neikvæðar horfur væru um þróun lánshæfis sjóðsins.

„Við deilum ekki við dómarann. Við höfum fengið athugasemd og viðurkennt að okkur hafi orðið á. Þarna hefðum við átt að vanda okkur betur og munum gera þetta með öðrum hætti í framtíðinni,“ segir Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs.

„Þarna var upplýsingagjöf sem gaf ekki skýra mynd af því sem var að gerast og gaf fjárfestum tilefni til að draga aðrar ályktanir en rétt var að draga af umfjöllun fyrirtækisins,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar. Hann segir að málinu sé lokið af hálfu Kauphallarinnar.

Kauphöllin gerir einnig athugasemd við að upplýsingar um lánshæfismatið birtust á vef matsfyrirtækisins áður en þær voru kynntar íslenskum fjárfestum á vef Kauphallarinnar. -þk


LANGÞRÁÐUR DRAUMUR RÆTTIST - EFTIR 20 ÁRA BIÐ



*Eftir að hafa sinnt börnum og búskap og unnið við ýmis störf sl. 20 ár ákvað Helga að fara í skóla. Hana langaði til að reyna fyrir sér á öðrum starfsvettvangi. Hún starfar í dag sem innheimtufulltrúi hjá Rekstrarvörum.*

**„Með náminu öðlaðist ég þekkingu og sjálfstraust til að sækja um spennandi störf. Því þorði ég ekki áður!“**

Helga Sigríður Kristjánsdóttir
- Innheimtufulltrúi hjá Rekstrarvörum

SKRIFSTOFU- & TÖLVUNÁM

**Vegna aðsóknar er búið að bæta við auka morgunnámskeiði!**

Í átta ár hefur NTV boðið upp á Skrifstofu- og tölvunám. Á þessum árum hefur námskeiðið þróast mikið, áherslur þess breyst í takti við tímann og vinnumarkaðinn. Það er samdóma álit þeirra sem ljúka náminu að það sé krefjandi en umfram allt uppbyggilegt, styrkjandi og skemmtilegt.

**Námið er 258 stundir og skiptist í fjóra flokka:**

**Tölvunám** - 96 stundir
- Windows stýrikerfið
- Word ritvinnsla
- Excel töflureiknir
- Power Point kynningarefni
- Access gagnagrunnur
- Internetið & Tölvupóstur

*Í tölvuhlutanum er lögð áhersla á þau forrit sem nemandi þarf að kunna á til að öðlast TÖK-skírteini sem er alþjóðleg viðurkenning á tölvukunnáttu hans. NTV er eini skólinn þar sem öll 7 TÖK prófin og alþjóðlegt prófskírteini er innifalið í náminu.*

**Viðskiptagreinar** - 108 stundir
- Verslunarreikningur
- Bókhald
- Tölvubókhald Navision MBS®

*Kenndur er sá hluti verslunarreiknings sem mest er notaður á skrifstofunni og tekin fyrir flest þau atriði sem þarf til að færa bókhald fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.*

**Sjálfsstyrking** - 30 stundir
- Tímastjórnun og markmiðasetning
- Sölutækni og þjónusta
- Framsögn og framkoma
- Mannleg samskipti
- Streitustjórnun
- Atvinnuumsóknir

*NTV leggur mikið upp úr því að ná fram því besta úr hverjum og einum nemanda. Það er ekki nóg að búa yfir þekkingu og hæfileikum. Nemandinn þarf einnig að þekkja styrk sinn og veikleika, kunna að stýra tíma sínum, setja sér skýr markmið og kunna að selja öðrum hugmyndir sínar og skoðanir.*

**Lokaverkefni** - 24 stundir
- Auglýsingatækni
- Markhópagreining
- Gerð birtingaráætlana
- Gagnvirk tenging forrita
- Flutningur lokaverkefnis

*„Skemmtilegasti og erfiðasti hluti námsins“ segja margir. Unnið er í 3-4 manna hópum að markaðssetningu á vöru eða þjónustu. Lokaverkefnisvinnan er skemmtileg, krefjandi og framsett á þann hátt að hún taki á flestum þáttum námskeiðsins.*

**Næstu námsskeið:**

**Morgunnámskeið 3 - Örfá sæti laus**
Alla virka daga frá kl. 8:30-12:30
Byrjar 29. mar. og lýkur 31. maí.

**Morgunnámskeið 1** UPPSELT

**Morgunnámskeið 2** UPPSELT

ntv.is

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

**sport**
sport@frettabladid.is

**Enginn leikur hjá Ítölum?**

Ítalska knattspyrnusambandið var greinilega ekki upprifið yfir vináttuleiknum gegn Íslandi því það hafði ekki greint frá leiknum á vefsvæði sínu í gærkvöld. Forystumenn KSÍ blésu hins vegar til blaðamannafundar til að tilkynna leikinn. Það skal reyndar viðurkennast að það er ívið merkilegra fyrir okkur Íslendinga að mæta Ítölum en fyrir þá að mæta okkur Íslendingum sem erum ekki einu sinni á meðal níutíu bestu knattspyrnuþjóða heims ef mið er tekið af styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

27 28 1 **2** 3 4 5

**Miðvikudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **ÍR** og **Haukar** mætast í Austurbergi í úrvalsdeild karla í handbolta.
- 19.15 **ÍBV** og **HK** mætast í Vestmannaeyjum í úrvalsdeild karla í handbolta.



- 19.15 **Stjarnan** og **Fram** eigast við í DHL deild kvenna í handknattleik.
- 19.15 **Keflavík** og **Grindavík** eigast við Keflavík í úrvalsdeild kvenna í körfuknattleik.

**SJÓNVARP**

- 19.20 **Heimsbikarinn á skíðum** á Sýn.
- 19.50 **Spænski boltinn** Real Madrid – Real Betis á Sýn.
- 21.50 **Olíssport** á Sýn.
- 22.00 **Enski boltinn** Nottingham Forest – Tottenham á Sýn.
- 22.20 **Handboltakvöld** á Rúv.
- 22.40 **Formúla 1** á Rúv.

# Heimboð frá Ítölum

**Íslenska karlalandsliðið í fótbolta mun spila æfingaleik gegn Ítalíu ytra 30. mars næstkomandi, fjórum dögum eftir leikinn gegn Króötum í HM.**

**FÓTBOLTI** Forysta Knattspyrnusambands Íslands hefur ákveðið að þekkjast boð ítalska knattspyrnusambandsins um að spila vináttuleik á Ítalíu 30. mars næstkomandi. Þetta var tilkynnt á blaðamannafundi í gær en þar sagði Eggert Magnússon, formaður KSÍ, að boðið hefði borið brátt að og lítill tími hefði gefist til umhugsunar.

„Þetta boð var einfaldlega þannig að það var ekki hægt að hafna því enda ekki á hverjum degi sem það gefst tækifæri til að spila leik við jafn sterka þjóð og Ítalíu,“ sagði Eggert.

Eins og flestir muna báru Íslendingar sigurorð af Ítölum, 2-0, fyrir framan rúmlega tuttugu þúsund áhorfendur á Laugardalsvelli 18. ágúst á síðasta ári þar sem Gylfi Einarsson og Eiður Smári Guðjohnsen skoruðu mörk íslenska liðsins.

Ítalir hafa því harma að hefna og má búast við því að þeir verði með sitt sterkasta lið og rúmlega það til að endurheimta stoltið sem tapaðist á Laugardalsvellinum á ægifögru ágústkvöldi í fyrra.

Eggert sagði að það væri stefna sambandsins að spila ekki æfingaleiki nema við boðlegar aðstæður og almennileg lið. „Við höfum brennt okkur á því að spila leiki við ömulegar aðstæður og ekki með okkar sterkasta lið. Núna er það ekki raunin og því þáðum við boðið með þökkum.“

Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfari sagðist mjög ánægður með að fá Ítalaleikinn, jafnvel þótt hann kæmi kannski of seint.

„Það hefði auðvitað verið frábært að mæta Ítölum fyrir leikinn gegn Króötum en við tökum hverju verkefni fagnandi. Við höfum skoðað ástandið á mannskapnum á undanförnum vikum og erum sáttir. Það er engin ástæða til annars en að vera bjartsýnn,“ sagði Ásgeir sem hann hélt til Vínar í morgun þar sem hann mun fylgjast með vináttuleik Austurríkismanna og Króata ásamt Loga Ólafssyni.

oskar@frettabladid.is



**BROSMILDUR Á BLAÐAMANNAFUNDI** Landsliðsþjálfarinn Ásgeir Sigurvinsson virtist vera sérstaklega sáttur með vináttulandsleikinn gegn Ítölum sem fer fram 30. mars næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM



**Roy Keane**, fyrirliði Manchester United, hefur verið sýknaður fyrir dómi af ákæru um að ráðast á tvo unglingspilta fyrir utan heimili sitt í úthverfi Manchester fyrir skömmu. **Keane** hélt fram sakleysi sínu allan tímann og var að lokum sýknaður af öllum þremur ákæruatriðum, þar eð framburður drengjanna þótti ekki mjög trúverðugur og því sleppur leikmaðurinn skapheiti vel í þetta sinn.

**Michael Schumacher**, heimsmeistari ökuþóra í Formúlu 1, segist tilbúinn í slaginn fyrir nýtt keppnistímabil sem hefst í Ástralíu um helgina. Talið er að keppnin verði jafnari í ár en undanfarið í kjölfar mikilla reglubreytinga og nýrra áherslna í öryggismálum. **Schumacher** segist ekki hafa áhyggjur af því þó að lið eins og Renault og McLaren hafi verið að standa sig vel á undirbúningstímabilinu, heldur sé aðalmálið að standa sig þegar alvaran byrjar um helgina.

Slagsmálahundurinn **Ron Artest** hjá Indiana Pacers í NBA-deildinni, átti nýverið fund með **David Stern**, forseta deildarinnar. Talsmaður deildarinnar hefur þvertekið fyrir að þeir hafi rætt hugsanlega endurkomu **Artests** inn í deildina, en hann er sem kunnugt er í banni út tímabilið fyrir slagsmál í leik Indiana og Detroit í haust. Ekki er útlokað að leikmaðurinn fái að spila í úrslitakeppninni í vor.




Myndbandsupptaka komin fram af „krossaleiknum“:

# Ekkert ofbeldi og ósanngjarn dómur

**HANDBOLTI** Leikur Selfoss og Stjörnunnar í 1. deildinni var vægt til orða tekið eftirminnilegur enda gaf Hlynur Leifsson dómari tvo „krossa“ og eitt rautt spjald undir lok leiksins. Hlynur var þar með fyrsti dómarinn í háa herrans tíð sem beitir þessari hörðustu refsingu í handboltanum.

Hlynur var harkalega gagnrýndur af Haraldi Þorvarðarsyni, leikmanni Selfoss, fyrir að gefa sér krossinn. „Vissulega hefði framkoma mín verðskuldað rautt spjald en ekki krossinn. Það var fáránlegt,“ sagði Haraldur í viðtali við Fréttablaðið um daginn en hann neitaði í sama viðtali að hafa slegið Vilhelm Sigurðsson, leikmann Stjörnunnar sem einnig fékk krossinn.

Á myndbandsupptöku, sem íþróttadeild Fréttablaðsins hefur undir höndum, sést að Haraldur reynir að slá til Vilhelms eftir að Vilhelm ýtir knettinum í andlit hans. Högg Haraldar hittir aftur á móti ekki en hönd Haraldar virðist strjúkast við hönd Vilhelms.

„Ég man lítið eftir þessu atviki enda gerðust hlutirnir fljótt. Ég fann samt ekki fyrir því að Haraldur hefði snert mig og hann sagði við mig að boltinn hefði ekki komið við sig,“ sagði Vilhelm við Fréttablaðið í gær en hann hefur ekki séð upptökuna. „Ég var mjög gáttaður þegar hann sýndi okkur krossana. Mér fannst þetta ekki sanngjarn dómur þar sem krossinn er fyrir líkamlegt ofbeldi. Þetta var ekkert ofbeldi og rautt spjald hefði meira að segja verið strangur dómur. Mér fannst þetta fyndið frekar en annað því ég trúði þessu ekki.“

henry@frettabladid.is

Pennant í fangelsi:

# Keyrði fullur

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Jermaine Pennant hjá Arsenal, sem verið hefur í láni hjá liði Birmingham í ensku úrvalsdeildinni undanfarið, hefur verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir ölvunarakstur.

Pennant braut skilorð þegar hann var tekinn ölvaður á bíl sínum í janúar og þess vegna er hann á leið í fangelsi. Hann hafði áður ekið undir áhrifum og var þá gert að fara í meðferð og fór á skilorð sem hann hefur nú brotið með fyrrgreindum afleiðingum.

Þessi dómur gæti bundið enda á feril hins efnilega Pennants.

- bb



**JERMAINE PENNANT** Var ekki upplitsdjarfur í gær eftir að hafa verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### DHL-deild karla

**VALUR–KA 28–27 (11–16)**

**Mörk Vals:** Baldvin Þorsteinsson 13/6, Sigurður Eggertsson 6, Ásbjörn Stefánsson 3, Heimir Árnason 3, Brendan Þorvaldsson 2, Hjalti Pálmason 1.
**Varin skot:** Hlynur Jóhannesson 11, Pálmar Pétursson 7.
**Mörk KA:** Jónatan Magnússon 7, Halldór Sigfússon 6/3, Hörður F. Sigþórsson 4, Sævar Árnason 3, Andri Snær Stefánsson 3, Magnús Stefánsson 2, Bjartur Máni Sigurðsson 1.
**Varin skot:** Stefán Guðnason 19/1.
***Sigurður Eggertsson** skoraði sigurmark Vals beint úr aukakasti á lokasekúndu leiksins.*

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| HK | 9 | 6 | 0 | 3 | 290-266 | 12 |
| **HAUKAR** | **9** | **5** | **1** | **3** | **285-268** | **11** |
| KA | 10 | 4 | 2 | 4 | 308-308 | 10 |
| **ÍR** | **9** | **5** | **0** | **4** | **281-275** | **10** |
| VALUR | 10 | 5 | 0 | 5 | 261-276 | 10 |
| **VÍKINGUR** | **10** | **4** | **0** | **6** | **278-288** | **8** |
| ÞÓR AK. | 10 | 4 | 0 | 6 | 284-311 | 8 |
| **ÍBV** | **9** | **3** | **1** | **5** | **269-264** | **7** |

### 1. deild karla

**STJARNAN–AFTURELDING 26–27**

**Mörk Stjörnunnar:** Arnar Theodórsson 10, Þórólfur Nielsen 4, Björn Óli Guðmundsson 3, Davíð Ketilsson 3, Gunnlaugur Garðarsson 2, Hermann Björnsson 2, Kristján Kristjánsson 1, Jakob Sigurðarson 1.
**Mörk Aftureldingar:** Ásgeir Jónsson 7, Hrafn Ingvarsson 6, Ernir Hrafn Arnarson 6, Vladislav Troufan 2, Daníel Jónsson 2, Kristinn Pétursson 2, Magnús Einarsson 1, Einar Hrafnsson 1.

**FH–SELFOSS 31–21**

**Mörk FH:** Guðmundur Pedersen 6, Arnar Pétursson 5, Valur Arnarsson 5, Jón H. Jónsson 4, Hjörtur Hinriksson 4, Heiðar Arnarsson 3, Hjörleifur Þórðarson 2, Romualdas Gecas 1, Tómas Sigursteinsson 1.
**Mörk Selfoss:** Ramunas Kalendauskas 5, Hörður Bjarnason 4, Ramunas Mikalonis 4, Atli Kristinsson 3, Ívar Grétarsson 2, Gylfi Ágústsson 1, Andri Kristjánsson 1, Ómar Helgason 1.

**GRÓTTA/KR–FRAM 24–26**

**Mörk Gróttu/KR:** Kristinn Björgúlfsson 8, Daníel Berg Grétarsson 6, Kristján Geir Þorsteinsson 2, Hörður Gylfason 2, Brynjar Hreinsson 2, Daði Hafþórsson 2, Kormákur Friðriksson 2.
**Mörk Fram:** Þorri Gunnarsson 7, Guðjón Drengsson 4, Stefán Stefánsson 4, Jón Björgvin Pétursson 4, Hjálmar Vilhjálmsson 3, Ingólfur Axelsson 3, Guðlaugur Arnarsson 1.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 6 | 5 | 0 | 1 | 170–140 | 10 |
| **FRAM** | **6** | **4** | **0** | **2** | **154–149** | **8** |
| GRÓTTA/KR | 6 | 3 | 0 | 3 | 150–153 | 6 |
| **AFTURELDING** | **6** | **3** | **0** | **3** | **170–166** | **6** |
| SELFOSS | 6 | 1 | 1 | 4 | 159–180 | 3 |
| **STJARNAN** | **6** | **1** | **1** | **4** | **154–169** | **3** |

### Intersport-deildin

**GRINDAVÍK–KFÍ 102–78**

**Stigahæstir hjá Grindavík:** Darrel Lewis 18, Terrel Taylor 18, Páll Axel Vilbergsson 15.
**Stigahæstir hjá KFÍ:** Joshua Helm 43, Pétur Már Sigurðsson 11.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KEFLAVÍK** | **21** | **17** | **4** | **1939–1672** | **34** |
| SNÆFELL | 21 | 16 | 5 | 1870–1731 | 32 |
| **NJARÐVÍK** | **21** | **14** | **7** | **1873–1684** | **28** |
| FJÖLNIR | 21 | 13 | 8 | 1969–1908 | 26 |
| **SKALLAGR.** | **21** | **11** | **10** | **1834–1787** | **22** |
| ÍR | 21 | 11 | 10 | 1913–1908 | 22 |
| **KR** | **21** | **10** | **11** | **1948–1887** | **20** |
| GRINDAVÍK | 21 | 10 | 11 | 1943–1982 | 20 |
| **HAUKAR** | **21** | **9** | **12** | **1845–1828** | **18** |
| HAM./SELF. | 21 | 8 | 13 | 1896–1970 | 16 |
| **TINDAST.** | **21** | **5** | **16** | **1783–2021** | **10** |
| KFÍ | 21 | 2 | 19 | 1786–2221 | 4 |

### Enska bikarkeppnin

**SHEFF. UTD–ARSENAL 0–0**

Leikurinn var í framlengingu þegar Fréttablaðið fór í prentun.

**BRENTFORD–SOUTHAMPTON 1–3**

1–0 Hutchinson (4.), 1–1 Peter Crouch (11.), 1–2 Kevin Phillips (67.), 1–3 Peter Crouch (90.).

**BLACKBURN–BURNLEY 2–1**

1–0 Tugay (31.), 1–1 Micah Hyde (42.), 2–1 Morten Pedersen (86.).

### Þýski handboltinn

**LEMGO–HAMBURG 31–25**

**Logi Geirsson** skoraði tvö mörk fyrir Lemgo í leiknum og þar af eitt úr víti.





Er þitt heimili öruggt?

Leyfðu okkur að vaka yfir þér

Fáðu þér heimagæslukerfi frá Öryggismiðstöð Íslands fyrir 31. mars og þú getur valið á milli tveggja glæsilegra kaupauka. Vertu áhyggjulaus í fríinu, viss um að Öryggismiðstöðin hefur auga með þínu heimili á meðan.

Heimagæslan innifelur eftirfarandi:



Verndaðu heimili þitt fyrir óboðnum gestum!

- Innbrotaviðvörun
- Næturgæslu
- Brunaviðvörun
- Þráðlausir skynjarar
- Útkallsþjónusta öryggisvarða
- Enginn uppst.kostnaður.
- Fjarstýring innifalin.



KAUPAUKI 1.

KAUPAUKI 2.

Hringdu núna!
Við erum ávallt á vaktinni
530 2400

Einnig gefst núverandi viðskiptavinum kostur á að kaupa verðmætaskápinn og slökkvitækið ásamt teppinu á sérstöku tilboði. Hafið samband við sölufulltrúa okkar í síma 530-2400.

ÖRYGGISMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Borgartúni 31 · 105 Reykjavík · Sími 530 2400 · Fax 530 2401 · www.oi.is

Öryggis- og aðgangsstýrikerfi • Myndavélakerfi • Brunavarnir • Öryggisgæsla • Heimagæsla • Vöruverndarbúnaður

Ný tækjamiðlun í þágu jarðvinnuverktaka



Viltu selja? Viltu kaupa?

Global-tæki er ný tækjamiðlun sem sérhæfir sig í lausnum fyrir jarðvinnuverktaka. Starfsmenn fyrirtækisins hafa áralanga reynslu í sölu og kaupum á tækjum um allan heim. Við getum útvegað eða selt vélar af öllum stærðum og gerðum á sanngjörnu verði.

Global-tæki ehf
– þú ert með heiminn í hendi þér

Hæðasmára 6 · 201 Kópavogi · Sími 544 2090 · Bréfsími 544 2091 · baldur@global-taeki.com · www.global-taeki.com







## STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Turnoff og pikköpplínur

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** VELTIR FYRIR SÉR SAMSKIPTUM KYNJANNA



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég fór að hugsa um daginn hvað það væri sem mér þætti vera mesta „turnoff-ið“. Oft hef ég heyrt fólk nefna hluti eins og að fara úr öllu nema sokkunum, bangsar í svefnherbergi, of sterk líkamslykt, of drukkið fólk, hræðilegur tónlistarsmekkur, lélegir kyssarar, leðurbuxur er eitthvað sem ég sjálf gæti ælt yfir og einnig hlaupaskór sem notaðir eru dagsdaglega. Svona hlaupaskór í áberandi litum með stórri tungu og loftpúðum, oj bara.

Pikköpplínur geta líka virkað þveröfugt á mann. Það er sama hversu vel útlítandi sá sem flytur línuna er, oftast eru áhrifin minni áhugi. Ég sjálf lenti í stórfurðulegu atviki fyrir nokkrum árum sem ég er ekki enn búin að átta mig alveg á. Þá stóð ég við barinn þegar strákur pikkaði í mig og sagði einlæglega: „I love you like my penis.“ Ég áttaði mig ekki alveg á því hvort þarna væri á ferðinni versta pikköpplína í heimi eða hvort ég hefði lent í furðulegri sálfræðikönnun. Mér allavega datt ekkert betra í hug á þeim tímapunkti en að setja grettu á andlitið, segja pent „OJJ“ og labba í burtu.

Verstu „turnoff“-söguna heyrði ég hins vegar um daginn. Þá var stelpa sem ég kannast við í sundlaug í Bandaríkjunum ásamt álitlegum karlkosti að hennar mati. Skyndilega tilkynnir karlkosturinn sundfélaga sínum að hann hafi kastað vatni á hana ofan í lauginni. Þarna í BNA er víst ekkert tiltökumál þótt fólk mígi í sundlaugarnar og lausnin er bara meiri klór. Mér þykir stórfurðulegt af fullorðnu fólki að pissa í sundlaugar hvað þá þegar álitlegur aðili af hinu kyninu er með í för. Enn þá furðulegra er að tilkynna það hátíðlega að maður hafi nýlokið við að gera þarfir sínar. Það þarf varla að taka það fram að okkar stúlka missti að sjálfsögðu allan áhuga sem fyrir var á karlkostinum og fer varla aftur á stefnumót í sundlaug. ■




# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott






# Stór, stærri, vísir

## Fjölsóttasti vefur á Íslandi

Netmiðillinn visir.is fékk flestar heimsóknir á Íslandi vikuna 21. - 27. febrúar.*

Við erum stolt af þessum árangri og hvetjum alla til að notfæra sér aðgengilegasta netmiðilinn í dag.

**Komdu í heimsókn á visir.is og þú gætir unnið ferð til London eða Kaupmannahafnar**

**Fjöldi notenda samkvæmt Modernus**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | visir.is | 159.692 |
| 2. | mbl.is | 158.648 |
| 3. | leit.is | 96.061 |
| 4. | hugi.is | 88.929 |
| 5. | eve-online.com | 61.824 |
| 6. | barnaland.is | 46.980 |
| 7. | ruv.is | 31.026 |
| 8. | vikurfrettir.is | 16.146 |
| 9. | bt.is | 15.490 |
| 10. | visindavefur.hi.is | 14.043 |

*Vísir er fjölsóttasti netmiðill á Íslandi samkvæmt tölum Samræmdrar vefmælingar vikuna 21.-27. febrúar.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS PRE 27575 03/2005

**Kl. 12.30**
*Á Háskólatónleikum í Norræna húsinu leikur Kristinn Árnason gítarleikari verk eftir sextándu aldar tónskáldin Alonso Mudarra og John Dowland. Mudarra var Andalúsíumaður en Dowland var einn fremsti lútuleikari Englendinga á sinni tíð.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Daður, drykkja og dapurleiki*

Fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, jafnan í hádeginu, leggja tónlistarunnendur gjarnan leið sína í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Þar má ganga að Antoniu Hevesi vísri við píanóið ásamt öðrum listamanni, oftast söngvara. Antonia hefur skipulagt hádegistónleika í Hafnarborg undanfarin misseri, og hafa þeir jafnan notið verulegra vinsælda.
Í dag er það Sesselja Kristjánsdóttir messósópran, sem ætlar að syngja nokkrar aríur við undirleik Antoníu. Meðal annars syngur hún tvær aríur úr óperunni Carmen eftir Bizet og eina aríu úr Rakarunum frá Sevilla eftir Rossini.
Tónleikarnir standa yfir í um hálfa klukkustund og eru sérstaklega hugsaðir sem tækifæri fyrir fólk sem starfar í miðbæ Hafnarfjarðar til að njóta góðrar tónlistar í hádegishléi. Tónleikarnir eru í boði Hafnarborgar, sem þýðir að ekki þarf að greiða krónu í aðgangseyri. Öllum er opinn aðgangur á meðan húsrúm leyfir.



### EKKI MISSA AF…



… sýningum þeirra **Óskar Vilhjálmsdóttur** og **Ólafar Nordal** sem nú standa yfir í Listasafni ASÍ við Freyjugötu.

… myndlistarsýningu **Einars Þorlákssonar** sem nú stendur yfir í Kubbnum, sýningarrými Listaháskóla Íslands í Laugarnesi.

… djasskvartettinum **Skófílum** sem verður með tónleika í djassklúbbnum Múlanum á Hótel Borg annað kvöld.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**MÝRARLJÓS**
**„HREINASTI GULLMOLI“**
*Fréttablaðið, feb. 2005*

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
7. sýn. fim. 3/3 **örfá sæti laus**, 8. sýn. sun. 6/3 **nokkur sæti laus**, 9. sýn. lau. 12/3 **örfá sæti laus**, 10. sýn. lau. 19/3 **nokkur sæti laus**, 11. sýn. fim. 31/3.

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Fös. 4/3 **uppselt**, fös. 11/3 **uppselt**, fös. 18/3 **uppselt**, sun. 20/3 **60. sýning uppselt**, lau. 2/4 **uppselt**, sun. 3/4 **örfá sæti laus**, fim. 7/4, fös. 8/4 **örfá sæti laus**.

**ÖXIN OG JÖRÐIN** - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
Lau. 5/3 **nokkur sæti laus**, fim. 10/3, fim. 17/3.
**Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.**

**DÝRIN Í HÁLSASKÓGI** - *Thorbjörn Egner*
Sun. 6/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus**. **Allra síðasta sýning.**

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
**Frumsýning sun. 13/3 kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 20/3 kl. 14:00, sun. 3/4 14:00.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Fim. 3/3 **nokkur sæti laus**, sun. 6/3 **nokkur sæti laus**, lau. 12/3 **nokkur sæti laus**, lau. 19/3. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

**NÍTJÁNHUNDRUÐ** - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Fös. 4/3 **örfá sæti laus**, fös. 11/3 **nokkur sæti laus**. **Aðeins þessar tvær sýningar eftir.** Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**BÖNDIN Á MILLI OKKAR** - *Kristján Þórður Hrafnsson*
**Aukasýning fim. 3/3 örfá sæti laus. Allra síðasta sýning.**
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**


# Sálarfriður afhentur

„Þetta er ofboðslega hvetjandi, maður spýtir í lófana, brettir upp ermarnar og slakar á,“ segir Guðrún Eva Mínervudóttir, annar tveggja ungra rithöfunda sem hljóta þriggja ára starfslaun úr Launasjóði rithöfunda þetta árið. Í gær var skýrt frá því hverjir hlytu starfslaun úr launasjóðunum fjórum, það er Launasjóði rithöfunda, Launasjóði myndlistarmanna, Tónskáldasjóði og Listasjóði.

„Það er ekki hægt að vera annað en ánægður,“ segir Jón Kalman Stefánsson sem ásamt Guðrúnu Evu er í fyrsta sinn að fá þriggja ára starfslaun úthlutuð úr sjóðnum. „Svo er bara að reyna að vinna fyrir þessu.“

„Þetta munar öllu upp á starfsöryggið,“ segir Guðrún Eva. „Nú getur maður unnið mikið og verið stútfullur af sálarfrið í staðinn fyrir að vera alltaf með lífið í lúkunum.“

Auk þeirra tveggja hlýtur Pétur Gunnarsson þriggja ára laun úr Launasjóði rithöfunda. Aðrir listamenn sem hljóta þriggja ára laun í þessari úthlutun eru Þorkell Sigurbjörnsson tónskáld, sem hlýtur starfslaun úr Tónskáldasjóði, og Elín Ósk Óskarsdóttir söngkona sem hlýtur laun úr Listasjóði.

Starfslaun listamanna nema nú 201.204 krónum á mánuði.

Alls bárust úthlutunarnefndum listamannalauna 622 umsóknir um starfslaun listamanna þetta árið. Þar af bárust Launasjóði rithöfunda 158 umsóknir, Launasjóði myndlistarmanna 231 umsókn, Tónskáldasjóði 32 umsóknir og Listasjóði 201 umsókn, en þar af voru 60 umsóknir frá leikhópum.

Samtals fengu 57 rithöfundar starfslaun, þar af þrír sem fyrr segir í þrjú ár, níu í eitt ár, 35 í sex mánuði og 10 í þrjá mánuði.

Úr Launasjóði myndlistarmanna fengu fjórir starfslaun í tvö ár, tíu í eitt ár, 17 í sex mánuði og tveir hlutu ferðastyrk.

Úr Tónskáldasjóði hlutu samtals ellefu tónskáld starfslaun, þar af Þorkell Sigurbjörnsson sem fyrr segir í þrjú ár, þrjú tónskáld í eitt ár, sex í sex mánuði og loks hlýtur Ragnhildur Gísladóttir starfslaun úr sjóðnum í fjóra mánuði.

Úr Listasjóði hlutu loks 30 listamenn starfslaun og ferðastyrki, þar af fær Elín Ósk Óskarsdóttir sem fyrr segir starfslaun í eitt ár, Erna Ómarsdóttir dansari fær starfslaun í tvö ár, sex listamenn fá laun í eitt ár, tólf í sex mánuði, fimm í þrjá mánuði og fimm fá ferðastyrk.

Einnig fengu fimmtán leikhópar starfslaun í samtals 108 mánuði. ■



**GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR** Nú eru jólin hjá Guðrúnu Evu, Jóni Kalman og fjölmörgum öðrum listamönnum sem í gær fengu úthlutað starfslaunum úr ríkissjóði.

### LISTAMENN Á LAUNUM

Eftirtöldum listamönnum voru að þessu sinni veitt starfslaun í eitt eða fleiri ár.

**ÚR LAUNASJÓÐI RITHÖFUNDA:**
**3 ár (3):** Guðrún Eva Mínervudóttir, Jón Kalman Stefánsson, Pétur Gunnarsson.
**1 ár (9):** Andri Snær Magnason, Auður Jónsdóttir, Bragi Ólafsson, Einar Kárason, Kristín Marja Baldursdóttir, Kristín Steinsdóttir, Sigfús Bjartmarsson, Sigurður Pálsson, Steinar Bragi Guðmundsson.

**ÚR LAUNASJÓÐI MYNDLISTARMANNA:**
**2 ár (4):** Birgir Andrésson, Eygló Harðardóttir, Guðný Rósa Ingimarsdóttir, Haraldur Jónsson.
**1 ár (10):** Anna Hallin, Björk Guðnadóttir, Eirún Sigurðardóttir, Inga Svala Þórsdóttir, Jóhann Lúðvík Torfason, Jón Bergmann Kjartansson / Jón B.K. Ransu, Jóní Jónsdóttir, Magnús Pálsson, Margrét H. Blöndal, Sigrún Inga Hrólfsdóttir.

**ÚR TÓNSKÁLDASJÓÐI:**
**3 ár (1):** Þorkell Sigurbjörnsson
**1 ár (3):** Hilmar Þórðarson, Tryggvi M. Baldvinsson, Þuríður Jónsdóttir.

**ÚR LISTASJÓÐI:**
**3 ár (1):** Elín Ósk Óskarsdóttir
**2 ár (1):** Erna Ómarsdóttir
**1 ár (6):** Gunnar Guðbjörnsson, Gunnsteinn Ólafsson, Pétur Jónasson, Stefán Baldursson, Sverrir Guðjónsson, Þorgerður Ingólfsdóttir.


**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
**Frumsýning** Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20, Su 20/2 kl 20

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Fö 4/3 kl 20 - **UPPSELT,**
Lau 5/3 kl 20 - **UPPSELT,**
Su 13/3 kl 20 Fi 17/3 kl 20, Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**
**SÝNIR: OPEN SOURCE**
*eftir Helenu Jónsdóttur*
Fi 3/3 kl 20, Su 6/3 kl 20
***Aðeins þessar sýningar***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
***Sýningar halda áfram eftir páska.***

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Su 6/3 kl 14 ***Síðasta sýning***

**HOUDINI SNÝR AFTUR**
Fjölskyldusýning um páskana.
Forsala aðgöngumiða hafin.

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**
**- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI**
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Su 6/3 kl 20, Su 13/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20

**BELGÍSKA KONGÓ**
*e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki*
Fi 3/3 kl 20, Fö 4/3 kl 20, Lau 5/3 kl 20, Fi 10/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20
***Lokasýningar***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Su 6/3 kl 20 - Umræður á eftir
Su 13/3 kl 20 - ***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**AMERICAN DIPLOMACY**
*eftir Þorleif Örn Arnarsson.* Í samstarfi við Hið lifandi leikhús. Fi 3/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Lau 18/3 kl 20

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**
*eftir Agnar Jón Egilsson.* Í samstarfi við TÓBÍAS.
Í kvöld kl 20, Fi 10/3 kl 20, Fi 17/3 kl 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
**Frumsýning** Fö 4/3 kl 20 - **UPPSELT,**
Su 6/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Su 12/3 kl 20, Fö 18/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Lau 12/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

**15:15 TÓNLEIKAR**
*CAMMERARCTICA - Lau 5/3 kl 15:15*

**AUSA OG GUÐFRÆÐIN**
*- umræður - Pétur Pétursson prófessor, Sr. Guðný Hallgrímsdóttir prestur fatlaðra, Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur, Guðrún Ásmundsdóttir stjórnar umræðum.*
*Su 6/3 kl 20:50 - á eftir sýningu*

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga**











HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

Í kvöld 2/3
fös 4/3, umræður eftir sýningu
lau 5/3
sun 6/3

**Ath! Takmarkaður sýningarfjöldi**

Miðasala í síma 555 2222
eða á www.hhh.is


### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

27 28 1 **2** 3 4 5

**Miðvikudagur**

■ ■ **TÓNLEIKAR**

☐ 12.00 **Sesselja Kristjánsdóttir** messósópransöngkona og **Antonia Hevesi** píanóleikari flytja aríur eftir Bizet, Massenet, Offenbach og Rossini á hádegistónleikum í Hafnarborg í Hafnarfirði.

☐ 12.30 **Kristinn Árnason** leikur á gítar verk eftir Alonso Mudarra og John Dowland á Háskólatónleikum í Norræna húsinu.

☐ 21.00 **Hörður Torfason** er á tónleikaferðalagi um Norðurland og kemur í kvöld fram á Múlanum í Grímsey.

■ ■ **FYRIRLESTRAR**

☐ 12.00 **Sæunn Kjartansdóttir** fjallar um sálgreiningu og notagildi hennar í erindi sínu á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri, sem haldið verður í stofu L201 á Sólborg við Norðurslóð.

# Glæpir og refsing

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Grjótharðir**
Þjóðleikhúsið, Smíðaverkstæði

**Höfundur og leikstjóri:** Hávar Sigurjónsson. **Leikmynd og búningar:** Axel Hallkell. **Tónlist:** Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson. **Lýsing:** Ásmundur Karlsson. **Leikarar:** Atli Rafn Sigurðarson, Gísli Pétur Hinriksson, Hjalti Rögnvaldsson, Jóhann Sigurðarson, Pálmi Gestsson og Valdimar Örn Flygenring.

**NIÐURSTAÐA** : Allt var fremur fyrirsjáanlegt. Það sem vekur fyrst og fremst ánægju er að sjá hvað leikararnir vinna vel úr sínu.



**GRJÓTHARÐIR** Atli Rafn Sigurðarson og Pálmi Gestsson í hlutverkum sínum í Þjóðleikhúsinu.

Heimur fangelsisins hefur löngum þótt áhugaverður sem yrkisefni. Kvikmyndir sem gerast í fangelsum eru orðnar svo margar að vart verður tölu á komið. Það hafa hins vegar ekki verið skrifuð mörg íslensk leikrit sem gerast í fangelsi.

Hugmyndir hins löghlýðna borgara um fangavist eru á margan hátt litaðar af amerískum bíómyndaveruleika þó svo að þjóðsagan um lúxusdvölina á Litla-Hrauni sé nokkuð lífseig líka. Þegar öllu er á botninn hvolft þá veit enginn hvað fangavist er fyrr en hann hefur reynt. Að svipta menn frelsinu, sem er það dýrmætasta sem þeir eiga er vitanlega hörð refsing. Á Íslandi eru menn ekki settir í staðlaðan fangabúning þar sem sjálf hvers og eins er þurrkað út um leið og hann fær sitt ákveðna númer og er vistaður í viðeigandi álmu eftir eðlis afbrotsins. Menn halda sínum sérkennum, velja sér ígangsflíkur að eigin geðþótta og að því er virðist í þessu leikriti komast upp með að sýna samföngum sínum óvirðingu og lemja þá sundur og saman án þess að hljóta refsingu af neinu tagi fyrir vikið.

Eins og hugmyndin er nú góð og þörfin brýn fyrir að fjalla um glæpi, dómsmál og fangelsismál á Íslandi þá finnst mér synd að jafn reyndur og fær leikhúsmaður eins og Hávar skuli ekki nýta tækifærið betur í þessu verki. Vissulega eru mannlýsingar hans góðar og margt í sálarlífi persónanna afskaplega trúverðugt. Hins vegar voru innbyrðis tengingar fanganna fremur hæpnar þótt kannski megi segja að smæð samfélagsins þar sem allir þekkja jú alla sé til þess fallin að gera þær sennilegar.

Mér fannst verkið hins vegar líða fyrir ákveðinn skort á rás einhverra atburða. Að eitthvað væri sett í gang sem héldi verkinu gangandi og skapaði spennu hjá áhorfandanum. Allt var fremur fyrirsjáanlegt.

Það sem vekur fyrst og fremst ánægju er að sjá hvað leikararnir vinna vel úr sínu. Jóhann Sigurðarson íklæddist Jónasi og hreinlega „var“ þessi heillum horfni broddborgari að reyna að halda sjálfsvirðingunni. Gísli Pétur á hér glæsilegt debút á sviði Þjóðleikhússins. Maður vissi aldrei hverju hann tæki upp á næst og sömuleiðis Atli Rafn sem var frábær í hlutverki hins ofbeldisfulla og skemmda Kjartans. Fyrtinn, uppstökkur og fullur af gremju. Valdimar var í kunnuglegu hlutverki og passaði næstum of vel í hlutverkið til að hann þyrfti að hafa mikið fyrir því en engu að síður áreynslulaus og fínn leikur.

Pálma þáttur Gestssonar var einna erfiðastur. Hann var ekki fyrr mættur á svið þegar maður vissi upp á hár hvað hann hafði gert af sér. Kannski var það ákvörðun leikstjórans. Pálmi notaði líkamsholningu sem var alveg á mörkunum að vera kjánaleg og ég spurði sjálfan mig í sætinu hvort hann væri hér mættur með enn einn karakterinn úr Spaugstofugalleríinu en Pálmi er snjall leikari og vann sig út úr þessu eftir því sem leið á leikritið. Hann teflir djarft og má passa sig.

Hjalti Rögnvaldsson lék yfirvaldið á staðnum og satt best að segja var alveg á mörkunum að ég tryði því að persónan hefði það vald að skipa föngunum inn í klefa þegar þurfti. Hér hefði höfundurinn/leikstjórinn mátt undirbyggja betur.

En ágæt sýning þar sem testósterónið fær að flæða í einn og hálfan tíma. Það var góð ákvörðun að slíta ekki þetta verk í sundur með hléi. ■

☐ 12.15 **Ólafur Eggertsson**, jarðfræðingur á Rannsóknastöð Skógræktar á Mógilsá, flytur fræðsluerindi: „Fornskógur í Fljótshlíð, varð hann Kötlu að bráð?“, á Hrafnaþingi Náttúrufræðistofnunar, í sal Möguleikhússins á Hlemmi, Reykjavík.

☐ 13.15 Prófessor **Carlo Leifert** heldur fyrirlestur um umhverfis- og heilsufarsáhrif lífrænna ræktunaraðferða í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.




Nemendamótsnefnd Verzlunarskóla Íslands kynnir
WELCOME TO THE JUNGLE
e. Agnar Jón Egilsson
Sun. 6. Mars kl. 20:00 laus sæti
Fri. 8. Mars kl. 20:00 örfá sæti
Mið. 9. Mars kl. 20:00 laus sæti
Síðustu sýningar!
Pantanir í síma 552-3000 og á netinu á midi.is
www.welcometothejungle.is
Sýnt í Loftkastalanum



SÍÐUSTU SÝNINGAR
VODKAKÚRINN
Helga Braga — Steinn Ármann
AUSTURBÆR
Fös. 04/03 2005 kl: 20:00
Lau. 12/03 2005 kl: 20:00
Fös. 18/03 2005 kl: 20:00
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 Alla daga

Tenórinn
Sun. 6. mars kl. 20
Síðasta sýning
IÐNÓ
Miðasala í síma 562 9700
www.idno.is

Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir:
Ástandið
Sögur kvenna frá hernámsárunum
Sun. 6/3 kl. 14.00
Mið. 9/3 kl. 14.00 Uppselt
Sun. 13/3 kl. 14.00
Takmarkaður sýningarfjöldi

TOSCA
Landsbankinn
7. sýn. 4. mars kl. **20** – **Uppselt** – 8. sýn. 6. mars kl. **19** – **Uppselt**
9. sýn.12. mars kl. **19** – **Uppselt** – **Síðasta sýning**
AUKASÝNING: Mið. 2. mars kl. 20 – Örfá sæti laus
AUKASÝNING: Fim. 10. mars kl. 20 – Örfá sæti laus
Styrkt af Vinafélagi Íslensku óperunnar
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýningin hefst
Miðasala á netinu: www. opera.is
www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala frá kl. 10 virka daga.

www.gerduberg.is



Hvar er barnamenningin?
Málþing Barnamenningarsjóðs
í samstarfi við Gerðuberg og Samband íslenskra sve
Gerðubergi laugardaginn 5. mars kl. 9 - 16
Fyrirlestrar og málstofur: Kynnt verða skapandi verkefni
unnin hafa verið með börnum víðsvegar um landið se
verða uppspretta að nýjum hugmyndum, umræðum og aðg
Menntamálaráðuneytið styrkir málþingið.
Sjá dagskrá og upplýsingar um skráningu á www.gerduberg.is

ERUM FLUTT AÐ
LAUGAVEGI 182
2. HÆÐ
GARÐAR VALDIMARSSON hrl., lögg.end.
BJARNFREÐUR ÓLAFSSON hdl., ll.m
VALA VALTÝSDÓTTIR hdl.
BJARNVEIG EIRÍKSDÓTTIR hdl., ll.m, fulltrúi



TAXIS
LÖGMENN
Sími 555 6000 - Fax 555 6045 - tax@tax.is
www.tax.is








■ LEIKHÚS

# Connery og Dench kjörin best

Sean Connery og Judi Dench hafa verið kjörin bestu leikarar allra tíma í Bretlandi. Þetta kemur fram í niðurstöðum skoðanakönnunar sem sjónvarpsstöðin Sky gerði á dögunum.

**BESTU LEIKARAR:**

1. Sean Connery
2. Anthony Hopkins
3. Alec Guinness
4. Michael Caine
5. Laurence Olivier
5. Richard Burton
7. Cary Grant
8. John Mills
9. Richard Attenborough
10. Peter Sellers

**BESTU LEIKKONUR:**

1. Judi Dench
2. Julie Walters
3. Elizabeth Taylor
4. Helen Mirren
5. Julie Andrews
6. Maggie Smith
7. Thora Hird
7. Vanessa Redgrave
9. Kate Winslet
10. Emma Thompson

Þau hafa bæði farið með hlutverk í hinum gríðarvinsælu James Bond-myndum; Connery sem 007 en Dench sem M. Í næstu sætum á eftir Connery komu Anthony Hopkins, sem er þekktastur sem mannætan Hannibal Lecter, Alec Guinness og Michael Caine. Þær Julie Walters, Elizabeth Taylor og Helen Mirren voru næstar á eftir Dench. Alls tóku rúmlega 2.000 manns þátt í könnuninni. ■



**SEAN CONNERY** Skoski sjarmörinn var kjörinn besti leikari allra tíma í Bretlandi á dögunum.

■ SJÓNVARP

# Endalok NYPD Blue

Lögguþættirnir NYPD Blue hafa lokið göngu sinni hjá ABC-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum eftir tólf þáttaraðir. Í síðasta þættinum leitaði aðalpersónan geðstirða Andy Sipowich, sem er leikin af Dennis Franz, að morðingja vændiskonu.



**ANDY SIPOWICH** Dennis Franz í hlutverki lögreglumannsins geðstirða Andy Sipowich.

Franz var orðinn einn eftir af upphaflega leikaraliðinu í þáttunum, en á meðal mótleikara hans í gegnum tíðina voru David Caruso, Jimmy Smits og Kim Delaney. Ekki er vitað hvað tekur við hjá Dennis Franz eftir endalok NYPD Blue en væntanlega á hann ekki eftir að kvarta yfir atvinnuleysi. ■

















## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Duncan James** í hljómsveitinni Blue er orðinn pabbi. Fyrrverandi kærasta hans, Claire, fæddi stelpu sem hefur verið nefnd Tianie-Finn. Hljómsveitin neyddist fyrir stuttu til þess að hætta við sína síðustu tónleikaferð vegna veikinda Lee Ryan.



**Sex and the City stjarnan Cynthia Nixon** er flutt inn ásamt lesbískri ástkonu sinni. Nixon hætti með fyrrverandi kærasta sínum, Danny Mozes, í nóvember á síðasta ári og byrjaði með Christine Marinoni. Leikkonan hefur nú komið sér upp heimili í Brooklyn fyrir sig og börnin sín tvö, Samönthu og Charles. Persónan sem Nixon lék í Sex and the City flutti einnig til Brooklyn í lok þáttarins.



**Cate Blanchett** hefur sett hús sitt í Brighton á sölu. Leikkonan segist vilja flytja aftur til Ástralíu til þess að ala upp börn sín. Að sögn Blanchett vilja þau hjónin ala börnin sín upp í Ástralíu vegna þess að „í Ástralíu er hjarta þeirra“.











# VIÐ TÆKIÐ

## Mánaðamót í Betlihem

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** ER EKKI AFLÖGUFÆR ÞEGAR KEMUR AÐ FAGNAÐARERINDINU.

Ég kann ekki að stilla Digital Ísland afruglarann minn þannig að ég hef ekkert séð af Pétri, Audda og Sveppa eftir að þeir urðu Strákarnir og hurfu af PoppTíví yfir á Stöð 2. Þessir þrír Bakkabræður eru með skemmtilegri mönnum á öldum ljósvakans og missirinn væri umtalsverður ef ekki væri fyrir kristilegu sjónvarpsstöðina Ómega en þar koma reglulega fram þrír vitringar sem eru, ef eitthvað er, betri og fyndnari en vitleysingarnir þrír í Strákunum.

Eiríkur Sigurbjörnsson sjónvarpsstjóri Omega, Gunnar predikari í Krossinum og Guðlaugur, kassagítarleikari, Laufdal eru einlægari en Strákarnir í sprelli sínu og þegar þessir menn hefja upp raust sína á Ómega birtist leikhús fáránleikans í sinni tærustu mynd. Guðlaugur þreytist ekki á því að segja frá þegar hann klauf hvirfilbyl í Flórída innblásinn heilögum anda. Hann virðist trúa þessu sjálfur og í því liggur brandarinn fyrir áhorfendur. Gunnar er „performer“ af Guðs náð og þegar hann talar hlustar maður og hrífst með þó það sé hending að maður sé sammála honum. Eiríkur er svo aldrei betri en þegar hann áréttar það fyrir áhorfendum að þeir verði að láta fé af hendi rakna. Helst 100 þúsund kall á kjaft svo Ómega geti haldið áfram að endurvarpa fagnaðarerindinu á íslensku og ensku til arabalanda. Hann lætur þó aldrei fylgja sögunni hvernig fjölmargir áhorfendur í þeim heimshluta fá skilið það sem hann hefur fram að færa.



**GUÐLAUGUR LAUFDAL** Klýfur hvirfilbyli einn síns liðs en þarf á áhorfendum að halda til að saxa á skuldabaggann.

Þetta betl er að vísu hætt að vera fyndið og hefur verið átakanlegt síðustu dagana fyrir mánaðarmót þegar reikningarnir hlaðast upp og gjalddagarnir færast nær. Markhópur stöðvarinnar samanstendur af öldruðum og öryrkjum og það eru þeri sem Eiríkur brýnir til að borga undir grínið. Þegar þar er komið við sögu er tilgangurinn farinn að helga meðalið end afæst ekkert skrifað hjá Guði.



▶ **22.40** *Kappakstur*

**Formúla 1. Upphitunarþáttur fyrir keppnistímabilið í formúlu 1 kappakstri sem hefst í Ástralíu um helgina.**



▶ **21.45** *Lífsstíll*

**Supernanny. Ofurfóstran Jo Frost fer inn á heimili þar sem óþekki krakkar eru og siðar þá til.**



▶ **21.00** *Raunveruleiki*

**America's Next Top Model. Tyra Banks leitar að þriðju ofurfyrirsætu Bandaríkjanna með hjálp sérfræðinga úr tískubransanum.**

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (10:26) **18.23** Sígildar teiknimyndir (22:42)

**18.30 Líló og Stitch (21:28)** (Lilo & Stitch)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.00 Gettu betur (4:7)** Spurningakeppni framhaldsskólanna í beinni útsendingu. Í þessum síðasta þætti í átta liða úrslitum eigast við Menntaskólinn við Hamrahlíð og Borgarholtsskóli. Spyrill er Logi Bergmann Eiðsson, spurningahöfundur og dómari, Stefán Pálsson.
**21.00 Óp**
**21.25 Regnhlífarnar í New York (7:10)**
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Handboltakvöld**
▶ **22.40 Formúla 1** Upphitunarþáttur fyrir keppnistímabilið í formúlu 1 kappakstri sem hefst í Ástralíu um helgina. Umsjónarmaður er Gunnlaugur Rögnvaldsson.

**23.10** Carol Kaye **0.05** Mósaík **0.40** Kastljósið **1.00** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey (e) **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Two and a Half Men (e) **13.10** The Osbournes (e) **13.35** Whose Line is it Anyway **14.00** Idol – Stjörnuleit (e) **15.30** Idol – Stjörnuleit (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00 Strákarnir**
**20.30 American Idol 4 (14:42)**
**21.15 You Are What You Eat (7:8)**
▶ **21.45 Supernanny (2:3)** (Ofurfóstran) Nýr myndaflokkur um ofurfóstruna Jo Frost en hún lætur óþekka krakka ekki komast upp með neitt múður. Ofurfóstran bjargar fjölskyldum sem eru á barmi taugaáfalls vegna uppvöðslusamra barna.
**22.35 Oprah Winfrey** (Desperate Housewives) Gestir Opruh koma úr öllum stéttum þjóðfélagsins en fræga fólkinu þykir mikilsvert að koma fram í þættinum.

**23.20** Intimate Relations (Bönnuð börnum) **1.00** A League of Their Own **3.05** Fréttir og Ísland í dag **4.25** Ísland í bítið (e) **6.00** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**7.00** Everybody loves Raymond (e) **7.25** Allt í drasli (e) **7.30** Fólk – með Sirrý (e) **8.20** The Swan (e)

**17.45** Bingó (e)

**18.30 Innlit/útlit (e)**
**19.30 Malcolm In the Middle (e)**
**20.00 Fólk – með Sirrý** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllunum sínum um það sem hæst ber hverju sinni.
▶ **21.00 America's Next Top Model** Leitin að þriðju ofurfyrirsætunni er hafin og að þessu sinni keppa fjórtán gullfallegar stúlkur um hinn eftirsótta titil Næsta ofurfyrirsætan.
**22.00 Law & Order: SVU – nýr tími** Ungur drengur er myrtur og virðist hafa verið um einhverskonar helgisiði að ræða. Rannsókn leiðir í ljós að hann var eitt af mörgum börnum sem var smyglað frá Nígeríu og seld í þrældóm.
**22.45 Jay Leno**

**23.30** Queer Eye for the Straight Guy (e) **0.15** One Tree Hill (e) **1.00** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Robin Hood Men in Tights **8.00** James Dean **10.00** Boys and Girls **12.00** Best in Show **14.00** Married 2 Malcolm **16.00** James Dean **18.00** Boys and Girls **20.00** Married 2 Malcolm **22.00** Cheech and Chong's Next Movie (Strangl. b. b.) **0.00** Robin Hood Men in Tights **2.00** Hav Plenty (Strangl. b. b.) **4.00** Cheech and Chong's Next Movie (Strangl. b.b)

### OMEGA

**8.00** Ron P. **8.30** Ísrael í dag **9.30** T.D. Jakes **10.00** Joyce M. **10.30** Acts Full Gospel **11.00** Miðnæturhróp **11.30** Um trúna **12.00** Freddie F. **12.30** Billy G. **13.30** Í leit að vegi Drottins **14.00** Joyce M. **14.30** Blandað efni **16.00** Sherwood C. **16.30** Maríusystur **17.00** Miðnæturhróp **17.30** T.D. Jakes **18.00** Joyce M. **19.30** Ron P. **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorst. **21.30** Joyce M. **22.00** Ewald Frank **22.30** Joyce M.

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Aksjóntónlist **21.00** Níubíó. Pie in the Sky **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**13.30** Athletics: IAAF Indoor Meeting Karlsruhe **15.00** Tennis: WTA Tournament Dubai **18.00** Football: UEFA Champions League Classics **19.00** Football: UEFA Champions League Classics **20.00** Olympic Games: Olympic Magazine **20.30** Golf: U.S. P.G.A. Tour Chrysler Classic **21.30** All Sports: Wednesday Selection **21.45** Xtreme Sports: Winter X-games United States **22.45** News: Eurosportnews Report **23.00** Fight Sport: Fight Club

**BBC PRIME**
**12.00** EastEnders **12.30** Passport to the Sun **13.00** Search **13.15** Search **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Step Inside **14.40** Andy Pandy **14.45** The Story Makers **15.05** The Really Wild Show **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Location, Location, Location **19.30** Design Rules **20.00** Safe as Houses **21.00** We Got a New Life **22.00** Red Cap **22.50** Murder in Mind **23.45** Black Cab **0.00** Studies in Music: 1750 – 2000

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** The Death of Aryton Senna **12.30** Demolition Squad **13.00** Dogs with Jobs **13.30** Insects from Hell **14.00** Frontlines of Construction **15.00** Marine Machines **16.00** Gorilla Wild **17.00** Battlefront **18.00** The Eruption of Mount St Helens **18.30** Demolition Squad **19.00** Dogs with Jobs **19.30** Insects from Hell **20.00** Gorilla Wild **21.00** Frontlines of Construction **22.00** Marine Machines **23.00** Battlefront **23.30** Battlefront **0.00** Frontlines of Construction **1.00** Marine Machines

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Vets in Practice **12.30** Emergency Vets **13.00** Giant Monsters **15.00** Wildlife SOS **15.30** Aussie Animal Rescue **16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Growing Up... **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Giant Monsters **21.00** Emergency Vets **21.30** Hi-Tech Vets **22.00** Killing for a Living **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Vets in Practice

**DISCOVERY**
**12.00** Ultimate Ten **13.00** Building the Ultimate **13.30** Massive Machines **14.00** Extreme Machines **15.00** Super Structures **16.00** Reel Wars **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A 4X4 is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Industrial Revelations **21.00** The Reich Underground **22.00** Zero Hour **23.00** Forensic Detectives **0.00** Europe's Secret Armies

**MTV**
**12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Hit List UK **19.00** MTV Making the Movie **19.30** Making the Video **20.00** Punk'd **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** The Lick **23.00** Pimp My Ride **23.30** Dirty Sanchez **0.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Lisa Marie Presley Rise & Rise Of **21.00** Best of Elvis **21.30** Johnny Depp A-Z **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CLUB**
**12.20** Arresting Design **12.45** Famous Homes & Hideaways **13.10** Use Your Loaf **13.35** City Hospital **14.30** Matchmaker **15.00** Cheaters **15.45** Sizzle **16.10** Crimes of Fashion **16.35** Arresting Design **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** City Hospital **18.45** Crimes of Fashion **19.15** Arresting Design **19.40** The Roseanne Show **20.25** Cheaters **21.10** The Villa **22.00** Sex and the Settee **22.25** What Men Want **22.50** Sextacy

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! Entertainment Specials **15.00** E! News **15.30** MJ Project **16.00** E! Entertainment Specials **18.00** 101 Most Starlicious Makeovers **20.00** The Soup **20.30** Behind the Scenes **21.00** E! News **21.30** MJ Project **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** E! Entertainment Specials **0.00** MJ Project **1.00** 101 Most Starlicious Makeovers

**CARTOON NETWORK**
**12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

**JETIX**
**12.20** Gadget and the Gadgetinis **12.45** Black Hole High **13.10** Lizzie Mcguire **13.35** Braceface **14.00** Hamtaro **14.25** Moville Mysteries **14.50** Pokémon VI **15.15** Digimon I **15.40** Spider-Man **16.05** Sonic X **16.30** Totally Spies

**MGM**
**13.15** Masquerade **14.55** From Noon Till Three **16.35** Willy Milly **18.00** Straight Out of Brooklyn **19.25** Palais Royale **20.55** Vicious Lips **22.15** Kidnapped **23.55** Keaton's Cop **1.30** The Bikini Shop **3.10** Shake Hands with the Devil

**TCM**
**20.00** The Haunting **21.50** The Girl and the General **23.35** Shadow of the Thin Man **1.15** The Man Who Laughs **2.55** The Hill




## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**ÓP** *Sjónvarpið* **kl. 21.00**

### *Slagverk, pitsustjarna og götublöð*

***Krakkarnir í Ópi koma víða við í kvöld.***

Í þætti kvöldsins fer meðal annars fram trommusólókeppni Ópsins þar sem ungir og efnilegir slagverksleikarar etja kappi. Þátturinn hefur áður staðið fyrir slíkum tónlistaruppákomum þar sem önnur hljóðfæri eru í aðalhlutverki þannig að það verður spennandi að sjá efnilega trommara spreyta sig. Einnig verður rætt við færeysku Dominos-stjörnuna Ernst Olsen sem er orðinn teiknimyndafígúra í auglýsingum Dominos. Hann hefur slegið rækilega í gegn á Íslandi og hafa auglýsingar Dominos vakið mikla lukku. Að lokum verður rýnt í sjálfstæðu götublöðin Orðlaus, Reykjavík Grapevine og Vamm.



Ragnhildur Steinunn, Þóra og Kristján Ingi þáttarstjórnendur.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Perhaps you'll hear from me shortly. Something of... interest to your paper."**

**Svar:** Edmund Davey úr kvikmyndinni Men Are not Gods frá árinu 1936.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni með Sigmundi Erni Rúnarssyni og Sigurjóni M. Egilssyni. **13.00** Hrafnaþing með Ingva Hrafni Jónssyni.

**14.03** Er það svo með Ólafi B. Guðnasyni. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur. **17.59** Á kassanum með Illuga Jökulssyni.

**19.30** Endurtekin dagskrá dagsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Á þjóðlegum nótum **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Orð skulu standa **14.03** Útvarpssagan, Saga sonar míns **14.30** Miðdegistónar **15.03** Tónaljóð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.26** Spegillinn

**19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Þjóðbrók **20.15** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **22.15** Lestur Passíusálma **22.20** Styrjaldir – skemmtun og skelfing

**23.05** Fallegast á fóninn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.26** Spegillinn **20.00** Gettu betur **21.00** Konsert **22.10** Geymt en ekki gleymt

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið - Það besta úr vikunni **9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson (Íþróttir eitt) **16.00** Jói Jó

**18.30** Kvöldfréttir Stöðvar 2 og Bylgjunnar **19.30** Bjarni Ólafur Guðmundsson - Danspartí Bylgjunnar.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**09.03** Ólafur Hannibalsson **10.03** Símatími (Umsj. Arnþrúður Karlsd.) **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir

**12.25** Smáauglýsingar (Sími: 904-1994) **13.00** Íþróttafréttir **13.05** Á föstunni **14.03** Gústaf Níelsson **15:03** Óskar Bergsson

**16.03** Viðskiptaþátturinn: (Blaðamenn Viðskiptablaðsins) **17.05** Tölvur og tækni **18.00** Heil og Sæl **20.00** Endurflutningur

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **19.30**
**21.30**
*Íþróttir*

**Fótboltakvöld. Í kvöld er heil umferð á dagskrá í spænska boltanum og þá lýkur fimmtu umferð ensku bikarkeppninnar.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**18.15** David Letterman

**19.00 Heimsbikarinn á skíðum** Nýjustu fréttir af framgöngu skíðamanna á heimsbikarmótum.

▶ **19.30 Enski boltinn** (FA Cup 2005) Bein útsending frá 5. umferð bikarkeppninnar.

**21.30 Spænski boltinn** (La Liga) Útsending frá spænska boltanum. Stórleikur kvöldsins er tvímælalaust uppgjör nágrannaliðanna Barcelona og Espanyol. Börsungar hafa löngum verið aðalliðið í Katalóníu en Espanyol hefur komið skemmtilega á óvart í vetur og blandað sér í toppbaráttuna. Og með sama áframhaldi gæti Espanyol hæglega komist í Meistaradeildina næsta vetur. Af öðrum leikjum má nefna að Real Madrid tekur á móti Real Betis og Valencia mætir Sevilla á útivelli.

**23.10** Olíssport **23.40** David Letterman **0.25** Enski boltinn. Útsending frá 5. umferð bikarkeppninnar.

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **17.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið (e) **19.00** I Bet You Will **19.30** Idol Extra (e) **20.00** Game TV **20.30** Sjáðu **21.30** Animatrix **22.03** Jing Jang **22.40** Real World: San Diego

### HALLMARK

**12.00** Barbara Taylor Bradford's A Woman of Substance **13.45** Mrs. Santa Claus **15.15** Follow the River **17.00** Touched by an Angel **18.00** A Child's Cry For Help **19.30** Law & Order **20.15** Floating Away **22.00** Reversible Errors

### BBC FOOD

**12.00** Food Source New Zealand **12.30** Island Harvest **13.30** Ready Steady Cook **14.00** A Cook's Tour **14.30** Kitchen Takeover **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Gondola On the Murray **16.30** Ready Steady Cook **17.00** The Italian Kitchen **17.30** Rocco's Dolce Vita **18.00** Two Fat Ladies **18.30** Dinner in a Box **19.30** Ready Steady Cook **20.00** A Cook's Tour **20.30** Rick Stein's Taste of the Sea **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Friends for Dinner **22.30** Ready Steady Cook

### DR1

**12.00** Kunsten går i aktion **12.20** Da kunsten blev vred **12.35** Kan kunst ændre verden? **13.00** Snehvide – hvem er bange for kunsten? **13.50** Ryd op i dit liv **14.20** Bedre bolig **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Boogie **16.00** Trolddomsæsken **16.30** Junior **17.00** Det, der med b¢rn **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Nyhedsmagasinet **18.30** Rabatten **19.00** Nationen **19.20** DR Dokumentar – Hvide verden **20.00** TV Avisen **20.25** Profilen **20.50** SportNyt **21.00** Danish Music Awards 2005 **21.30** Jet-lag **22.50** OBS **22.55** Onsdags Lotto **23.00** Arbejdsliv **23.30** Boogie

### SV1

**12.10** Sixties **13.40** Air Bud – fotbollsfarsan **15.00** Rapport **15.05** Plus **15.35** Familjen Anderson **16.00** Sverige! **16.30** Krokodill **17.00** BoliBompa **17.01** Ella på två ställen **17.20** Kråkbegravningen **17.25** Skidskola **17.30** Corneil & Bernie **18.00** Barnen från Åkerstorp **18.30** Rapport **19.00** Packat & klart **19.30** Djurgalen **20.00** Sammandrag Oscarsgalan 2005 **21.30** Iggesundsgänget **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Saltön **23.20** Med mördarens ögon **0.15** Sändningar från SVT24


Nemendaleikhús JSB



EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun JSB 804-05

# Nemendasýning Jazzballettskóla Báru 2005:

## Lífið!

**Á stóra sviði Borgarleikhússins**
**12., 13. og 19. mars**

Vertu vitni að metnaðarfullu starfi ungs hæfileikafólks.
Láttu Lífið koma þér á óvart!

Miðasala hafin í Borgarleikhúsinu, sími 568 8000.

DANSRÆKT JSB Jazzballett



## HRÓSIÐ

*...fær herra Ólafur Ragnar Grímsson fyrir að beita sér í þágu rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar.*

## | 3 SPURÐIR |

**Eru Strákarnir á Stöð 2 að gera sig?**



**Má ekki gera svona**

Ég á þriggja ára strák sem er mjög áhugasamur um þennan þátt. Hann situr og horfir á þáttinn en hann hlær ekki heldur er þungt hugsi yfir þessu öllu saman. Sérstakan áhuga hafði hann á tómatsósubaðinu og sagði svo: „Það má ekki gera svona.“ Það er eiginlega það sem ég hef að segja um þennan þátt en mér þykja þetta skemmtilegir fýrar.

**Egill Helgason**



**Ekki síðri núna**

Já, mér finnst þeir alveg drepfyndnir og á hverju kvöldi samgleðst ég sonum mínum tveimur sem eru á áttunda ári. Þeir eru algerlega númer eitt á dagskránni hjá þeim. Mér finnst þeir alveg geggjaðir og alls ekki síðri eftir að þeir skiptu um stöð. Auðvitað velti ég því stundum fyrir mér hvort þeir séu góð fyrirmynd, en þeir taka það nú alltaf fram að fólk eigi ekki að vera að leika uppátæki þeirra eftir.

**Bryndís Hlöðversdóttir, þingkona Samfylkingarinnar.**



**Frábærir strákar**

Ég hef bara aldrei verið áskrifandi að Stöð tvö en mér finnst þetta frábærir strákar og ég hef fulla trú á þeim. Ég fylgdist alltaf með þeim á Popptíví og get ekki ímyndað mér annað en að það sem þeir eru að gera núna sé líka gott. Ég held að flest sem þeir taki sér fyrir hendur hljóti að skemmta landanum.

**Bryndís Loftsdóttir, vörustjóri íslenskra bóka hjá Pennanum.**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | ■ | 4 |
| 5 | | | ■ | 6 | |
| 7 | | ■ | 8 | | |
| | ■ | 9 | | | |
| 10 | 11 | ■ | 12 | | |
| 13 | | 14 | ■ | 15 | |
| 16 | | | 17 | ■ | |
| | ■ | 18 | | | |

**Lárétt:** **1** ástríðuvottur, **5** tíðum, **6** íþróttafélag, **7** tveir eins, **8** frostskemmd, **9** skrokkshluti, **10** komast, **12** flani, **13** sjó, **15** eftir miðnætti- enska, **16** tuldra, **18** traustur.
**Lóðrétt:** **1** smábóndi, **2** tíðum, **3** í röð, **4** karlmannsnafn, **6** skoða, **8** félag, **11** trjátegund, **14** gubbað, **17** rykkorn.

**Lausn.**

**Lárétt:** **1** koss, **5** oft, **6** ka, **7** tt, **8** kal, **9** lend, **10** ná, **12** ani, **13** glæ, **15** am, **16** umla, **18** trúr.
**Lóðrétt:** **1** kotungur, **2** oft, **3** st, **4** valdimar, **6** kanna, **8** kea, **11** álm, **14** ælt, **17** ar.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Omar Karami.
2. Fern.
3. Átta til tíu að meðaltali.








FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

**ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON** Hann er að leggja lokahönd á Eurovision-lagið sem Selma Björnsdóttir mun syngja í Kíev í maí.

Eurovision: Þorvaldur Bjarni að leggja lokahönd á framlag Íslands í söngvakeppni evrópska sjónvarpsstöðva

# Tregablandið stuðlag

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, lagahöfundur og upptökustjóri, er að leggja lokahönd á lagið sem verður framlag Íslands til söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í ár. Selma Björnsdóttir mun flytja lagið en það er tregablandið ástarlag og sungið á ensku. Heiti lagsins hefur ekki enn verið gefið upp.

„Ég og Vignir Snær úr Írafári fórum upp í sveit með kassagítara og kassettutæki og hömruðum okkur saman. Lagið er byggt á hugmynd Vignis sem við unnum síðan út frá,“ útskýrir Þorvaldur Bjarni um tilurð lagsins.

Þorvaldur Bjarni segir að lagið sé allt öðruvísi en All Out of Luck sem Selma söng í Ísrael árið 1999, þegar hún náði öðru sæti í Eurovision-keppninni. Hann lýsir nýja laginu sem melonkolísku eða tregablöndnu stuðlagi. „Þetta er allt öðruvísi lag en All Out of Luck. Það er öðruvísi melódía og ekki eins bjart – það kemur tregi á móti stuði.“

Þorvaldur Bjarni vill ekki meina að klassíska Eurovision-hækkun verði að finna í nýja laginu. „Það er eiginlega plathækkun í laginu. Það kemur spilakafli í miðju lagi og það verður ekki svona kórus sem hækkar í lokin eins og oft áður.“

Lagið verður sungið á ensku en textann við það vann Selma í samstarfi við Lindu Thompson, þekktan bandarískan texta- og lagahöfund sem hefur meðal annars samið lög fyrir heimsfræga flytjendur á borð við Celine Dion og Toni Braxton. „Textinn er með þessum trega sem er í laginu og fjallar um endurgoldna eða óendurgoldna ást,“ segir Þorvaldur Bjarni sem er á leið til London til að fullvinna lagið með upptökustjóranum Ash Howes.

Sjálft lagið verður frumflutt í þættinum Laugardagskvöld með Gísla Marteini 19. mars en sjálf Eurovision-keppnin fer fram í Kíev, höfuðborg Úkraínu, 19. maí.

kristjan@frettabladid.is






# Að temja sér ákveðna kurteisi

Það fengu margir sting í magann þegar Kristján Kristjánsson í Kastljósinu tilkynnti áhorfendum að hann væri farinn af skjánum, en sá skeleggi og hugumstóri sjónvarpsmaður verður í feðraorlofi þar til í haust.

Sigurður G. Valgeirsson, fyrrum dagskrárstjóri innlendrar dagskrárgerðar og ritstjóri Dagsljóssins, tekur við starfi Kristjáns í Kastljósinu. Hann segir starfið leggjast vel í sig enda spennandi að fylla sæti Kristjáns, þótt það sé vissulega vandfyllt.

„Mér finnst sjónvarpsvinna skemmtileg og hugsaði mér gott til glóðarinnar því maður er kominn á sextugsaldurinn og rykfellur ekki á meðan. Þetta er vitaskuld nostalgía líka og ekki síst áskorun að hlaupa inn á svona tímabundið.“

Þrátt fyrir mikla reynslu segir Sigurður tímann verða að leiða í ljós hvort hann hafi ryðgað í sjónvarpsmennskunni.

„Ef ég geri mistök hef ég ágætis reynslu í því líka, eins og allir sjónvarpsmenn. Það yrði allavega ekki í fyrsta skipti,“ segir hann hlæjandi og fullur tilhlökkunar. Segist meðvitaður um að hann fylli tómarúm grimmasta Kastljóssstjórnandans.

„En ég mun aldrei reyna að vera grimmur til þess eins að vera grimmur, eða þá grimmur eins og einhver annar. Maður verður að vera fylginn sér og temja sér ákveðna kurteisi því ef maður fer yfir strikið fær maður áhorfendur á móti sér, þótt maður hafi góðan málstað,“ segir Sigurður með staðfestu og tilbúinn í slaginn á fimmtudagskvöld.

thordis@frettabladid.is



**FJÖLMIÐLAMAÐURINN SIGURÐUR G. VALGEIRSSON** Tekur við sæti Kristjáns Kristjánssonar sem jafnan hefur verið óvægnasti spyrjandi Kastljóssins. Sigurður segir grimmd sína í spurningum verða að koma í ljós.



Ávaxtakarfan
Í AUSTURBÆ
Sýningar:
Sun 6.Mars kl.13:30 sæti laus
Sun 6.Mars kl.16:30 sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 alla daga
Söngleikur eftir: Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur og Þorvald Bjarna Þorvaldsson
Leikstjóri: Gunnar Ingi Gunnsteinsson • Ástrós Gunnarsdóttir • Hrafnhildur Stefánsdóttir
Búningahöfundur: María • Leikgervi: Kristín Thors og Fríða María
Lára Sveinsdóttir • Ingrid • Geirsson • Jón Ingi Hákonarson • Tinna • Einarsson
Jónsi • Birgitta Haukdal

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



event



Síðustu forvöð
að tryggja sér miða á atburð ársins!
**10 dagar** í sýningu
MIÐASALA: Skífan • Event.is • 575 1522
20% afsláttur á Pilobolus fyrir Vörðufélaga
Landsbankinn
Banki allra landsmanna




BAKÞANKAR
SIGURJÓNS M. EGILSSONAR

## Mjúkir skuggar

Það var fyrir tæpum tuttugu og fimm árum að ég sat heima hjá mér í Skarðshlíðinni á Akureyri. Nýorðinn pabbi í þriðja og síðasta sinn. Brunaliðið lék í útvarpinu. Svo tók þulurinn við og sagði að næst yrði leikið lag af nýrri plötu óþekkts manns, Bubba Morthens, en hann kannaðist ég við, höfðum átt heima í nágrenni hvor við annan og auk þess var hann bekkjarfélagi Egils bróður. Báðir gáfust þeir upp á námi áður en skyldunámið var á enda, úr báðum rættist vel. Lagið var Ísbjarnarblús, en platan hét sama nafni.

**ÞAÐ VAR SLEGIÐ** í og um leið og ég heyrði: „Við vélina hefur hún staðið síðan í gær," breyttist ekki bara ég. Líf mitt tók breytingum. Fann fyrir einhverskonar frelsi sem ég ekki þekkti áður. Kann ekki að lýsa tilfinningunni. Hún var góð. Ég spratt á fætur, ók á ólöglegum hraða inn í bæ og keypti Ísbjarnarblúsinn. Og spila hann enn. Einsog allar hinar plöturnar. Nánast daglega spila ég Bubba og fæ aldrei nóg.

**UPPI Á VERBÚÐ** blómstrar menningin, komið og þið munið sjá, slagsmál, ríðingar, fyllerí, segir á fyrstu plötunni. Þetta þekkti ég, hafði búið á verbúð og séð allt þetta sem Bubbi söng um. Reyndar meira, því maður var sviptur lífi einn veturinn, konum var nauðgað og á verbúðum voru sýnishorn af mörgu af því versta sem býr í mannskepnunni. Bubbi gat og getur sagt í fáum orðum það sem ég og aðrir ná ekki að gera, hvað sem við reynum.

**Á EINNI ÆVI** eru mörg líf sagði Tolli bróðir Bubba svo skemmtilega fyrir ekki löngu. Það er nefnilega það fallega við þetta allt saman. Ég bý ekki lengur á verbúð, maðurinn í næsta herbergi er ekki skorinn til ólífis, takmarkið er ekki lengur að vinna nógu mikið og detta íða. Það eru ekki lengur brotin loforð og Rosinn er bundinn við bryggju, vonandi um ókomna framtíð. Önnur gildi og betri hafa tekið við. Við sækjumst öll eftir öðru en við gerðum, það er annað líf á sömu ævi. „Það er sumar og sólin er gjafmild – situr hlæjandi í gulum kjól - ilmandi blóðberg svæfir hugann – ég bíð þín upp á grænum hól," orti Bubbi nýlega og hélt áfram. „Frá trjánum skríða mjúkir skuggar – skynja þeir líka þessi skil – að lífið er aðeins dagurinn í dag og dagurinn á morgun ekki til." Það er blessun að Bubbi Morthens hafi tryggingu fyrir að geta lifað fínu lífi af frábæru starfi og gera meira og meira. Ég bíð. ■




# Hvað langar þig að gera

## þegar þú hættir að vinna?

### Láttu draumana rætast með Lífsvali

Því fyrr sem þú hugar að framtíðinni þeim mun meiri eru möguleikarnir á að láta framtíðardraumana rætast. Lífsval, lífeyrissparnaður Sparisjóðsins er traust leið fyrir þig til að ná fjárhagslegu öryggi á efri árum. Þjónustufulltrúar Sparisjóðsins hjálpa þér við að velja hentuga ávöxtunarleið.

**Helstu kostir Lífsvals**
- Engin upphafsþóknun
- Góð ávöxtun
- Sparnaður greiddur við örorku
- Sveigjanleg starfslok
- Sömu lífsgæði á efri árum
- Sparnaðurinn erfist

SPARISJÓÐURINN
– *fyrir þig og þína*

www.spar.is



MEIRIHÁTTAR Heimabíókerfi

Pioneer

Ert þú að hlusta á þau?



49.900,-
3JA ÁRA ÁBYRGÐ

450W (6x75W) RMS •
Heimabíókerfi •
DVD-spilar öll kerfi •
Geislaspilari MP3/JPG •
Útvarp 30 stöðva minni •

PIONEER DCS-222
Heimabíókerfi






BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND
RADIONAUST Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000

Ljósboginn, Keflavík • Módel, Akranesi • Þristur, Ísafirði • Bókav. Þórarinns Stefánssonar, Húsavík • Geisli, Vestmannaeyjum • Árvirkinn, Selfossi